

**SKOÐUN** Ásbjörn Björgvinsson vill láta náttúruperlurnar njóta vafans. 34



**MENNING** Jónas Sen gerir upp klassíska tónlistarárið 2014 og er harla glaður. 44



**LÍFIÐ** Tólf ára sópransöngvari syngur á tvennum jólatónleikum. 70



**SPORT** Tíu íslenskir þjálfarar koma til greina sem næsti þjálfari West Wien. 60







# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

**Mánudagur**
22. desember 2014
300. tölublað 14. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup apríl-júní 2014


## FRÉTTIR



**Tífalt dýrara að bíða** Þegar komið er að illa förnu landi vegna jarðvegs- og gróðureyðingar er endurheimt þess margfalt dýrari aðgerð en sú að koma í tíma í veg fyrir skaðann. 18

**Erfitt að ná hræjunum** Tólf hestar liggja drukknaðir í ísilagðri Bessastaðatjörn. Um helgina uppgötvaðist að þeirra væri saknað. 2

**Ferðafrelsi skert** Fatlað fólk gagnrýnir nýjar verklagsreglur Ferðaþjónustu fatlaðra. 4

**Vilja auka neyslu ferðafólks** Auglýsingaverkefnið Ísland allt árið verður framlengt út árið 2016 undir merkjum Inspired by Iceland. 10




| | | | |
|---|---|---|---|
| Bolungarvík | 0° | NA | 16 |
| Akureyri | -1° | NA | 8 |
| Egilsstaðir | 1° | NA | 10 |
| Kirkjubæjarkl. | -2° | N | 8 |
| Reykjavík | 0° | NA | 8 |

**NA hvassviðri** NV-lands og snjókoma, en bjartviðri S og SV-til. Hiti um eða yfir frostmark við sjávarsíðuna en annars frost 1-5 stig. 4

## SÉRBLAÐ

Fólk




# Stjórnsýsluúttekt hafin á samningum ráðuneytis

Ríkisendurskoðun hefur ákveðið að hefja stjórnsýsluúttekt á samningum ríkisins við Rannsóknir og greiningu ehf. Forkönnun sögð gefa fullt tilefni til að skoða málin betur og kanna hvort gerðir samingar standist lög og reglur.

**STJÓRNSÝSLA** Ríkisendurskoðun hefur ákveðið að hefja stjórnsýsluúttekt á samstarfssamningum mennta- og menningarmálaráðuneytisins við rannsóknarfyrirtækið Rannsóknir og greining ehf. Telur Ríkisendurskoðun fullt erindi að kanna nánar hvernig málum er háttað með gerða samninga og hvort þeir standist lög og reglur. Forkönnun Ríkisendurskoðunar er nú lokið með þeirri niðurstöðu að kafa þurfi frekar ofan í samvinnu og samskipti ráðuneytisins við fyrirtækið.

Sjónum verður meðal annars beint að því ferli sem viðhaft var hjá ráðuneytinu þegar ákvörðun var tekin árið 1999 um að útvista þeim æskulýðsrannsóknum sem Rannsóknarstofnun uppeldis- og menntamála hafði sinnt fram að því. Þær rannsóknir runnu inn í einkahlutafélag án þess að aðrir gætu boðið í það verk eða keypt rannsóknarhlutann af menntamálaráðuneytinu.

Fréttablaðið greindi frá því þann 30. september að Rannsóknir og greining ehf. hefði frá árinu 2006 fengið yfir fimmtíu milljónir króna frá hinu opinbera í gegnum samning við menntamálaráðuneytið. Síðasti samningur við fyrirtækið var undirritaður 12. janúar 2009. Hann var af þeirri stærð að lög um opinber innkaup heimiluðu ekki samningagerð án þess að útboð hefði farið fram.

Kristín Kalmansdóttir, sviðsstjóri stjórnsýslusviðs Ríkisendurskoðunar, taldi fullt tilefni til að skoða umrædda samninga. Við aðalúttektina verður kannað hvort ákvarðanataka um framhald rannsóknanna var í samræmi við lög og reglur, þar á meðal lög um opinber innkaup. Þá verður sjónum beint að því hvort gætt hafi verið jafnræðis í styrkveitingum ráðuneytisins til málaflokksins og hvernig aðgengi að gögnum sem aflað er fyrir opinbert fé er háttað.

„Ríkisendurskoðun telur fullt tilefni til að taka umræddan samning til skoðunar. Samkvæmt 4. grein laga um opinber innkaup taka þau til samninga um fjárhagslegt endurgjald og hafa að markmiði framkvæmd verks, sölu vara eða veitingu þjónustu,“ sagði Kristín þann 30. september síðastliðinn. Stefnt er að því að Ríkisendurskoðun birti niðurstöður aðalúttektar í opinberri skýrslu til Alþingis í lok febrúar 2015. - sa


FRÉTTABLAÐIÐ
50 milljónir króna fram hjá lögum um opinber innkaup
Bannað að endurskoða vextina

**30.09.2014** Fréttablaðið sagði frá samningunum 30. september síðastliðinn.



**SKELKUÐ** Fjöldi manns heimsótti Jólaþorpið í Hafnarfirði um helgina og upplifði þar jólastemningu. Þeirra á meðal voru Ásdís Hulda og Þóra Arnórsdóttir, móðir hennar, en eitthvað virðist jólasveinninn hafa hrætt stúlkuna. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Erlenda plata ársins valin:

# Aphex Twin á bestu plötuna

**TÓNLIST** Syro með breska raftónlistarmanninum Aphex Twin er besta erlenda plata ársins að mati álitsgjafa Fréttablaðsins.



**APHEX TWIN**

Platan hlaut jafnmörg stig og Lost in the Dream með The War on Drugs en reglurnar eru þannig að platan sem er með fleiri tilnefningar kemst hærra á heildarlistanum. Syro hlaut fimm tilnefningar en Lost in the Dream hlaut fjórar og því fellur sigurinn í skaut Aphex Twin í ár. Skammt undan er St. Vincent með sína fjórðu plötu.

Athygli vekur að 59 plötur fengu atkvæði hjá álitsgjöfunum í ár og skiptust stigin því á ansi margar hendur.

- fb / sjá síður 48 og 49

Fyrirkomulag vínbúða ÁTVR styður ekki markmið aðalskipulags Reykjavíkur:

# Tæp 3% í göngufæri við vínbúð

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Rétt rúm 2,9 prósent íbúa Reykjavíkur búa í göngufæri við næstu vínbúð. Þetta kemur fram í umsögn umhverfis- og skipulagssviðs borgarinnar um tillögu sjálfstæðismanna þar sem lagt er til að borgarstjórn skori á Alþingi að samþykkja frumvarp um að áfengi megi selja í almennum verslunum.

Í borginni búa um 120 þúsund manns og af þeim um 3.500 í göngufæri við vínbúð.

„Áfengi er hluti af neysluvöru borgarbúa og ljóst að fáar og illa staðsettar áfengisverslanir ríkisins vinna gegn markmiði aðalskipulags, að umhverfi daglegrar verslunar borgarbúa verði hverfisvæddara,“ segir meðal annars í ályktunartillögunni sem borgarstjórn vísaði til umsagnar hjá umhverfis- og skipulagssviði.

Gönguferði er skilgreint sem fjögur hundruð metra fjarlægð frá áfangastað. - gar / sjá síðu 16



**VÍNHILLA** Líkast til fara fáir gangandi að sækja fljótandi veitingar í áramótafagnaðinn fram undan. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON










## SPURNING DAGSINS



Guðrún, er þessi bók að rokseljast?

**„Hann háttar ekki í kvöld hann Kári.“**

Bókin Veðurfræði Eyfellings hefur selst sífellt meira eftir því sem veðrið hefur versnað.

Brim olli skemmdum á gömlum verbúðum við Gufuskála á Snæfellsnesi:

# Telur að fornminjar hafi glatast

**VEÐUR** Óttast er að mikið tjón hafi orðið á fornminjum við Gufuskála vestast á Snæfellsnesi vegna óveðurs síðustu daga.

„Þetta lítur skelfilega út og útlit fyrir að mikið hafi eyðilagst,“ segir Linda Björk Pálsdóttir, fornleifafræðingur hjá Fornleifastofnun, í samtali við Skessuhorn. Sjór hafi skemmt talsvert af vegghleðslum og eytt jarðvegi á svæðinu.

Fornleifafræðingar frá Íslandi, Bandaríkjunum og Skotlandi grófu í verbúðunum í sumar og fundu margt merkilegra muna. Þeir elstu voru frá 15. öld. Óttast er að sjórinn hafi séð til þess að margar minjar hafi glatast.

„Í sumar komumst við niður á elstu minjarnar þar sem við vorum að grafa. Við höfðum þó ekki lokið greftri þar,“ segir Linda og óttast að margt hafi skolast í burtu. Að auki hafi verbúð, sem ekki var byrjað að grafa í, nær eyðilagst.

Linda gerir ráð fyrir að ferðast vestur eftir hátíðirnar og sjá þá með eigin augum hve mikið tjónið er. -jóe



**SKEMMDIR** Fornleifafræðingar grófu á svæðinu í sumar. MYND/ÞÓR MAGNÚSSON

Fjórir fluttir á slysadeild:

# Ökumaður fór yfir á rauðu

**SLYS** Harður árekstur varð á gatnamótum Kringlumýrarbrautar og Miklubrautar skömmu fyrir hádegi í gær.

Tveir bílar skullu saman og endaði annar þeirra ofan á vegriði. Grunur leikur á að ökumaður annars bílsins hafi ekið yfir á rauðu ljósi.

Sjúkrabílar og dælubíll slökkviliðsins fóru á vettvang. Fjórir farþegar voru fluttir á sjúkrahús til aðhlynningar en meiðsli þeirra voru ekki alvarleg. - jóe

# Erfitt að ná hestum upp úr tjörninni

Tólf hestar í beit á landi Hestamannafélagsins Sóta drukknuðu nýlega. Formaður Sóta segist ekki hafa séð neitt þessu líkt áður. Á meðal hestanna var verðlaunameri. Óvíst er hvernig staðið verður að því að ná hræjunum upp úr tjörninni.

**SLYS** Mikið tjón varð þegar tólf hestar drukknuðu í Bessastaðatjörn. Hestarnir höfðu allir verið í haustbeit á landi Hestamannafélagsins Sóta. Þeir fundust um hádegið í gær, eftir að hafa verið leitað frá því á laugardag.

Jóhann Kolbeins, formaður Sóta, telur að verðmæti hestanna sem drápust hlaupi á nokkrum milljónum króna. Í hópi hestanna var ung meri sem miklar væntingar voru gerðar til.

En það er ekki síst tilfinningalega tjónið sem er hvað mest.

„Það var nú ein stúlka þarna sem missti bæði hrossin sín, átti tvö hross. Þetta er náttúrulega bara alveg skelfilegt. Að missa þarna bestu vini sína. Það er erfitt að lýsa þessu,“ segir Jóhann í samtali við Fréttablaðið.

Jóhann segir að það hafi uppgötvast eftir hádegið á laugardag að hestarnir væru týndir. „Það fór fram smölun upp úr eitt í gær og þegar stóðið var komið í réttina þá kom í ljós að það vantaði hross. Þá var farið strax. Það fóru nokkrir á fjórhjólum og svo fótgangandi og akandi,“ segir Jóhann.

Ákveðið hafi verið að halda leitinni áfram við birtingu í gær. Þá hafi verið lögð áhersla á tjörnina. „Það var kannski það eina sem gat komið til greina,“ segir Jóhann. Þyrla Landhelgisgæslunnar var síðan að fara í æfingaflug og fékk veður af því að verið væri að leita að hestunum. Þyrlan flaug yfir svæðið og fann þá hestana.

Frosið hafði yfir hestana í gær og aðstæður til þess að ná þeim upp eru erfiðar. Björgunarsveitarmenn úr Hjálparsveit Garðabæjar skoðuðu aðstæður í gær. „Það á eftir að heyra frá þeim hvernig best er að standa að björgun,“ sagði Jóhann. Stjórn hestamannafélagsins fundaði með eigendum hestanna um það í gærkvöldi. Sjö hestanna voru í eigu hestaleigunnar Íshestar, en hinir hestanna voru í eigu einstaklinga.

Hin efnilega meri sem var í hópi þeirra hesta sem drápust var í eigu dóttur og tengdasonar Einars Bollasonar hjá Íshestum. Einar sagði í samtali við fréttavefinn Vísi í gær að áfallið væri mikið.

„Þau fengu risatilboð síðastliðið sumar sem þau höfnuðu. Þú getur rétt ímyndað þér tjónið sem þau verða fyrir.“

Einar sagði að sumir af þeim hestum sem drápust hefðu verið í eigu Íshesta í um fimmtán ár og tengslin við starfsfólkið því mikil. „Eins og ég sagði við mína starfsmenn þá má þakka guði fyrir að þetta eru ekki börnin okkar, en næsta skref við.“

jonhakon@frettabladid.is



**VIÐ BESSASTAÐATJÖRN** Björgunarsveitamenn úr Garðabæ könnuðu aðstæður á tjörninni í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**„Þetta er náttúrlega bara alveg skelfilegt. Að missa þarna bestu vini sína. Það er erfitt að lýsa þessu.“**

*Jóhann Kolbeins, formaður Hestamannafélagsins Sóta.*



**ÓSÁTTUR ALMENNINGUR** Greint var frá því að tuttugu manns hefðu verið handteknir í mótmælunum, en mörg hundruð þúsund tóku þátt í þeim. NORDICPHOTOS/AFP

Fullyrða að þrír hafi fallið og hundruð þúsunda farist:

# Fjöldi fólks mótmælti í Gabon

**GABON Stjórnarandstæðingar í afríska ríkinu Gabon fullyrða að þrír hafi fallið í mótmælum um helgina og hundruð þúsunda hafi særst. Þessar tölur hafa þó ekki verið staðfestar.**

**Stjórnarandstæðingar krefjast þess að forseti landsins, Ali Bongo Ondimba, láti af embætti. Forsetinn tók við embætti árið 2009 þegar Omar faðir hans lést, en sá eldri hafði setið í embætti frá 1967.** - jhh

Bætt í umdæmið fyrir austan:

# 10 milljónir til lögreglunnar

**STJÓRNSÝSLA** Lögregluumdæmið á Austurlandi verður styrkt um tíu milljónir króna í kjölfar úttektar á rekstrarforsendum embættisins. Þetta er gert eftir að lögregluembætti sveitarfélagsins Hornafjarðar var fært frá Austurlandi til Suðurlands.

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson frestaði flutningi lögregluembættisins á Höfn þangað til úttekt hefði farið fram á rekstrarforsendum lögreglunnar á Austurlandi. Í kjölfar úttektarinnar ákvað nýr innanríkisráðherra að taka af skarið, flytja lögregluna á Höfn suður og bæta við tíu milljónum í lögregluna á Austurlandi. - sa

Tölvuárásir hafa afleiðingar:

# Skemmdarverk en ekki árás

**BANDARÍKIN** Bandaríkjastjórn íhugar að setja Norður-Kóreu aftur á lista yfir ríki sem styðja hryðjuverk í kjölfar þess að þarlendir tölvuþrjótar réðust á tölvukerfi Sony vegna myndarinnar The Interview. Í myndinni er Kim Jong-Un, forseti Norður-Kóreu, ráðinn af dögunum.

„Þetta voru skemmdarverk en ekki stríðsyfirlýsing,“ segir Barack Obama Bandaríkjaforseti. Andstæðingar hans segja ekki nógu djúpt í árinni tekið.

Hætt hefur verið við sýningu myndarinnar en forráðamenn Sony hafa gefið út að þeir vilji koma henni í dreifingu. - skó, jóe


Beltone First™

Snjallara heyrnartæki



Nýja Beltone First™ heyrnartækið tengist þráðlaust beint í **iPhone**, **iPad** og **iPod touch**. Komdu og prófaðu, það er engu líkt!

heyrnarstodin.is

HEYRNARSTÖÐIN

Beltone First gengur með iPhone 5s, iPhone 5c, iPhone 5, iPad Air, iPad (4. kynslóð), iPad mini með Retina, iPad mini og iPod touch (5. kynslóð) með iOS eða nýrra stýrikerfi. Apple, iPhone, iPad og iPod touch eru vörumerki sem tilheyra Apple Inc, skráð í Bandaríkjunum og öðrum löndum.


Fyrrverandi ráðherra og formaður fjárlaganefndar segja eitt þrep æskilegast:

# Sammála um virðisaukaskatt

**EFNAHAGSMÁL** Bæði Oddný G. Harðardóttir, fyrrverandi fjármálaráðherra, og Vigdís Hauksdóttir, formaður fjárlaganefndar Alþingis, taka undir þá skoðun Alþjóðagjaldeyrissjóðsins að best væri að hafa eitt virðisaukaskattsþrep. Neðra skattþrepið verður hækkað úr 7 í 11 prósent um áramótin og það efsta lækkað úr 25,5 prósentum í 24.

„Þetta þarf að skoða í samhengi. Núna voru t.d. nauðsynjar hækkaðar og þá þurfum við að lækka einhverjar nauðsynjar á móti. Þannig að það er ekki hægt að gera breytingar á virðisaukaskattskerfinu án þess að gera breytingar á móti sem jafna lífskjörin í landinu,“ segir Oddný. Persónulega teldi hún æskilegt að hafa eitt virðisaukaskattsþrep.

Vigdís Hauksdóttir segir ekkert nýtt að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn mæli með einu þrepi og það mætti vera skilvirkara.

„Þannig að það er verið að því í fjármálaráðuneytinu núna að endurskoða lögin um virðisaukaskattinn og reyna þá að stoppa í þann leka sem virðist vera út úr kerfinu,“ segir Vigdís og bætir við að hún sé hlynnt einu þrepi. - hmp, jhh



**Á ALÞINGI** Oddný segir að þegar skattar á nauðsynjar séu hækkaðar þurfi að lækka skatta á nauðsynjar á móti. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

**2.000 kr.**
eða
**2 GB**
í 12 mánuði



**iPhone 6 Plus** 16GB

**129.990 kr.** stgr.

**iPhone 6 Plus** 64 GB
Allir litir: **149.990 kr.** stgr.

**2.000 kr.**
eða
**2 GB**
í 6 mánuði



**iPhone 6** 16GB

**119.990 kr.** stgr.

**iPhone 6** 64 GB
Space Gray: **134.990 kr.** stgr.

# IPHONE Í NOVA PAKKANN



**Apple TV 3**

**15.990 kr.** stgr.

**1.000 kr.**
eða
**500 MB**
í 6 mánuði



**iPhone 5c** 8GB

**69.990 kr.** stgr.

**4.290 kr.** /18 mán.

**1.000 kr.**
eða
**500 MB**
í 12 mánuði



**iPhone 5s** 16GB

**99.990 kr.** stgr.

**5.990 kr.** /18 mán.

**Stærsti skemmtistaður í heimi!**

NOVA

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, á Selfossi og á Glerártorgi Akureyri
Þjónustuver 519 1919 | **www.nova.is** | Facebook | Twitter

Mánaðarleg afborgun greidd með kreditkorti + 325 kr./mán. greiðslugjald. Nánar á nova.is.

## SVONA ERUM VIÐ



**166 færri hjónavígslur voru á Íslandi árið 2011**

**en fjörutíu árum fyrr, árið 1971.**

Árið 1971 voru hjónavígslurnar 1.624 talsins en árið 2011 hafði þeim fækkað niður í 1.458.

Forstjóri Samherja segir fyrirtækið eiga töluvert af fiskbirgðum sem selja á inn á Rússlandsmarkað:

# Líkir ástandinu í Rússlandi við hrunið hér

**SJÁVARÚTVEGUR** „Að sjálfsögðu er þetta ástand í Rússlandi ekki ósvipað og var hér á Íslandi í október 2008 og þetta hefur verið og verður áfram gríðarlega mikilvægur markaður fyrir okkur,“ segir Þorsteinn Már Baldvinsson, forstjóri sjávarútvegsfyrirtækisins Samherja.

Efnahagsástandið í Rússlandi hefur haft áhrif á útflutning Samherja á sjávarafurðum til landsins. Eins og kom fram í Fréttablaðinu síðasta miðvikudag þá hafa stórir fiskútflytjendur stöðvað útflutning sinn til Rússlands í kjölfar falls rúblunnar. Fyrirtæki þar í landi skulda íslenskum útflytjendum á bilinu þrjá til fimm milljarða króna fyrir uppsjávarfisk sem þau hafa þegar fengið afhentan.

Samherji sendi að sögn Þorsteins flutningaskip til Rússlands fyrir um tíu dögum, sem er væntanlegt þangað í byrjun næstu viku. Spurður hvort hann sé vongóður um að fyrirtækið fái útistandandi skuldir greiddar, segir Þorsteinn:

„Við erum, öll þessi fyrirtæki, í þessari stöðu og þetta er erfitt. En eins og ég segi þá erum við með flutningaskip sem kemur til Rússlands í næstu viku. Það er hins vegar minna magn en áætlanir gera ráð fyrir og þetta gengur allt hægar […] Aðstæður eru mjög erfiðar þarna, því er ekki að neita.“

Þorsteinn segir fyrirtækið eiga „töluvert“ af fiskbirgðum sem selja á inn á Rússlandsmarkað. - hg



**FORSTJÓRINN** Þorsteinn Már Baldvinsson segir starfsmenn Samherja hafa farið til Rússlands í síðustu viku til að ræða við viðskiptavini fyrirtækisins og fylgjast með ástandinu þar í landi.



**LÖGREGLAN** Ekki hefur verið gefið upp hvert banamein barnanna var. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Móðir sjö af átta ákærð:

## Ákært vegna barnamorðs

**ÁSTRALÍA, AP** Mersane Warria, 37 ára gömul kona, hefur verið ákærð fyrir að myrða átta börn, fjóra drengi og jafnmargar stúlkur. Sjö voru hennar eigin, en ein frænka hennar. Warria var birt stefnan á sjúkrahúsi þar sem hún liggur vegna stungusára.

Tvítugur sonur konunnar hringdi á lögreglu eftir að hann kom heim og sá særða móður sína. Lögregla fann svo börnin, sem voru tveggja til fjórtán ára, látin á staðnum. Dánarorsök þeirra hefur ekki verið gefin út en talið er að hluti hafi látist af stungusárum en önnur vegna súrefnisskorts. - jóe

## SVEITARSTJÓRNARMÁL

### Sundhallarlaug samþykkt

Byggingarfulltrúi hefur gefið út leyfi fyrir nýrri 25 metra útisundlaug ásamt heitum pottum, rennibraut, vaðlaug og viðbyggingu við Sundhöll Reykjavíkur á Barónsstíg.

## ÁRÉTTING

Vegna fréttar um rannsóknir á andlegum vanda barna á Norðurlöndum í helgarblaði Fréttablaðsins er áréttað að íslensk börn glíma ekki við minni andlegan vanda en börn í hinum Norðurlöndunum. Hann er bara ekki eins sterkt tengdur við fjárhagslega erfiðleika foreldranna.

# Nýjar reglur ferðaþjónustu fatlaðra skerða ferðafrelsið

Fatlaðir einstaklingar gagnrýna nýjar verklagsreglur við ferðaþjónustu fatlaðra. Ákvæði um hámarksferðir í mánuði mismuna fötluðum að þeirra mati. Eftir áttatíu ferðir í mánuði þarf fatlaður að bíða til mánaðamóta.

**SAMGÖNGUR** Nýjar reglur um ferðaþjónustu fatlaðra á höfuðborgarsvæðinu hafa sætt mikilli gagnrýni. Fatlaðir vilja meina að reglurnar, sem taka eiga gildi 1. janúar næstkomandi, gangi gegn sáttmála Sameinuðu þjóðanna um ferlimál einstaklinga.

Reglurnar eru á þá leið að fatlaðir sem nýta sér ferðaþjónustu fatlaðra greiða 175 krónur fyrir hverja ferð upp að sextíu ferðum á mánuði. Fyrir ferðir 61-80 greiða fatlaðir 1.100 krónur fyrir hverja ferð. 80 ferðir á mánuði er hámarksfjöldi ferða á mánuði og þurfa því fatlaðir sem fara upp að því marki að bíða til næstu mánaðamóta til að geta nýtt sér þjónustuna aftur.

Orðrétt segir að „fjöldi ferða í heild skal ekki fara yfir 60 ferðir á mánuði. Þjónustumiðstöðvum er þó heimilt að veita fleiri ferðir til þeirra notenda sem eru, auk þess að stunda vinnu eða skóla, í mikilli virkni, svo sem íþróttum eða skipulögðu félagsstarfi. Um er að ræða að hámarki 20 ferðir og getur því hámark ferða aldrei verið hærra en 80 ferðir á mánuði.“ Þessar reglur munu taka gildi í öllum stóru sveitarfélögunum á höfuðborgarsvæðinu utan Kópavogs.

Bergur Þorri Benjamínsson, málefnafulltrúi Sjálfsbjargar, gagnrýnir þessa tilhögun harðlega. „Mér finnst þetta ekki boðlegt. Gjaldskráin er þannig sett upp að ferðir eru niðurgreiddar upp að vissu marki. Það að hækka gjaldið svona gríðarlega fyrir síðustu tuttugu ferðir mánaðarins er aðeins til þess að ná peningunum til baka af okkur. Það að hækka gjaldið úr 175 krónur í 1.100 krónur á einu bretti er of bratt að okkar mati,“ segir Bergur.



**FERÐAÞJÓNUSTA FATLAÐRA** Hámarksfjöldi er settur á ferðir fatlaðra í hverjum mánuði. Fatlaðir telja það fela í sér mismunun.



**BERGUR ÞORRI BENJAMÍNSSON**

Andri Valgeirsson háskólanemi er einn þeirra sem nýtir sér ferðaþjónustu fatlaðra í hverjum mánuði og er hann einn þeirra sem notar fleiri en áttatíu ferðir á mánuði. „Þessar reglur koma mér alveg hrikalega illa. Hver ferð í skólann er í raun tvær ferðir, að heiman og heim aftur. síðan bætast ofan á ferðir í sjúkraþjálfun og annað. Það er því alveg klárt að ég mun áfram þurfa að nýta mér fleiri ferðir en 80 í mánuði,“ segir Andri.



**ANDRI VALGEIRSSON**

Hann þarf því að velja og hafna ferðum eftir áramót. „Það segir sig sjálft að ég þarf á næsta ári að velja og hafna ferðum sem setur mig í erfiða stöðu. Ég hef verið að velta þessu fyrir mér síðustu dagana og tel þetta vera hreina mismunun. Almenningssamgöngur fyrir fullfrískt fólk bera ekki hámarksferðir. Af hverju ætti að vera þak á fjölda ferða fyrir okkur fatlaða?“

Bergur Þorri segir engin rök sem styðja það að sett sé þak á heildarfjölda ferða fatlaðra. „Meðalfjöldi ferða þeirra sem nota þjónustuna eru í kringum 20 ferðir. Örfáir einstaklingar fara yfir áttatíu ferðir. Þegar fatlaðir eru hvort sem er rukkaðir upp í topp, þá skil ég ekki þessa hugmynd um að setja þak á ferðirnar okkar. Það á að gefa fötluðum rétt á að ferðast á þann hátt sem það vill þegar það vill. Með því að setja þak á fjölda ferða er verið að gefa sáttmálanum langt nef.“ sveinn@frettabladid.is




## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 16° | Friedrichshafen | 8° | New York | 6° |
| Aþena | 11° | Gautaborg | 8° | Orlando | 23° |
| Basel | 7° | Kaupmannahöfn | 8° | Ósló | 1° |
| Berlín | 10° | Las Palmas | 22° | París | 11° |
| Billund | 9° | London | 13° | San Francisco | 17° |
| Frankfurt | 9° | Mallorca | 17° | Stokkhólmur | 2° |




**Á MORGUN**
NA-læg 5-13 m/s




**AÐFANGADAGUR**
Fremur hæg austlæg eða breytileg átt.

**STÍF NA-ÁTT Á LANDINU Í DAG** og snjókoma eða él á N-helmingi landsins. Á morgun verður öllu skaplegra veður, hægari vindur en það fer kólnandi. Bjartviðri verður um S-vert landið í dag og á morgun. Frost 1-15 stig á aðfangadag og hægviðri.



**Vordís Eiríksdóttir**
veðurfréttamaður

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal jonl@frettabladid.is **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is
**FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Kolbeinn Kolbeinsson kkolbeins@365.is,
**FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is

# LEIKTU ÞÉR UM JÓLIN

79 CM!



Spiderman 79 cm
7.999kr
vnr. 923516

HELDURÐU AÐ ÞÚ VITIR BETUR?





Vinsælasta spurningaspil Skandinavíu nú í íslenskri útgáfu!

## Bezzerwizzer

3000 spurningar samdar og staðfærðar fyrir íslenskan markað. Hver er mesti Bezzerwizzerinn?
Aldur: 15+ Leikmenn: 2+

vnr. 922076 7.990kr




## Mastermind

2.999kr
vnr. 681188




## Latabæjarspilið

5.489kr
vnr. 925361

STAR WARS

Star Wars Class II
Attack Vehicle, 3 tegundir
5.999kr
vnr. 928253




my little Pony



Equestria dúkka
m. fatnaði og fylgihl.
5.999kr
vnr. 928244

Littlest PetShop



Playroom Style sett
3.999kr
vnr. 928264



EINFALT AÐ
SKILA EÐA SKIPTA

Skilamiði
Þessi vara er keypt í Hagkaup og fæst skilað eða skipt.
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Íslensk kona var handtekin í Hollandi fyrir smygl. Hvaða eiturlyfi smyglaði hún?
**2.** Gísli Rafn Óskarsson starfar fyrir alþjóðleg hjálparsamtök. Hvað heita þau?
**3.** Við hvaða erlenda plötufyrirtæki gerði hljómsveitin Kaleo útgáfusamning?

**SVÖR**
1. MDMA 2. NetHope 3. Atlantic Records

Lambakjöt nýtur meiri vinsælda á aðfangadag hjá stuðningsmönnum Framsóknarflokksins en öðrum:

# Hamborgarhryggurinn enn langvinsælastur

**MENNING** Um helmingur landsmanna ætlar að borða hamborgarhrygg í aðalrétt á aðfangadag samkvæmt nýrri könnun MMR. Aðrir algengir aðalréttir eru lambakjöt, rjúpur og kalkúnn.

Alls 50,4 prósent aðspurðra sögðust ætla að borða hamborgarhrygg, 8,7 prósent rjúpur og 8,5 prósent kalkún. Svínakjöt, annað en hamborgarhryggur, verður á borðum 4,5 prósenta aðspurðra en 17,2 prósent sögðust ætla að borða eitthvað annað en fyrrgreinda kosti.

MMR kannaði einnig hvað fólk ætlar að borða eftir aldri, búsetu og stuðningi við stjórnmálaflokka.

„Þeir sem tilheyrðu aldurshópnum 50-67 ára borða síður hamborgarhrygg á aðfangadagskvöld en aðrir hópar. Þeir sem tilheyrðu aldurshópnum 50-67 ára voru hins vegar líklegri til að borða lambakjöt en aðrir,“ segir í tilkynningu MMR.

Samkvæmt könnuninni borða íbúar á landsbyggðinni frekar lambakjöt á aðfangadag en íbúar höfuðborgarsvæðisins. Hamborgarhryggur er þó vinsælastur hjá báðum hópum.

„Lambakjöt nýtur meiri vinsælda sem aðalréttur á aðfangadag á meðal stuðningsfólks Framsóknarflokksins en stuðningsfólks annarra flokka. Stuðningsfólk Vinstri-grænna sagðist frekar ætla að borða rjúpur sem aðalrétt á aðfangadag en stuðningsfólk annarra flokka.“ - hg



**JÓLABORÐ** Samkvæmt könnuninni er hamborgarhryggur vinsælastur hjá þeim sem eru með 400-599 þúsund krónur í heimilistekjur á mánuði.



**VERÐLAUNAÐIR** Hluti starfsmanna prentsviðs Advania. MYND/ADVANIA

Valið Samstarfsfélagi ársins:

## Viðurkenning fyrir Advania

**VIÐSKIPTI** Bandaríska prentarafyrirtækið Xerox hefur valið Advania sem Samstarfsfélaga ársins 2014 (Partner of the year). Aðeins eru þrjú ár síðan Advania og Xerox hófu samstarf.

Nokkrar ástæður eru gefnar fyrir því að Advania hlaut þennan titil. Frammistaða fyrirtækisins fór langt fram úr því sem vonast hafði verið eftir auk þess að hafa fundið eigin lausnir á þeim verkefnum sem fyrirtækið stendur frammi fyrir. Advania hefur einnig stefnt að því að verða leiðandi í hérlendum prentlausnum. - jóe

Persónuafsláttur óbreyttur:

## Tekjuskattþrep eru áfram þrjú

**SKATTAR** Persónuafsláttur einstaklinga hækkar um 0,8 prósent fyrir árið 2015 eða um 404 krónur á mánuði. Skattleysismörk verða 142.153 krónur að teknu tilliti til fjögurra prósenta lögbundinnar iðgjaldsgreiðslu launþega.

Fram kemur hjá fjármálaráðuneytinu að tekjuskattur verður áfram lagður á í þremur þrepum. Á fyrsta þrepinu, launum upp að 309 þúsund krónum á mánuði, er lagður á 22,86 prósenta skattur. Af næstu 527 þúsund krónum eru reiknuð 25,3 prósent og 31,8 af efsta þrepinu. Við bætist svo útsvarsprósenta sveitarfélaga. - sa

# Barack Obama fordæmdi morð á lögreglumönnum

Tveir lögreglumenn í New York voru myrtir á laugardagskvöld. Málið vekur óhug vestra. Obama forseti segir að lögreglumenn, sem hætti lífinu fyrir öryggi borgaranna, eigi að njóta virðingar hjá almenningi í hvívetna.

**BANDARÍKIN** Tveir lögreglumenn voru skotnir til bana við skyldustörf í New York á laugardagskvöld. Barack Obama, forseti Bandaríkjanna, fordæmdi í gær morðið á lögreglumönnunum.

Obama sagði að lögreglumennirnir myndu ekki eiga afturkvæmt til ástvina sinna „og það er með engu móti hægt að réttlæta það,“ sagði hann.

Talið er að mennirnir hafi verið skotnir einungis vegna þess að þeir voru einkennisklæddir í lögreglubúningum. Byssumaðurinn hafði nokkru áður birt hatursummæli um lögregluna á netinu.

Í yfirlýsingu sinni sagði Obama: „Ég fordæmi morðin á lögreglumönnunum í New York-borg. Lögreglumenn sem þjóna og vernda samfélag okkar stefna sér í hættu fyrir okkur á hverjum einasta degi og verðskulda virðingu okkar og þakklæti,“ sagði Obama, en forsetinn er nú í fríi á Havaí.

Byssumaðurinn heitir Ismaaiyl Brinsley og er 28 ára gamall. Hann hafði birt skilaboð á samfélagsmiðlum um að hann hygðist myrða lögreglumenn í hefndarskyni fyrir Eric Garner, svartan mann sem féll þegar lögreglumenn reyndu að handtaka hann fyrir að selja sígarettur í New York.

Fyrr í mánuðinum ákvað dómstóll að ekki yrðu gefnar út ákærur vegna mannsins. Í nóvember ákvað dómstóll einnig að ekki yrðu gefnar út ákærur á hendur hvítum lögreglumanni sem skaut Michael Brown, óvopnaðan 18 ára ungling, til bana í Ferguson í Missouri.

Bill Bratton, lögreglustjóri í New York, sagði í yfirlýsingu vegna atviksins að mennirnir hefðu verið skotnir fyrirvaralaust. „Þeir voru einfaldlega teknir af lífi. Þeir voru valdir vegna einkennisbúninganna þeirra og vegna þess að þeir kusu að gegna því hlutverki að halda borginni öruggri,“ sagði Bratton. Eftir að hafa myrt lögreglumennina hljóp byssumaðurinn að neðanjarðarlestarstöð þar sem hann svipti sig lífi. Lögreglustjórinn segir að áður en Brinsely myrti lögreglumennina hafi hann ráðist að fyrrverandi unnustu sinni í Baltimore og sært hana.

Bill de Blasio, borgarstjóri í New York, hvatti alla þá sem sjá einhvers konar hótanir á samfélagsmiðlunum til þess að tilkynna slíkar hótanir til lögreglu.

Lögreglumenn voru síðast myrtir í New York árið 2011.

jonhakon@frettabladid.is



**WILLIAM J. BRATTON** Lögreglustjórinn í New York segir að lögreglumennirnir hafi verið teknir af lífi. Hér sést Bratton með Bill de Blasio borgarstjóra á blaðamannafundi. NORDICPHOTOS/AFP

### Fjölskylda Browns hafnar öllu ofbeldi

Fjölskylda Michaels Brown, sem féll fyrir hendi lögreglumanna, fordæmdi árásina á lögreglumennina tvo um helgina. „Við höfnum öllu ofbeldi gagnvart lögreglumönnum. Slíkt er ekki hægt að líða. Við verðum að vinna saman að því að stilla til friðar í samfélaginu,“ sagði í yfirlýsingu frá fjölskyldunni. „Við hugsum til fjölskyldna lögreglumannanna og biðjum fyrir þeim á þessum erfiðu tímum,“ segir jafnframt í yfirlýsingunni.



**„Lögreglumenn sem þjóna og vernda samfélag okkar, stefna sér í hættu fyrir okkur á hverjum einasta degi og verðskulda virðingu okkar og þakklæti.**

*Barack Obama, forseti Bandaríkjanna.*




Fylgstu með á Facebook Lindex Iceland
#WantIt
Brjóstahaldari,
3595
LINDEX








VIRK starfsendurhæfingarsjóður afþakkar 200 milljóna fjárframlag ríkisins:

# Segja óvissu fylgja framlaginu

**VINNUMARKAÐUR** Stjórn starfsendurhæfingarsjóðsins VIRK hefur ákveðið að afþakka 200 milljónir króna sem Alþingi veitti til starfsins í fjárlögum fyrir árið 2015.

Lög um starfsendurhæfingu voru samþykkt árið 2012. Markmið þeirra laga var að setja á laggirnar eitt heildarkerfi atvinnutengdrar starfsendurhæfingar með jöfnum aðgangi fyrir alla einstaklinga sem þurfa á þjónustunni að halda.



**EYGLÓ HARÐARDÓTTIR**

Eygló Harðardóttir harmar að VIRK hafni framlaginu. „Það er ekki hlutverk VIRK að safna í sjóð heldur að veita þjónustu því fólki sem lögin taka til.“ Hún segir að falli VIRK ekki frá ákvörðun um að hafna framlaginu verði allt kapp lagt á að tryggja fólki þá þjónustu sem það þurfi hjá VIRK eða eftir öðrum leiðum.

Hannes G. Sigurðsson, stjórnarformaður VIRK, segir ekki hafa komið annað úr viðræðum við ráðherra og embættismenn en kröfur um niðurskurð. Stjórn sjóðsins segir óljóst hverju framlag ríkisins breyti um réttindi skjólstæðinga VIRK eða skyldur sjóðsins gagnvart þeim. „Þá verður ekki séð að þær breyti neinu er varðar viðhorf stjórnvalda til samstarfs við aðila vinnumarkaðarins og lífeyrissjóði um uppbyggingu á atvinnutengdri starfsendurhæfingu.“ - sa

# Vegagerðin hefur áður fengið athugasemdir

Við fjárhagsskoðun vegna ársins 2013 gerði Ríkisendurskoðun fjölda athugasemda við verklag Vegagerðarinnar. Engin stofnun fer beinlínis með það hlutverk að vakta opinbera samninga þannig að farið sé að lögum, segir forstjóri Ríkiskaupa.

**STJÓRNSÝSLA** Vegagerðin hefur áður fengið athugasemdir um fjölda tilvika þar sem reglur um útboðsskyldu eða samþykktarferli reikninga voru ekki virtar. Þetta segir Sveinn Arason ríkisendurskoðandi. Kastljós fjallaði ítarlega um brotalamir í útboðsmálum Vegagerðarinnar í síðustu viku.

Ekkert formlegt eftirlit er með útboðsmálum hins opinbera. Ný tilskipun ESB tekur á þessum vanda og skikkar aðildarlönd og ríki innan EES að setja á stofn eftirlit með opinberum samningum.

Sveinn segir eftirlit Ríkisendurskoðunar tvíþætt, annars vegar í gegnum reglubundna fjárhagsendurskoðun og hins vegar með stjórnsýsluúttektum. „Við fjárhagsendurskoðun er jafnan kannað hvort stofnanir noti rammasamninga Ríkiskaupa og hvort fjárhæðir fara yfir viðmiðunarmörk útboðsskyldu.“

„Við fjárhagsendurskoðun hjá Vegagerðinni vegna ársins 2013 gerði Ríkisendurskoðun athugasemd við nokkur tilvik þar sem reglur um útboðsskyldu eða samþykktarferli reikninga voru ekki virtar,“ segir Sveinn.

„Engin stofnun fer beinlínis með það hlutverk að vakta opinbera samninga þannig að farið sé að lögum um opinber innkaup við meðferð opinbers fjár,“ segir Halldór Ó. Sigurðsson, forstjóri Ríkiskaupa. „Visst aðhald er þó að finna í ákvæðum laga um opinber innkaup. Þar er kveðið á um kærunefnd útboðsmála og fjallað um gildi samninga, óvirkni, önnur viðurlög og skaðabætur. Samkvæmt þessum ákvæðum er eftirlitið í dag í höndum fyrirtækja á markaði. Þá einkum fyrirtækja sem taka þátt í útboðum. Þeim fyrirtækjum eru tryggð ákveðin úrræði með þeim, svo sem að skjóta málum sínum til kærunefndar útboðsmála. Þó má segja að hlutverk Samkeppniseftirlitsins komi að vissu leyti inn á þetta svið einnig.“

Halldór bendir á að á döfinni sé lagabreyting sem muni binda enda á þetta eftirlitsleysi. „Í nýlegum samþykktum um opinber innkaup eru sérstök ákvæði um vöktun opinberra samninga. Búast má við að tilskipanir þessar verði innleiddar í íslenska löggjöf árið 2017. Vonir standa til að það verði fyrr.“

sveinn@frettabladid.is



**VEGAGERÐ VIÐ REYKJANESBRAUT** Stór hluti útgjalda Vegagerðarinnar er kaup á verktakavinnu. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



> Við fjárhagsendurskoðun hjá Vegagerðinni vegna ársins 2013 gerði Ríkisendurskoðun athugasemd við nokkur tilvik.
>
> *Sveinn Arason ríkisendurskoðandi.*

Annadagar við snjómokstur í Reykjavík kosta allt að 15 milljónir króna:

# Snjó mokað fyrir 500 milljónir

**FJÁRMÁL** Hver sólarhringur sem Reykjavíkurborg heldur úti öllum sínum tækjum og mannskap við snjómokstur kostar tíu til fimmtán milljónir króna. Strax í haust var kostnaður vegna snjómoksturs 380 milljónir og er gert ráð fyrir að árið kosti hálfan milljarð þegar það verður gert upp.

Samkvæmt upplýsingum borgarinnar voru 35 bílar og vinnuvélar notaðar við snjóhreinsun og hálkueyðingu á umferðargötum í gær, og eru þá ótaldar vélar Vegagerðarinnar, sem sinnir snjóhreinsun á stofnbrautum að miklu leyti. Heildarlengd gatna sem þarf að hreinsa er 445 kílómetrar, og til að ryðja öllum snjó þarf að þræða þær ítrekað.

Á stígum og gangstéttum voru þrettán sérútbúnar dráttarvélar með plóga og sanddreifingarbúnað á ferðinni. Heildarlengd stíga og gangstétta sem falla undir vetrarþjónustu eru 687 kílómetrar.

Sérstakur hópur með sex traktorsgröfur var einnig ræstur út en hann sér um hreinsun á strætóbiðstöðvum, sem og við leikskóla, grunnskóla, sundlaugar og nokkrar stofnanir Reykjavíkurborgar. Þá er um 25 manna hópur frá hverfastöðvunum sem sér um mokstur á stöðum sem tæki komast ekki að.

- shá



**ANNATÍMI** Fara þarf hverja leið ítrekað. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



FRÁBÆR TILBOÐ!
SKOÐAÐU OPNUNARTÍMANN Á WWW.RFL.IS
22.12
OPIÐ TIL 22
23.12
OPIÐ TIL 23
20%
AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM JÓLASERÍUM
KRONBORG
OF DENMARK
SPARIÐ
5000
AF SÆNGUM
PLUS
ÞÆGINDI & GÆÐI
Koddi
50 x 70 sm.
9.995
LÚXUS GÆSADÚNSÆNG
SÆNGUR NÚ VERÐ FRÁ:
24.950
Veggir
STORFJELLET GÆSADÚNSÆNG
Lúxus gæsadúnsæng fyllt með 900 gr. af gæsadúni. Sængin er saumuð í 5 x 7 sm. ferninga með 2,5 sm. háum veggjum á milli hólfa og því helst dúnninn jafn yfir alla sængina. Má þvo við 60°C.
Stærðir: 135 x 200 sm. 29.950 nú 24.950 Extra löng: 135 x 220 sm. 34.950 nú 29.950
Tvíbreið: 200 x 220 sm. 49.950 nú 44.950 Koddi: 50 x 70 sm. 9.995 Vnr. 4112550, 4312604
30%
AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM JÓLA-VAXDÚKUM
20%
AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM JÓLAKERTUM
ALLT AÐ
25%
AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM BARNASÆNGUR-VERASETTUM
FROZEN VÆNTANLEGT
Á AKUREYRI OG SELFOSS
DO MORE OF WHAT MAKES YOU HAPPY
25%
AFSLÁTTUR
AF ALF OG ARE RÖMMUM
30%
AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM JÓLADÚKUM
ÚTIKERTI
Mikið úrval af útikertum. Frábær verð! Vnr. 730213, 600019, 600036, 713415, 714401
VERÐ FRÁ:
149
RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ
TILBOÐIN GILDA TIL 29.12.14









**VIÐ GEYSI** Fjölga á heimsóknum ferðamanna til Íslands að vetri til og stefnt er að því að 90 prósent gestanna verði ánægð með Íslandsförina. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Vilja að ferðamenn á Íslandi auki neysluna

Auglýsingaverkefnið Ísland allt árið verður framlengt út árið 2016 undir merkjum Inspired by Iceland. Fjölga á ferðamönnum að vetri til og fá þá til að auka neyslu sína árið um kring. Markmiðið er að minnst 90 prósent verði ánægð með Ísland.

**FERÐAÞJÓNUSTA** Ríki og borg ásamt samstarfsaðilum ætla að verja samtals 1.120 milljónum króna í markaðsátakið Ísland allt árið á næstu tveimur árum.

Samkvæmt samkomulaginu ætlar ríkið að leggja fram 760 milljónir króna gegn því að Icelandair greiði 200 milljónir, Samtök ferðaþjónustunnar 80 milljónir og Reykjavíkurborg og Landsbankinn borgi 40 milljónir hvor aðili. Verkefninu verður stýrt af Íslandsstofu undir merkjum Inspired by Iceland.

Ætlunin er að fá ferðamenn til að auka neyslu sína hérlendis um allt að 4 prósent árlega og freista þess að draga úr árstíðasveiflum þannig að fleiri heimsæki landið utan sumarsins. Um 20 prósenta fjölgun verði á vetrargestum milli ára. Þá er stefnt að því að ánægja ferðamanna með Íslandsförina fari ekki undir 90 prósent að meðaltali.

„Helstu markmið verkefnisins eru að jafna árstíðasveiflu í ferðaþjónustu, auka meðalneyslu ferðamanna per dag, bæta viðhorf og vitund gagnvart Íslandi sem heilsársáfangastað og festa þar með ferðaþjónustu í sessi sem heilsársatvinnugrein á Íslandi,“ segir í greinargerð sem Dagur B. Eggertsson borgarstjóri lagði fram í borgarráði.

**2,3** milljarðar króna er metið virði erlendrar fjölmiðlaumfjöllunar vegna Inspired by Iceland á árunum 2012 og 2013.

Fram kemur að Íslandsstofa hafi látið meta virði verkefnisins árin 2012 og 2013. Þá hafi umfjöllun í erlendum miðlum verið metin á samtals 2,3 milljarða króna á sextíu mismunandi mörkuðum.

„Fáum dettur til hugar að innspýting í markaðssetningu upp á um það bil 500 milljónir króna á ári til viðbótar við reglubundið kynningarstarf Íslandsstofu, Iceland Naturally, Höfuðborgarstofu, Meet in Reykjavík og fjölmargra fyrirtækja í greininni hafi ekki sitt að segja í því að þróunin hefur verið svo ör,“ segir í greinargerðinni.

➜ Fáum dettur til hugar að innspýting í markaðssetningu upp á um það bil 500 milljónir króna á ári til viðbótar við reglubundið kynningarstarf Íslandsstofu, Iceland Naturally, Höfuðborgarstofu, Meet in Reykjavík og fjölmargra fyrirtækja í greininni hafi ekki sitt að segja.

Auk þeirra sem fyrr eru nefndir hefur verið stefnt að því að fleiri kæmu að verkefninu með 20 milljóna króna lágmarksframlag hver. Undirtektir eru ekki góðar. „Auglýst var eftir áhugasömum þátttakendum í byrjun þessa mánaðar og rann umsóknarfrestur út þann 15. desember án þess að umsóknir hefðu borist.“

gar@frettabladid.is



Nýjar spennandi afurðir úr íslensku grænmeti

# Íslensk tvenna á hátíðarborðið




www.islenskt.is

Undirrita viljayfirlýsingu:

## Byggja um 650 nemendaíbúðir

**FRAMKVÆMDIR** Háskóli Íslands, Félagsstofnun stúdenta og Reykjavíkurborg ætla að undirrita viljayfirlýsingu á morgun, mánudaginn 22. desember, um uppbyggingu á allt að 650 nemendaíbúðum á næstu fimm árum.

Áformað er að byggja 400 íbúðir á svæði Háskólans en 250 á öðrum þéttingarreitum nálægt miðborginni og skólanum, samkvæmt tilkynningu Reykjavíkurborgar. Dagur B. Eggertsson borgarstjóri undirritar viljayfirlýsinguna fyrir hönd borgarinnar. - hg



**HARALDUR SVERRISSON** Haraldur er bæjarstjóri Mosfellsbæjar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Tillaga Íbúahreyfingar felld:

## Bæjarstjórn ráði lögmann

**SVEITARSTJÓRNIR** Tillaga M-lista Íbúahreyfingarinnar um að ráðning lögmanns bæjarins verði á borði bæjarstjórnar í stað bæjarstjóra var felld í bæjarráði Mosfellsbæjar.

Sigurður Snædal Júlíusson var ráðinn lögmaður. „Hann mun að hluta gegna störfum sem framkvæmdastjóri stjórnsýslusviðs gegndi áður,“ sagði fulltrúi M-listans og vitnaði til laga um að sveitarstjórn réði starfsmenn í æðstu stöður. „Tillaga M-lista gengur þvert gegn samþykktum bæjarins og nýsamþykktu skipuriti bæjarins,“ sögðu fulltrúar meirihlutans. - gar

Maður fótbrotnaði á Esju:

## Sóttu slasaðan göngumann

**SLYS** Björgunarsveitir voru kallaðar út á öðrum tímanum í gær til að sækja slasaðan göngumann á Kerhólakamb á gönguleiðinni í Esju.

Maðurinn hrasaði er hann var á ferð með félögum sínum og var talið að hann hefði fótbrotnað.

Töluverðan mannskap þurfti í verkið enda nokkuð erfiður burður niður af fjallinu í snjó og hálku. Veðrið var þó með allra besta móti fyrir slíkar aðgerðir, lygnt og bjart. - jóe




**FLUGLEIÐIN** Hér sést hvernig Cessna-vélinni TF-KEX var flogið fram og til baka yfir sumarhúsabyggðinni í hlíðum Langholtsfjalls á skírdag 2010 þar til hún brotlenti eftir krappa beygju. MYND/RANNSÓKNARNEFND FLUGSLYSA

# Flugmaður neitar sök vegna brotlendingar við sumarhús

Marteinn Einarsson, sem ákærður er vegna brotlendingar flugvélar nærri Flúðum í apríl 2010, neitaði sök við þingfestingu málsins hjá Héraðsdómi Suðurlands. Farþegi sem slasaðist krefst einnar milljónar í miskabætur.

**LÖGREGLUMÁL** „Ég veit ekki alveg út af hverju fréttamiðlar ættu að hafa mikinn áhuga á þessu máli en ég ætla að minnsta kosti ekki að tjá mig,“ segir Marteinn Einarsson, sem ákærður er vegna brotlendingar flugvélar við sumarhúsabyggð í Langholtsfjalli.

Flugvélin TF-KEX lagði upp frá Reykjavíkurflugvelli og brotlenti í Langholtsfjalli 1. apríl 2010. Um borð voru þrír farþegar auk Marteins sem flaug vélinni. Marteinn og einn farþeganna voru hvor í sínu lagi að velta fyrir sér að taka flugvélina á leigu og höfðu fengið hana til prufuflugs. Hinir farþegarnir tveir voru á vegum Marteins.

Fjallað var um niðurstöðu rannsóknarnefndar flugslysa í Fréttablaðinu 8. nóvember í fyrra: „Flugmaðurinn flaug vélinni ítrekað lágt yfir sumarhús í Heiðarbyggð í Langholtsfjalli nálægt Flúðum þar til hann fann bústað sem ættingjar hans dvöldust í og flaug beint yfir húsið. Er hann hugðist taka U-beygju til baka hrapaði vélin til jarðar og brotlenti á mosavöxnum hrygg,“ sagði í Fréttablaðinu.

Sá sem ætlaði að prufufljúga vélinni með Marteini hlaut brot á lendarhryggjarlið, kona um borð hlaut brot á brjóstlið og bringubeini og tognun á brjósthrygg og hálshrygg og þriðji karlmaðurinn tognaði í hálshrygg, brjósthrygg og brjóstkassa.

Eftir rannsókn lögreglu á málinu gaf ríkissaksóknari út ákæru á hendur Marteini fyrir brot á loftferðalögum og reglum með því að hafa ekki gætt nægrar aðgæslu við undirbúning og stjórn flugvélarinnar yfir sumarhúsabyggðinni. Hann hafi enga reynslu af að fljúga slíkri flugvél og ekki gert tilskylda massa- og jafnvægisútreikninga. Síðan hafi hann flogið „vélinni yfirhlaðinni, í lítilli hæð yfir sumarhúsabyggðinni, á eða við ofrishraða, í krappri beygju í sterkum hviðóttum vindi svo flugvélin missti hraða og hæð og skall í jörðina með þeim afleiðingum að farþegarnir þrír slösuðust og flugvélin eyðilagðist“.

Hinn prufuflugmaðurinn, sem Marteinn þekkti ekki fyrir flugið, krefst einnar milljónar króna í miskabætur frá Marteini. Ríkissaksóknari krefst þess að hann verði dæmdur til refsingar.

Málið var þingfest í Héraðsdómi Suðurlands á fimmtudag. Þar neitaði Marteinn sök. Hann hefur nú frest út janúar til að skila greinargerð í málinu. Að þeim tíma liðnum verða skipaðir meðdómendur og framhald málsins ákveðið.

gar@frettabladid.is



**TF-KEX** Flugvélin eyðilagðist í óhappinu. MYND/RANNSÓKNARNEFND FLUGSLYSA



**DJÚP FÖR** Greinileg ummerki voru um hvernig vélin þeyttist eftir jörðinni. MYND/RANNSÓKNARNEFND FLUGSLYSA




Norsk stjórnvöld semja vegna yfirfullra fangelsa:

## 200 Norðmenn afplána í hollenskum fangelsum

**NOREGUR** Norsk og hollensk yfirvöld hafa skrifað undir samkomulag um að 242 norskir fangar fái að afplána fangelsisdóma í Hollandi.

Á fréttavef norska ríkisútvarpsins er haft eftir Anders Anundsen, dómsmálaráðherra Noregs, að vonandi verði hægt að byrja að senda fanga til Hollands næsta sumar. Fyrst og fremst sé um að ræða fanga með langa fangelsisdóma. Einnig geti verið um að ræða erlenda ríkisborgara sem ákveðið hafi verið að vísa úr landi.

Fangarnir eiga að afplána í fangelsi í bænum Veenhuizen samkvæmt norskum aðstæðum og undir stjórn Norðmanna.

Dómsmálaráðuneytið í Noregi hefur greint frá því að nú bíði 1.200 fangar eftir því að geta afplánað dóma sína. Talið er að þörf sé á 2.000 nýjum fangelsisplássum í Noregi fyrir árið 2040. Dómsmálaráðherrann telur að fjögur ný fangelsi þurfi til þess að leysa vandann. - ibs



**FANGELSI** Ila-fangelsið sögufræga í Noregi. NORDICPHOTOS/AFP




**Ellingsen** býður mikið úrval af hinum eina sanna norska Devold ullarnærfatnaði, sem heldur á þér hita þó að þú blotnir. Hjá Ellingsen starfa sérfræðingar í öllum deildum sem veita faglega og vandaða ráðgjöf og finna réttu vörurnar fyrir þig. Við seljum eingöngu þrautreyndar hágæðavörur sem henta fyrir íslenskar aðstæður.



**DEVOLD DUO ACTIVE**
Svart og blátt, kk. Stærðir S–XXL
**10.990 KR.**



**DEVOLD DUO ACTIVE**
Svart og blátt, kk. Stærðir S–XXL
**10.990 KR.**



**DEVOLD DUO ACTIVE**
Svart og blátt, kk. Stærðir S–XXL
**11.990 KR.**



**DEVOLD EXPEDITION M. HETTU**
Svart, kvk. Stærðir S–XL
Svart, kk. Stærðir S–XL
**14.990 KR.**



**DEVOLD DUO ACTIVE**
Rautt og svart, kvk. Stærðir XS–XL
**11.990 KR.**



**DEVOLD DUO ACTIVE**
Rautt og svart, kvk. Stærðir XS–XL
**10.990 KR.**



**DEVOLD DUO ACTIVE JUNIOR**
Blátt og rautt, stærðir 10–16
**7.990 KR.**



**DEVOLD DUO ACTIVE JUNIOR**
Blátt og rautt, stærðir 10–16
**7.990 KR.**



**DEVOLD DUO ACTIVE KID**
Blátt og rautt, stærðir 2–8
**6.990 KR.**



**DEVOLD DUO ACTIVE KID**
Blátt og rautt, stærðir 2–8
**6.990 KR.**



**DEVOLD ACTIVE SAMFELLA**
Blá og bleik, stærðir 74–98
**5.990 KR.**



**DEVOLD ACTIVE BUXUR**
Bláar og bleikar, stærðir 74–98
**4.990 KR.**

*Afgreiðslutímar í desember*

| | | | |
|---|---|---|---|
| Mánudagur 22. des. | 10–22 | Aðfangadagur 24. des. | 10–12 |
| Þorláksmessa 23. des. | 10–23 | Jóladagur 25. des. | Lokað |

REYKJAVÍK • Fiskislóð 1 • Sími 580 8500
AKUREYRI • Tryggvabraut 1-3 • Sími 460 3630 • ellingsen.is

Munið gjafabréfin!




**Ellingsen**
– FULLT HÚS ÆVINTÝRA



Gleðileg jól!
14.995
HITACHI
HLJÓMTÆKJASAMSTÆÐA
AXM525E
6.995
SENNHEISER
HEYRNARTÓL
SEHD203
8.888
REMINGTON
RAKVÉL
R5150
79.995
eða 7.290 kr. á mánuði
miðað við 12 mánaða vaxtalaust kortalán,
alls 87.475 kr. - ÁHK 16,5%
SONY
PLAYSTATION 4
PS4500GB
7.995
chromecast
AFSPILUNARTÆKI
CROMECAST
3 CD
2.995
POTTÞÉTT JÓL
PCD1402
Hulstur og heyrnartól fylgja
19.995
7"
lenovo
ST A7-40 7.0" +HULST+HE
59435497
14.995
SONY
BLU-RAY SPILARI
BDPS1200B
Blu-ray
USB tengi
5.995
Ariete
POPPVÉL
ARIETE27259
19.995
OBH NORDICA
PIZZAOFN
OBH7131
4.995
Logitech
TÖLVUHÁTALARAR-Z150
LTZ150BLACK
8.995
PHILIPS
FERÐATÆKI MEÐ CD
AZ100C / AZ100B


12.995
COD ADVANCED WARFARE
PS4CODAW
11.995
GRAND THEFT AUTO V
PS4GTAV
4.995
LADDINN
DVDLADDINN
2.495
GUARDIANS OF THE GALAXY
DVDGOTG
2.495
VONARSTRÆTI
DVDVONARSTRAE
Bluetooth™
Þráðlaus
9.995
PHILIPS
ÞRÁÐLAUS HEYRNARTÓL
SHB4000
4.995
BOSCH
TÖFRASPROTI
MSM6B300
Bluetooth™
7.995
iWantit
ÞRÁÐLAUS FERÐAHÁTALARI
IWPMSBT13E
USB tengi
PHILIPS
DVD SPILARI
DVP2850USB
8.995
2TB
19.995
1TB
12.995
TOSHIBA
HARÐUR DISKUR 2,5“
TOSPLUS1TB
5 Mpix myndavél
4,3” Super Amoled skjár
29.995
SAMSUNG
GSM-GALAXY ACE 4
SAMG357(BLA/WHI)
4.995
ADX
LEIKJAMÚS-FIREPOWER A01
R5150
Virkar með PS3, XBOX, PC og MAC
15.995
SENNHEISER
LEIKJAHEYRNARTÓL U320
SEU320
SILK ceramic technology
11.495
REMINGTON
SLÉTTUJÁRN
S9600
19.995
1500 Wött
E201B Ryksugupoki
Electrolux
RYKSUGA
ESCLASSIC
Bollar fylgja ekki
13.995
PHILIPS
KAFFIVÉL
HD7810SVORT
Opið til kl. 22 í kvöld og til kl. 23 á Þorláksmessu
ELKO
EINFALDLEGA LÆGRA VERÐ
GRANDI–LINDIR–SKEIFAN–VEFVERSLUN
PANTAÐU Í SÍMA 575-8115 SKIPTIBORÐ ELKO 544-4000 WWW.ELKO.IS

Um 83% vilja koma aftur:

# Flestir ánægðir með Íslandsför

**FERÐAÞJÓNUSTA** Um 95,6 prósent erlendra ferðamenna sem komu hingað í sumar voru ánægð með ferðina samkvæmt könnun Ferðamálastofu. Rúmlega 83 prósent töldu líklegt að þau myndu koma aftur.

Um 86,9 prósent voru hér í fríi og var dvalarlengdin að jafnaði um tíu nætur. 84,3 prósent voru hér á eigin vegum og íslensk náttúra var oftast nefnd sem ástæðan fyrir því af hverju ferðamennirnir ákváðu að koma hingað til lands. - hg

Snæfellsnes er á lista Green Destination yfir staði sem skara fram úr á sviði umhverfismála:

# Er sagt vera einn grænasti áfangastaðurinn

**UMHVERFISMÁL** Snæfellsnes er einn af 100 grænustu áfangastöðum heims, samkvæmt nýbirtum lista samtakanna Green Destination. Um er að ræða verkefni sem kallað er Global Top 100. Þar er tekið saman yfirlit yfir þá hundrað staði í heiminum sem þykja skara fram úr á sviði umhverfismála.

Verkefnið er samstarfsverkefni nokkurra aðila sem hafa sérhæft sig í rannsóknum og markaðssetningu grænna áfangastaða. Tilgangurinn er að veita áfangastöðum sem hafa sjálfbærni að leiðarljósi viðurkenningu og auðvelda um leið kröfuhörðum ferðamönnum val um áfangastaði.

Kallað var eftir tilnefningum í gegnum samfélagsmiðla. Þrjátíu manna dómnefnd skipuð sérfræðingum í ferðamálum og sjálfbærni gaf einkunnir fyrir fjölmarga þætti, þar á meðal náttúru, umhverfi, náttúruvernd, menningararf og umhverfisvottun.

Talsmenn Global Top 100 hvetja ferðamenn til að velja áfangastaði sem vinna að raunverulegum úrbótum í umhverfis- og samfélagsmálum. Umhverfisvottun Snæfellsness er talin vega þungt og veita mikinn trúverðugleika hvað þetta varðar. - shá



**SNÆFELLSJÖKULL** Umhverfisvottun Snæfellsness er á margan hátt einstök. MYND/RAS

**HEILBRIGÐISMÁL**

### Fólk varist gylliboð

Embætti landlæknis tekur undir umfjöllun Helga Sigurðssonar, prófessors á Landspítala, sem birtist á mbl.is undir fyrirsögninni Loddaraskapur af verstu gerð. Landlæknir telur mikilvægt að sjúklingar vari sig á margvíslegum gylliboðum um meðferð þar sem vísindalegar rannsóknir hafa ekki sýnt fram á gagnsemi þeirra.




# Fáir í göngufæri við vínbúð

Fyrirkomulag vínbúða ÁTVR í Reykjavík styður ekki markmið aðalskipulags um að sem flestir geti nýtt sér verslun fótgangandi svo hverfi verði sjálfbærari. Áfengi er hluti af daglegu neyslumynstri, segir skipulagssvið.

**VERSLUN** Af 120 þúsund íbúum Reykjavíkur eru aðeins 3.500 í göngufæri við vínbúð. Þetta kemur fram í umsögn umhverfis- og skipulagssviðs borgarinnar um tillögu sjálfstæðismanna um að borgarstjórn skori á Alþingi að samþykkja frumvarp um að áfengi megi selja í almennum verslunum.

Sjálfstæðismenn segja að um sé að ræða „mikið og mikilvægt hagsmunamál“ fyrir borgarbúa.

„Áfengi er hluti af neysluvöru borgarbúa og ljóst að fáar og illa staðsettar áfengisverslanir ríkisins vinna gegn markmiði aðalskipulags, að umhverfi daglegrar verslunar borgarbúa verði hverfisvæddara,“ segir meðal annars í ályktunartillögunni sem borgarstjórn vísaði til umsagnar hjá umhverfis- og skipulagssviði.

Í umsögninni er sömuleiðis bent á markmið í aðalskipulaginu um að efla verslun og þjónustu í nærumhverfi. Óumdeilt sé að áfengi sé hluti af daglegum neysluvörum og að bætt aðgengi að þeim vörum, í formi fjölgunar staða, samræmist vel því markmiði. Vínbúðir ÁTVR séu ekki markvisst staðsettar.

„Ekki er tekin afstaða til þess hér hvort afnema eigi einkaleyfi ríkisins á sölu áfengis en ljóst er að núverandi verslunarfyrirkomulag ÁTVR styður ekki við ofangreind markmið,“ segir umhverfis- og skipulagssviðið.

„Í Reykjavík eru aðeins sjö vínbúðir og eru 17.300 íbúar um hverja búð. Til samanburðar eru 2.300 íbúar í baklandi vínbúðarinnar í Hveragerði. Íbúar sem eru í göngufæri við þessar sjö vínbúðir, auk búðarinnar á Eiðistorgi, eru aðeins 3.500,“ segir í umsögninni. Þar er göngufæri skilgreint sem fjögur hundruð metra fjarlægð.

„Til samanburðar eru yfir 50 þúsund Reykvíkingar í göngufæri við matvörubúð með neysluvarning í öllum helstu vöruflokkum sem þó getur ekki talist ásættanlegt hlutfall.“

Hið pólitískt skipaða umhverfis- og skipulagsráð samþykkti síðan á miðvikudag umsögn embættismanna sviðsins. Fulltrúi Vinstri grænna sat hjá. Málið fer nú aftur til afgreiðslu hjá borgarstjórn. gar@frettabladid.is



**VÍNBÚÐIR** Að meðtalinni vínbúð Seltirninga á Eiðistorgi eru átta vínbúðir í göngufæri fyrir samtals 3.500 Reykvíkinga sem svarar til 2,9 prósenta af öllum borgarbúum. MYND/ UMHVERFIS- OG SKIPULAGSSVIÐ REYKJAVÍKUR

> **Í Reykjavík eru aðeins sjö vínbúðir og eru 17.300 íbúar um hverja búð. Til samanburðar eru 2.300 íbúar í baklandi vínbúðarinnar í Hveragerði.**
>
> *Úr umsögn umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkur.*






**VERSLUN** Það hefur dregið verulega úr hækkun verðlags undanfarið. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Verðbólga í desember mælist undir þolmörkum:

# Bankinn bregðist við

**EFNAHAGSMÁL** Tólf mánaða verðbólga samkvæmt vísitölu neysluverðs mælist 0,8 prósent í desember.

Það er undir neðri þolmörkum verðbólgumarkmiðs Seðlabankans, sem er 1 prósent. Þetta er í fyrsta sinn frá því markmiðið var tekið upp vorið 2001 sem það gerist. Í Morgunkorni Greiningar Íslandsbanka kemur fram að horfur eru á að verðbólga verði áfram í kringum 1,0 prósent fram á mitt næsta ár.

Nú þarf Seðlabankinn að rita greinargerð til stjórnvalda þar sem hann rekur orsakir lítillar verðbólgu, og greinir frá því hvernig hann hyggist bregðast við og leggja mat á hvenær markmiðinu verði náð að nýju.

Greining Íslandsbanka segir að það hljóti að teljast nokkur nýlunda að bankinn sé í þessari stöðu, enda hafi mikil og þrálát verðbólga verið viðfangsefni hans lengst af frá upptöku verðbólgumarkmiðsins. - jhh


ALLAR VÖRUR*
TAX FREE
TVÖFALT TAX FREE*
AF JÓLSERÍUM OG JÓLASKRAUTI
40,64% AFSLÁTTUR
Risa Tax Free um land allt
Allar vörur á Tax Free og tvöfalt Tax Free af jólavörum og jólaskrauti
OPIÐ TIL 22:00 Í SKÚTUVOGI Í KVÖLD
*Gildir ekki af lifandi jólatrjám
*Gildir ekki af tilboðsvörum, WEBER grillum og KitchenAid vörum
*Gildir ekki af vörum merktum „lægsta lága verði Húsasmiðjunnar“ enda er það lægsta verð sem við bjóðum á hverjum tíma.
blómaval
HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA
ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI SÍÐAN 1956
LÆGSTA LÁGA VERÐ
Tax free tilboð jafngildir 20,32% afslætti af almennum vörum og 6,54% af matvöru.
Að sjálfsögðu stendur Húsasmiðjan skil á virðisaukaskatti til ríkissjóðs.

# Tífalt dýrara að bíða en framkvæma

Þegar komið er að illa förnu landi vegna jarðvegs- og gróðureyðingar er endurheimt þess margfalt dýrari aðgerð en sú að koma í veg fyrir skaðann í tíma. Eyðingaröflin láta fátt ósnert, hvort sem það eru lífsskilyrði fugla eða fiskurinn í ánum. Þau hafa líka áhrif á veðurfarið.



Svavar Hávarðsson
svavar@frettabladid.is

Fyrirbyggjandi aðgerðir gegn jarðvegs- og gróðureyðingar kosta aðeins tíunda hluta þess sem aðgerðir við landgræðslu kosta þegar allt hefur snúist til verri vegar. Illa leikið land hefur áhrif á veðurfar, kemur við sögu náttúruvár, skiptir meginmáli hvað fuglalíf varðar sem og viðkoma fiskistofna í ferskvatni.

### Eftir miklu að slægjast

Stór hluti þeirra vistkerfa sem einkenndu Ísland við landnám hafa glatast og búsvæði fjölbreyttra lífvera hefur hnignað í beinu samhengi. Mikilvægi þess starfs sem lýtur að því að endurheimta gróður- og jarðvegsauðlindir landsins er óumdeilt, en fáir hafa það kannski hugfast eftir hversu miklu er að slægjast – bæði í lífsgæðum og fjárhagslega.

Eins og Fréttablaðið hefur greint frá hefur Sigurður Ingi Jóhannsson, umhverfis- og auðlindaráðherra, ákveðið að hefja vinnu við frumvarp að nýjum lögum um landgræðslu. Núgildandi lög voru staðfest í apríl 1965, og því löngu tímabært að endurskoða þau. Miðað er við að frumvarp til nýrra laga verði lagt fyrir næsta haustþing.

Þrátt fyrir að gróðurfar á láglendi hafi styrkst með betri tíð, verður ekki litið fram hjá því að heildarúttekt Landgræðslunnar á gróðurfari landsins sýnir að græða þyrfti upp rúma milljón hektara lands [10.000 ferkílómetra] neðan 500 metra hæðarlínunnar, en almennt er ekki hugsað um landgræðslu ofar þeirri línu. Af þessari milljón hektara er mjög brýnt að ráðast í að græða 500.000 hektara, en árlega höfum við Íslendingar verið að vinna í landgræðslu á um 12.500 hekturum lands á ári, og er þá allt talið. Þá er náttúrulega óskert vistkerfi ekki víða að finna á landinu en auðnir og illa gróin svæði þekja nú um 40.000 ferkílómetra lands.

### Heldur ekki vatni

Guðmundur Halldórsson, rannsóknarstjóri hjá Landgræðslunni, segir að gríðarlega margt hafi tapast; Íslendingar hafi lifað af þurrlendisvistkerfum landsins um aldir og álagið hafi tekið sinn toll. „Í raun hafa tapast mikil gæði sem koma ekki aftur, það er alveg klárt. Gróðurinn hefur svo mikla þýðingu fyrir dýrategundina manninn. Við áttum okkur ekki oft á því að þegar gróður hvarf af hálendinu hafði það töluverð áhrif á veðurfar. Þetta hafa rannsóknir sérfræðinga Veðurstofu Íslands sýnt fram á. Meðal þess sem tengist því er hversu mikið hraðar sandarnir hitna en gróið land. Það hefur líka áhrif á vatnafar. Þegar gróður hverfur þá heldur landið ekki vatninu, sem á skömmum tíma hverfur í næsta árfarveg og til sjávar. Þetta skiptir gríðarlega miklu máli," segir Guðmundur.

### Lax og silungur

Fiskgengd í ám er ekki það fyrsta sem kemur upp í hugann þegar gróðureyðing er til umfjöllunar, en samhengið er engu að síður til staðar. „Allar okkar bestu laxveiðiár landsins renna annaðhvort af vel grónum heiðum eða úr mjög næringarríkum stöðuvötnum. Á bak við veiðiperlurnar sem renna í Húnaflóa er Arnarvatnsheiðin, svo dæmi sé tekið," segir Guðmundur.

### Náttúruvá

Guðmundur segir að á meðal landgræðslufólks sé samhengi gróðureyðingar og náttúruvár mjög í deiglunni. „Gróður getur haft áhrif á afleiðingar eldgosa. Askan sem fellur á ógróna jörð er að fjúka fram og til baka um ár og aldir.



**VIÐ HLÖÐUFELL** Vegna þess hve jarðvegsrof hefur verið mikið á Íslandi má segja að rof og ummerki þess sé meðal þess sem helst einkennir íslenskar umhverfisaðstæður. MYND/ÁSKELL

Hún stoppar ekki. Það er ástæða til að beina augunum að þessum svæðum, og við þurfum að leggja miklu meiri áherslu á þau. Við erum mest að dútla við litla bletti, og kannski má segja að við séum að slökkva elda. Menn þurfa hins vegar langtímaáætlanir og í samstarfi við sveitarstjórnafólk skilgreina hver þörfin er og nýta kraftana á skilvirkari hátt. Jarðvísindafólkið okkar hefur gert áætlanir um hvar líklegast sé að falli aska og í raun þarf landgræðslustarf að beinast mun meira að því að við séum á undan eyðingaröflunum. Landgræðslufólk er að sinna bráðaþjónustu en ekki fyrirbyggjandi aðgerðum. Við eigum að spyrja hvar hægt er að koma inn fyrr til að styrkja svæði, áður en allt er komið í óefni og margfalt dýrara að gera eitthvað af viti," segir Guðmundur.

### Peningar

Spurður hversu miklu ódýrara það sé að koma fyrr en seinna að uppgræðslu landsvæða segir Guðmundur að munurinn sé gríðarlegur. Hektari lands þar sem aðeins þarf að styrkja gróður með áburðargjöf kostar helmingi minna en þar sem bæði þarf áburð og grasfræ. Ef allt er farið á versta veg er kostnaðurinn að nálgast það að vera tífaldur, en þegar gengið er á Guðmund giskar hann á að hektarinn kosti um 60 til 70 þúsund þegar aðeins þarf áburð en hálfa milljón þegar beita þarf öllum þeim úrræðum sem illa farið land útheimtir. Ef menn vilja leika sér með tölur þá má minna á þá 500.000 hektara lands sem landgræðslustjóri telur brýnt að ráðast í að bæta sem allra fyrst – og hvað aðgerðarleysi kostar.

### Þrjú prósent eftir á Suðurlandi

Eins og Fréttablaðið hefur fjallað um að undanförnu lýtur endurheimt vistkerfa á Íslandi ekki síst að því votlendi sem ræst hefur verið fram. Blaðið hefur nefnt dæmi um að 3.900 ferkílómetrar hafi verið þurrkaðir upp, en þá er ekki allt talið. Þegar einstök landsvæði eru skoðuð sérstaklega sést að í sumum landshlutum hefur allt að 90% votlendissvæða verið ræst fram. Einungis 3% alls votlendis á Suðurlandi standa eftir óraskað og einungis 18% votlendis á Vesturlandi. Landbúnaður er í einhverri mynd á 72% af þeim svæðum sem eru flokkuð sem mikilvæg fuglasvæði en stærsti hluti þeirra er votlendi. Yfir 90% íslenskra varpfugla, umferðarfugla og vetrargesta, byggja afkomu sína að einhverju eða öllu leyti á votlendi. Allt í allt er talið að 50-75% alls votlendis á láglendi hafi verið raskað meira eða minna.



**„Landgræðslufólk er að sinna bráðaþjónustu en ekki fyrirbyggjandi aðgerðum. Við eigum að spyrja hvar hægt er að koma inn fyrr til að styrkja svæði, áður en allt er komið í óefni og margfalt dýrara að gera eitthvað af viti.**

*Guðmundur Halldórsson, verkefnisstjóri hjá Landgræðslunni.*

### Fyrir 2020

Í greinargerð starfshóps umhverfisráðherra vegna vinnu við ný landgræðslulög segir frá því að árið 1994 fullgilti Alþingi samning um líffræðilega fjölbreytni. Í stefnumörkun Íslands um framkvæmd samningsins kemur fram það meginmarkmið að „vernda og endurheimta líffræðilega fjölbreytni Íslands og koma í veg fyrir frekari skerðingu hennar, tryggja sjálfbæra nýtingu lífríkisins og endurheimta þá þætti þess sem spillst hafa eða horfið vegna umsvifa mannsins". Á 10. ársfundi aðildarríkja samningsins í október 2010 náðist samkomulag um framkvæmd samningsins næstu tíu árin og í því felast nokkur meginmarkmið.

Samkomulagið felur t.d. í sér að dregið verði úr eyðingu búsvæða um 50-100%, og að landbúnaðar- og skógræktarsvæði séu nýtt á sjálfbæran hátt. Einnig að vistkerfi er veiti nauðsynlega þjónustu varðandi vatn, lífsviðurværi og velferð séu endurheimt. Að síðustu má nefna að stefnt er á að 15% laskaðra svæða verði endurheimt í þeim löndum sem fullgilt hafa samninginn – fyrir árið 2020.

## Fjölskrúðugt vatnalíf byggir á gróðri



Sigurður Guðjónsson, forstjóri Veiðimálastofnunar, segir ekkert ofsagt þegar samhengi landgæða og vatnakerfa eru til umræðu. „Árnar eru bara afrennsli af landinu, og í veröldinni er frjósemi vatna í beinu samhengi við gróður á vatnasviðinu, og þar sem er mest gróið hér á landinu er líka að finna fjölskrúðugasta vatnalífið," segir Sigurður en útskýrir að á Íslandi er tilbrigði við þetta stef. Á jarðfræðilega yngsta hluta landsins er árvatnið að ná í mikla næringu úr berggrunninum. Elliðaárnar eru gott dæmi; regn fellur í Heiðmörk og Bláfjöll sem hripar niður í jörðina og rennur neðanjarðar um ungt óveðrað berg og á þeirri leið hleður það í sig miklu af efnum.

Sigurður segir ekki hægt að benda á einstakar ár sem hafa misst sína fiskistofna vegna rýrnunar lands, en það sé engum vafa undirorpið að þær ár sem njóta gróðursældar á sínu vatnasviði gætu mjög misst spón úr aski sínum við mikið landrof og gróðureyðingu. Hins vegar tapist gróður ekki hratt á eldri hluta landsins, og það séu góðu fréttirnar.

„Það er svo eitt sem fylgja þarf sögunni. Þar sem mestur sandur er getur hann, og öskufall, lokað á öll búsvæði, og í sandi þrífst fátt," segir Sigurður.

## Alþjóðasamningar og landgræðsla

**Helstu alþjóðasamningar sem tengjast landgræðslu eru:**

■ **Samningur Sameinuðu þjóðanna um aðgerðir gegn eyðimerkurmyndun** hefur verið í gildi hér á landi frá 1996. Samningurinn kveður einnig á um að aðildarríkin starfi eftir sérstökum landgræðsluáætlunum sem hafi sjálfbæra þróun að leiðarljósi.

■ Árið 1994 fullgilti Alþingi **samning um líffræðilega fjölbreytni**. Þar segir að draga skuli úr eyðingu búsvæða um 50 til 100%. Endurheimta skal 15% laskaðra svæða.



■ **Rammasamningur Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar** tók gildi hér landi 1994. Kyoto-bókunin við samninginn felur í sér lagalega skuldbindandi ákvæði um samdrátt í losun einstakra aðildarríkja. Landgræðsla er skilvirk leið til að binda koltvísýring í gróðri og jarðvegi. Aðgerðaáætlun Íslands í loftslagsmálum, sem samþykkt var 2010, felur í sér samdrátt í nettólosun gróðurhúsalofttegunda um allt að 30% til ársins 2020.

■ Ísland er aðili að **Ramsarsamningnum um votlendi**, sem hefur það markmið að stuðla að verndun og skynsamlegri nýtingu votlendissvæða, sérstaklega alþjóðlegra mikilvægra búsvæða fyrir votlendisfugla. Áhersla er lögð á mikilvægi þess að koma í veg fyrir tap votlendissvæða og koma á þjóðaráætlunum um endurreisn votlendissvæða.








# Ekki lenda í VILLIKETTINUM!!!

# SUIT REYKJAVÍK

Skólavörðustígur 6 - 527-2820











Vegna manneklu þarf forstöðumaður fangelsisins að Kvíabryggju reglulega að gæta fanganna sem þar eru einsamall:

# Mannfæð er á vöktum vegna manneklu í fangelsinu

**FANGELSISMÁL** Fangelsin á Íslandi geta ekki mannað stöður í veikindaforföllum. Þetta varð meðal annars til þess að enginn fangavörður var á Kvíabryggju á tímabili á þriðjudag í síðustu viku. Þetta staðfestir Garðar Svansson, trúnaðarmaður fangavarða á Kvíabryggju.

Í fangelsinu eru alla jafna varðstjóri og fangavörður á dagvakt, auk forstöðumanns, og einn fangavörður á næturvakt með 22 fanga. Þennan dag var aftur á móti bara einn á vakt ásamt forstöðumanni. „Og sá sem var á vaktinni þurfti að fara með mann til læknis. Á meðan var enginn, hvorki varðstjóri né fangavörður, á staðnum, bara forstöðumaðurinn,“ segir Garðar. Stofnanir Fangelsismálastofnanir eigi, vegna niðurskurðar, erfitt með að kalla inn aukamannskap í forföllum. Þetta ógni öryggi fangavarða. „Virkilega, því fangelsi landsins eru klárlega undirmönnuð,“ segir hann.

Birgir Guðmundsson, forstöðumaður fangelsisins, segir ekkert meiri manneklu í fangelsinu þessa dagana en venjulega. Ekki vinni margir á Kvíabryggju þannig að það sé ekki alltaf hægt að kalla inn á aukavaktir. „En þá er það þannig að ég er bara á staðnum í staðinn,“ segir Birgir. Hann kannast við það að hafa verið einn í fangelsinu á þriðjudag í síðustu viku í fáeina klukkutíma. „Það er bara alvanalegt hér. Hér er ekki öryggisfangelsi.“

Birgir telur fangelsið nægilega mannað, nema helst á nóttunni. „Þar sem maður er hálfan sólarhringinn einn,“ segir Birgir.

Margrét Frímannsdóttir er forstöðumaður bæði á Litla-Hrauni og á fangelsinu að Sogni. Hún segir starfsmannamál þar í góðu horfi.

„Við getum alltaf mannað allar vaktir hér. Aukavaktir eru alltaf mannaðar,“ segir hún. Litla-Hraun og Sogn sé í raun og veru einn og sami vinnustaðurinn, fangaverðir á Litla-Hrauni taki vaktir á Sogni og öfugt. Starfsmannahópurinn sé því mjög stór í heildina. „Ég er með mjög fínt og gott starfsfólk,“ segir Margrét. **- jhh**



**Í FANGAKLEFA** Fangelsið á Kvíabryggju er ekki öryggisfangelsi og því eru herbergi fanganna ekki rammgerð. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR




Norse Projects 8.990.-



Libertine-Libertine 16.990.-



Norse Projects 23.990.-



Red Wing 49.990.-

HÚRRA REYKJAVÍK

HVERFISGATA 50 | 101 REYKJAVÍK | 571 7101 | WWW.HURRAREYKJAVIK.IS




**NORNAHRAUN** Hraunið þenur sig aðallega út til norðurs þessa dagana. MYND/JÍ/GROPEDERSEN

# Nornahraun nær yfir 80 ferkílómetra lands

Virknin á gosstöðvunum í Holuhrauni minnkar jafnt og þétt. Gæti þó haldið áfram næstu árin, segir eldfjallafræðingur. Smágos í Tungnafellsjökli er hugsanlegt en þar er aukin jarðskjálftavirkni. Nornahraun stækkar, en hægt núorðið.

**NÁTTÚRA** Hraunið sem rennur frá eldstöðinni í Holuhrauni þekur nú 80 ferkílómetra lands á svæðinu norðan við Dyngjujökul. Aukin jarðskjálftavirkni hefur mælst norðan Tungnafellsjökuls síðustu daga, en svæðið hefur verið virkt síðan umbrotin í norðvestanverðum Vatnajökli hófust um miðjan ágúst. Ekki er útilokað að virknin gæti endað með litlu eldgosi.

Ármann Höskuldsson, eldfjallafræðingur hjá Jarðvísindastofnun, segir, spurður um þróun eldgossins þessar vikurnar, að hægt og bítandi dragi úr allri virkni á svæðinu eins og vísbendingar í nær öllum gögnum frá Bárðarbungu sýni.

„Þetta er allt að draga sig saman, allt sem er að gerast er í kringum gígana og engar langar opnar hraunrásir lengur sem þýðir að eldgosið er allt að hægja á sér. Það þýðir líka að gosið getur verið í þessum gír í mörg ár. Þetta er ekkert að klárast á morgun eða næstu daga. Það góða er að gasútstreymið er miklu minna, sem eru bestu fréttirnar þó að logi þarna eitthvað fram á næsta ár,“ segir Ármann.

Hraunrennsli er aðallega í norður frá gígunum og stór hluti norðurjaðarsins er virkur. Hrauná nær nú í 14 kílómetra fjarlægð frá gígunum, til norðausturs.



**„Það virðist eins og hann sé að taka við einhverju frá Bárðarbungu; eitthvert hliðarskot sem erfitt er að segja til um hvernig endar. Það gæti endað með Fimmvörðuhálsgosi eða einhverju í líkingu við það.**

*Ármann Höskuldsson, eldfjallafræðingur hjá Jarðvísindastofnun.*

## Tungnafellsjökull er gömul eldstöð

Vonarskarð heitir svæðið milli Tungnafellsjökuls og Vatnajökuls (Bárðarbungu). Á þessu svæði eru þrjár megineldstöðvar. Vestast er Tungnafellsjökull sem virðist nokkuð gömul eldstöð og allmikið rofin. Í toppi hennar er lítil askja en yfirborðsjarðhiti hefur ekki fundist. Í miðið er Vonarskarð, sem grípur inn í austurhlíðar Tungnafellsjökuls. Austast er Bárðarbunga og er hún yngst þessara þriggja megineldstöðva.

Vonarskarðseldstöðin er yfir 10 kílómetrar í þvermál og má rekja öskjurima í henni vestanverðri sem gengur upp í lághlíðar Tungnafellsjökuls. Ljóst er af þeim litlu rannsóknum sem fram hafa farið að askjan er nokkur hundruð þúsund ára gömul. Á suðurrimanum eru áberandi líparítmyndanir sem hafa myndast við gos undir jökli.

Heimild: Haukur Jóhannesson, ÍSOR.

Spurður um virknina í Tungnafellsjökli, og hvort hún hafi einhverja sérstaka þýðingu, segir Ármann erfitt um það að segja. „Það virðist eins og hann sé að taka við einhverju frá Bárðarbungu; eitthvert hliðarskot sem erfitt er að segja til um hvernig endar. Það gæti endað með Fimmvörðuhálsgosi eða einhverju í líkingu við það. Þó að það sé sig í Bárðarbungu þá þarf hún greinilega að koma meiru frá sér en hún losar út í Nornahraunið,“ segir Ármann.

Nú eru rétt rúmlega fjórir mánuðir síðan jarðhræringarnar hófust við Bárðarbungu.

Gögn sýna að mesta virknin í kvikuganginum, eða mesta orkulosunin, var vikuna áður en sprungugosið hófst eða á meðan gangurinn var að ryðjast fram.

Orkulosunin í ganginum núna er 10.000 sinnum minni en þá var.

**svavar@frettabladid.is**

# LENGRI AFGREIÐSLUTÍMI Í REYKJAVÍK OG Á AKUREYRI




**Reykjavík**
Í dag, föstudag og mánudaginn 22. des
verður opið frá kl. 8 - 18.

**Akureyri**
Laugardaginn 20. des verður opið frá kl. 10 - 13.
Þriðjudaginn 23. des verður opið frá kl. 8 - 17.

**Hámarksstærð pakka er 0,5 x 0,5 x 0,5 m og hámarksþyngd 45 kg.**

EIMSKIP Flytjandi



**Á STRÖNDINNI VIÐ KHAO LAK** Kusol Wetchakul fer með bænir sínar þann 29. desember árið 2004 í minningu systur sinnar, sem var ein þeirra sem létu lífið í hamförunum þremur dögum fyrr. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Hamfarirnar miklu áratug síðar

Flóðbylgjan mikla í Indlandshafi varð 230 þúsund manns að bana á annan dag jóla árið 2004. Áratugur er liðinn en hamfarirnar eru enn greyptar í huga þeirra sem upplifðu þær. Sjónvarpsfréttakona kom á vettvang í Phuket daginn eftir, þegar dauðinn var enn allsráðandi.

Guðsteinn Bjarnason
gudsteinn@frettabladid.is



**TAÍLAND, AP** „Við vorum að klára síðustu tökuna þegar sólin tók að rísa,“ skrifar taílenska sjónvarpsfréttakonan Tassanee Veijpongsa. Hún kom ásamt tökumanni sínum til Phuket daginn eftir að flóðbylgjan mikla skall á ströndinni þar.

„Þetta hafði verið löng nótt fréttaflutnings frá því sem virtist ætla að verða ótrúlegar náttúruhamfarir víða í löndum Suður-Asíu. Einn dagur var liðinn frá því flóðbylgjan mikla lagði í rúst hina frægu ferðamannastaði á ströndinni við Phuket, þegar við fengur fregnir af hinum rólega strandbæ Khao Lak stuttu norðar.

Þegar bifreiðin ók niður í áttina að Khao Lak starði ég út um gluggann á víðáttumikla strandlengjuna. Venjulega er þessi draumkennda strönd þakin hvítum sandi og slútandi kókostrjám. Nú var hún stráð marglitu braki og eyðileggingu svo langt sem augað eygði. En hve þetta er litríkur glundroði, hugsaði ég með mér.

Bílstjórinn okkar hægði á bifreiðinni og virtist vera að átta sig á því, rétt eins og ég, að þessi litur var hvorki rusl né rústir, heldur lík af fólki. Lík af ferðamönnum, sveipuð skrautlegum litklæðum sem fólk klæðist gjarnan í strandfríum. Bjartir gulir litir og djúprauðir, sundföt og sólklæðnaður.

Þögnin var yfirþyrmandi. Engin önnur lifandi vera var neins staðar nálæg.

Þessi sjón, og þetta skelfingaraugnablik þegar ég áttaði mig á umfangi hamfaranna, hefur aldrei horfið úr huga mér.“

## ÁRATUGUR LIÐINN

**Þann 26. desember árið 2004 varð 9,2 stiga jarðskjálfti út af strönd norðanverðrar Súmötru, stærstu eyju Indónesíu. Skjálftinn hratt af stað gríðarmikilli flóðbylgju út yfir Indlandshaf sem barst til fjórtán landa og kostaði meira en 230 þúsund manns lífið. Sautján hundruð manns misstu heimili sín.**

| Manntjón | Dánir* | Heimilislausir |
|---|---|---|
| 1. Indónesía | 167.736 | 500,000+ |
| 2. Sri Lanka | 35.322 | 516.150 |
| 3. Indland | 18.045 | 647.599 |
| 4. Taíland | 8.212 | 7.000 |
| 5. Sómalía | 289 | 5.000 |
| 6. Mjanmar | 500 | 3.200 |
| 7. Maldívueyjar | 108 | 15.000+ |
| 8. Malasía | 75 | n/a |
| 9. Tansanía | 13 | 200 |
| 10. Seychelles-eyjar | 3 | n/a |
| 11. Bangladess | 2 | n/a |
| 12. Suður-Afríka | 2 | n/a |
| 13. Kenía | 1 | n/a |
| 14. Madagaskar | > 200 | 1.000 |
| Alls | ~230.000 | ~1.690.000 |

**Fjárhagstjón metið á 950 milljarða króna**



**FLÓÐBYLGJUVIÐVÖRUN**
Viðvörunarkerfi var komið upp í Indlandshafi árið 2006 í kjölfar hamfaranna 2004.

Þrýstinemar á hafsbotni nema afbrigðilegar hreyfingar hafinu og senda boð upp í baujur á yfirborði hafsins. Þaðan eru upplýsingarnar sendar áfram í gegnum gervihnetti til eftirlitsstöðva á landi




**Risaflóðbylgja:** Ris hafsbotnsins ýtir af stað um það bil 30 rúmkílómetrum af sjó. Ölduhæðin varð allt að 30 metrar.

**Stærð:** Skjálftinn mældist 9,2M , sá þriðji stærsti sem vitað er um

- **Jarðskjálftinn stóð yfir í allt að tíu mínútur - lengur en dæmi eru þekkt um**
- **Talið hafa stytt daginn um 6,8 míkrósekúndur og fært jarðmöndulinn um 7 sentimetra**
- **Orkan sem leystist úr læðingi jafnast á við 23.000 Híroshima-sprengjur**

**Með dánum eru talin þau sem enn er saknað

Heimildir: USGS, NASA, A Flying start, Then a Slow Slip e. Roger Bilham © GRAPHIC NEWS



**LIFÐU AF HAMFARIRNAR** Í Banda Aceh á Indónesíu, þar sem eyðileggingin varð einna mest, búa hjónin Rusli Abdul Rahman og Fardhiah ásamt syni sínum. Þau voru nágrannar en misstu bæði maka sína og átta börn, sem sjá má á myndunum. NORDICPHOTOS/AFP



**AUÐ STRÖNDIN** Á vesturströnd Aceh-héraðs í Indónesíu hefur enginn þorað að byggja eftir hamfarirnar 2004. Parna var á sínum tíma lífleg byggð iðandi af fólki.



the PIER
50% AFSLÁTTUR
AF ALLRI JÓLAVÖRU
JÓLAOPNUN
Smáratorg | Korputorg | Glerártorg
22. DES 11.00–22.00 11.00–22.00 11.00–22.00
23. DES 11.00–23.00 11.00–22.00 11.00–23.00
24. DES 09.00–12.00 09.00–12.00 09.00–12.00
25. DES LOKAÐ LOKAÐ LOKAÐ
26. DES LOKAÐ LOKAÐ LOKAÐ
KLÁRAÐU AÐ VERSLA JÓLAGJAFIRNAR Í PIER
Myndarammar ýmsir litir frá 990,-
Klukka verð áður 3.990,- NÚ 3.192,-
Klukka áður 2.990,- NÚ 2.392,-
20% AFSLÁTTUR AF SKILTUM, SPEGLUM OG KLUKKUM
Soul mate skilti áður 2.990,- NÚ 2.392,-
Keep out skilti áður 1.990,- NÚ 1.592,-
ALWAYS KISS YOUR "SOUL MATE" GOOD NIGHT
KEEP OUT
Speglar 30x30cm. Verð áður 1.990,- NÚ 1.592,-
Kúluljós verð áður 7.990,- NÚ 6.392,-
Klukka áður 3.990,- NÚ 3.192,-
20% AFSLÁTTUR
Klukka áður 2.990,- NÚ 2.392,-
Lampar verð áður 5.990,- NÚ 4.792,-
20% AFSLÁTTUR AF LÖMPUM OG LJÓSUM
Kertastjakar verð frá 590,-
Tusson snyrtiborð Stærð: 75x40xH140cm. verð 39.900,-
Náttborð verð frá 16.990,-
20% AFSLÁTTUR AF KERTASTJÖKUM
VINSÆLU NÁTTBORÐIN KOMIN AFTUR
A WORLD OF INSPIRATION the PIER FOR YOUR HOME
Preziosa skartgripaskápur Stærð: 51x36xH109,5cm. Verð 59.900,-
Smáratorgi 522 7860 • Korputorgi 522 7870 • Glerártorgi 522 7880
Erum á Facebook

# Jólagjafir
## - fyrir heimilin í landinu

**Pioneer** HLJÓMTÆKI

X-SMC01BT-K

### Hljómtækjastæða vegghengjanleg

2x10W, Bluetooth, FM útvarp, geislaspilari CD-R/CD-RW, USB, MP3, WMA

3 litir



Verð: 44.900,-

**Nú án vörugjalda 33.900,-**

**Pioneer** HLJÓMTÆKI

PIX-CM32BT-K

### Hljómtækjastæða með Bluetooth

30W (15W + 15W RMS) (8Ω) - 2-Way Bass-Reflex Hátalarar - MP3, WMA - AM/FM Útvarp m.45 st.minni - Innbyggt Blueooth - Pioneer Wireless Streaming App - iPod, iPhone, iPad í gegnum USB

3 litir



Verð: 49.900,-

**Nú án vörugjalda 39.920,-**

**Pioneer** HLJÓMTÆKI

PL-990

### Plötuspilari

Alsjálfvirkur, 33/45 snúninga, reimdrifinn, innbyggður formagnari

Verð: 39.900,-

**Nú án vörugjalda 31.920,-**



**Pioneer** HLJÓMTÆKI

X-EM12

### Hljómtækjastæða

2x15W magnari, FM útvarp m. 30stöðva minni, geislaspilari, USB afspilun

Verð: 27.900,-

**Nú án vörugjalda 22.320,-**



## Leikum okkur

Nintendo

Wii U



***SUPER SMASHBROS***

*og allar AMIIBO fígúrurnar*



CELESTRON



**25% afsláttur**

**Góðir sjónaukar í miklu úrvali**

## veho. *Sportmyndavélar*

*NPNG útgáfa - 1080@60fps og 720p@120fps - Innbyggð WiFi tenging - Snjallforrit fyrir Android og Apple iOS - 16MP ljósmyndir - LCD Skjár og losanleg 1500mAh rafhlaða - Vatnshelt hylki á 100m fylgir - Festingar og 8GB kort fylgja - Kemur í með flottri tösku. (Lýsing á við K-2)*




***Veho Sportmyndavél K-1***

*án tösku, skjás og hylkis* ***kr. 36.900,-***



***Verð: 54.900,- kr.***

MUVI K-SERIES

***Fyrir bretta- og hjólastráka og –stelpur:***

*Snjóbretti að verðmæti 80.000 kr. í vinning þ.e. allir, sem kaupa VEHO vélar 19. til 30. Desember fara í pott og verður dreginn úr einn vinningshafi hinn 31.12. og það tilkynnt á Facebook ORMSSON*




veho.

## VELDU VANDAÐ - ÞAÐ BORGAR SIG ALLTAF

brabantia®

solid company

*get together*



OBH NORDICA

Kaffivélin frábæra sem sýður vatnið. Fæst í 3 litum.

**Jólatilboð:**

**19.990**



## NIVONA

Þessi hágæða og vel hannaða kaffivél svarar öllum kröfum kaffigæðinga.



**Jólatilboð:**

**89.900**

ZWILLING

***Hágæðavara***

*Hnífasett með kubb, hnífasett, steikarsett, barnahnífaparasett.*



## Handryksugan frábæra




**Jólatilboð: 3.990**

bodum®

***Nytjalist í hæsta gæðaflokki***



# Ævintýraleg nálgun

Bognu sjónvörpin eru komin til að vera.
Bogna formið er ekki bara glæsilegt, það veitir líka dýpri og meiri myndupplifun. Uppáhalds þættina þína, kvikmyndir og íþróttaviðburði upplifir þú á alveg nýjan hátt með þeirri tilfinningu að allt sé að gerast í kringum þig.
Það er auðvelt að skilja hversvegna stöðugt fleiri velja sér bognu sjónvörpin.

Curved UHD TV



**SAMSUNG**

SAUE55HU7205UXXE

Stærð: 55" eða 138cm
Upplausn skjás: 3840x2160 (4K)
Tegund skjás: Samsung Ultra Clear
UHD Upscaler: Já
Rið: Clear Motion Rate 800
3D: Nei

**55" UH55HU7205 560.000.-**
**NÚ ÁN VÖRUGJALDA. 448.000.-**

**65" UH65HU7205 749.900.-**
**NÚ ÁN VÖRUGJALDA. 599.920.-**



**SAMSUNG**

SAUE65HU8505QXXE

Stærð: 65" eða 163cm
Upplausn skjás: 3840x2160 (4K)
Tegund skjás: Samsung Ultra Clear
UHD Upscaler: Já
Rið: Clear Motion Rate 1200
3D Stuðningur: Já, ásamt 2D to 3D Converter

**55" UH55HU8505 749.900.-**
**NÚ ÁN VÖRUGJALDA. 599.920.-**

**65" UH65HU8505 1.159.900.-**
**NÚ ÁN VÖRUGJALDA. 927.920.-**




**SAMSUNG**

UE48H6675
LED SJÓNVARP · 600 Hz. ·
Full HD 1920x1080p
3D · SMART TV · Gervihnatta
móttakari · Micro Dimming ·
Gervihnatta móttakari

**48"**
**229.920** Verð áður 287.400

**55"**
**295.900** Verð áður 369.000

**SAMSUNG**

UE32/40/55/65H6475
LED sjónvarp · 400 CMR (rið)
3D · smart TV með þráðlausu neti.

**32" 119.920** áður 149.900
**48" 189.900 Jólatilboð**
**55" 279.920** áður 349.900
**65" 499.000** áður 649.900




FYRIR HEIMILIN Í LANDINU
**ORMSSON**
LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800 · ormsson.is

**OPIÐ**
**KL. 10 -21**
**Í KVÖLD OG Á**
**ÞORLÁKSMESSU**

**SAMSUNG SETRIÐ**
SÍÐUMÚLA 9 · SÍMI 530 2900 · samsungsetrid.is

| | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **ORMSSON** | **ORMSSON** | **KS** | **SR · BYGG** | **ORMSSON** | **ORMSSON** | **ORMSSON** | **ORMSSON** | **ORMSSON** | **GEISLI** |
| KEFLAVÍK | ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI | SAUÐÁRKRÓKI | SIGLUFIRÐI | AKUREYRI | HÚSAVÍK | VÍK-EGILSSTÖÐUM | PAN-NESKAUPSTAÐ | ÁRVIRKINN-SELFOSSI | VESTMANNAEYJUM |
| SÍMI 421 1535 | SÍMI 456 4751 | SÍMI 455 4500 | SÍMI 467 1559 | SÍMI 461 5000 | SÍMI 464 1515 | SÍMI 471 2038 | SÍMI 477 1900 | SÍMI 480 1160 | SÍMI 481 3333 |




**MÁ BJÓÐA ÞÉR KÖKU?** Rúmenar minntust þess í gær að aldarfjórðungur er liðinn frá því að íbúar landsins risu upp gegn einræðisherranum Nicolae Ceausescu og bundu enda á ógnarstjórn hans. Athafnir fóru fram víða um land, meðal annars í höfuðborginni Búkarest þar sem eldri kona bauð hermönnum smá snarl. FRÉTTABLAÐIÐ/AP




**VIÐ KJÖRBORÐIÐ** Síðari umferð fyrstu lýðræðislegu forsetakosninga Túnis fór fram um helgina. Kosið var á milli Moncef Marzouki, sem var kosinn forseti af stjórnlagaþingi landsins fyrir þremur árum, og Beji Caid Essebsi. Sá síðarnefndi hlaut fleiri atkvæði í fyrri umferðinni. Á undan Marzouki sat einræðisherrann Zine El Abidine Ben Ali sem forseti í 23 ár. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

## ÁSTAND HEIMSINS







**VINSÆLL** Pablo Iglesias er formaður spænska vinstri flokksins Podemos. Flokkurinn var stofnaður í upphafi árs og náði átta prósenta fylgi í Evrópukosningum þessa árs. Í skoðanakönnunum nú mælist flokkurinn stærsti flokkur landsins. Flokksmenn vilja berjast gegn spillingu og sækja þá til saka sem komu landinu á hliðina. Podemos þykir líklegur til afreka í þingkosningunum sem eiga að fara fram í desember 2015. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP




**MÓTMÆLA FJÖLDAMORÐUM** Mannfjöldi kom saman víða í Pakistan til að mótmæla voðaverkum talibana en hópur þeirra myrti ríflega hundrað börn í Peshawar fyrir tæpri viku. Hryðjuverkasamtökin al-Kaída hafa fordæmt árásina og kallað hana óíslamska. FRÉTTABLAÐIÐ/AP




**GJAFAÚTDEILING** Alassane Ouattara, forseti Fílabeinsstrandarinnar, og Dominique Ouattara, eiginkona hans, gefa börnum jólagjafir í garði forsetahallarinnar í Abidjan. Um 3.000 börnum af fósturheimilum víðs vegar um landið var boðið í heimsókn. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP




**MÚGUR OG MARGMENNI** Þessi mynd sýnir Kim Jong-Un, forseta Norður-Kóreu, heimsækja vefnaðarverksmiðju í Pjongjang kennda við Kim Jong-Suk, fyrstu eiginkonu Kim Il-Sung og móður Kim Jong-Il. Ekki er vitað hvenær myndin er tekin en hún er fengin frá norðurkóreska ríkisfjölmiðlinum KNCA. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

# Gleðileg epla jól



iPad Air 2

Verð frá **89.990.-**

Silfur - Gull - Dökkgrár

iPad mini

Verð frá **46.990.-**

Silfur - Dökkgrár

EPLI

Verslanir á Laugavegi 182 og í Smáralind • sími 512 1300 • epli.is

# ÁRIÐ 2014 SÉÐ MEÐ AUGUM GUNNARS KARLSSONAR
































BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# Afgreiðslutími til jóla í Bónus

| | | |
|---|---|---|
| 22.des. | *Mánudagur* | 10:00-22:00 |
| 23.des. | *Þriðjudagur* | 10:00-22:00 |
| 24.des. | *Aðfangadagur* | 10:00-14:00 |

Vinsælasta *jólagjöfin* í Bónus




# Gjafakort Bónus

## er gjöf sem kemur að góðum notum fyrir alla

SPARAÐU TÍMA OG FYRIRHÖFN. GEFÐU GJAFAKORT BÓNUS

Bónusgjafakortið fæst nú til afgreiðslu í öllum verslunum Bónus

Skrifstofa Bónus: Opin alla virka daga kl. 9-17 Skútuvogi 13 Sími: 527 9000

VALITOR BÓNUS EKKERT BRUÐL

**Afgreiðslutími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00 •

Maðurinn gengur illa um jörðina og skaðar hana:

# Við skiljum eftir okkur djúp spor

Þar sem maðurinn kemur ekki nærri, þar eru engir sorphaugar, þar er ekkert afgangs. Þar sem maðurinn kemur ekki þar þrífst dýraríki og jurtaríki með sjálfbærri þróun. Þar sem maðurinn er, þar fer margt á verri veg. Hvað er það sem gerir að við getum ekki farið um með friði? Því þarf að eyðileggja svo margt? Getum við ekki farið okkur hægar? Tekið meira tillit til náttúrunnar?

Fréttablaðið hefur, í vönduðum fréttaskýringum, bent okkur á hversu miklir fantar við erum. Við höfum með ágangi okkar, alveg frá landnámi og til dagsins í dag, sett okkar mark á náttúruna. Með framgöngu okkar höfum við haft mikil áhrif á lífsskilyrði fugla, fiska í ám og á veðurfar.



Sigurjón Magnús Egilsson
sme@frettabladid.is

Brynhildur Davíðsdóttir, sem er hvort tveggja líffræðingur og hagfræðingur, hefur ítrekað bent okkur á að við verðum að meta og virða hversu mikið náttúran getur þjónað okkur. Ef við ætlumst til of mikils af náttúrunni þá fer illa. Í fréttaskýringu Svavars Hávarðssonar í blaðinu í dag segir:

„Stór hluti þeirra vistkerfa sem einkenndu Ísland við landnám hefur glatast og búsvæði fjölbreyttra lífvera hefur hnignað í beinu samhengi. Mikilvægi þess starfs sem lýtur að því að endurheimta gróður- og jarðvegsauðlindir landsins er óumdeilt, en fáir hafa það kannski hugfast eftir hversu miklu er að slægjast – bæði í lífsgæðum og fjárhagslega.“ Þar segir einnig:

„Guðmundur Halldórsson, rannsóknarstjóri hjá Landgræðslunni, segir að gríðarlega margt hafi tapast; Íslendingar hafi lifað af þurrlendisvistkerfum landsins um aldir og álagið hafi tekið sinn toll. „Við áttum okkur ekki oft á því að þegar gróður hvarf af hálendinu hafði það töluverð áhrif á veðurfar. Þetta hafa rannsóknir sérfræðinga Veðurstofu Íslands sýnt fram á. Meðal þess sem tengist því er hversu miklu hraðar sandarnir hitna en gróið land. Það hefur líka áhrif á vatnafar. Þegar gróður hverfur þá heldur landið ekki vatninu, sem á skömmum tíma hverfur í næsta árfarveg og til sjávar. Þetta skiptir gríðarlega miklu máli,“ segir Guðmundur.“

Hvað ef við viljum girða okkur í brók? Hvað ber að gera? Græða upp landið, og það strax. Það liggur á. Hver hektari lands, þar sem aðeins þarf að styrkja gróður með áburðargjöf, kostar helmingi minna en þar sem bæði þarf áburð og grasfræ. Ef allt er farið á versta veg nálgast kostnaðurinn að vera tífaldur. Það má áætla að hver hektari kosti um 60 til 70 þúsund þegar aðeins þarf áburð en hálfa milljón þegar beita þarf öllum úrræðum til þess að endurheimta illa farið land. Ef menn vilja leika sér með tölur þá má minna á þá 500.000 hektara lands sem landgræðslustjóri telur brýnt að ráðast í að bæta sem allra fyrst – og hvað aðgerðarleysi kostar.

Við keppumst við að hafa hallalaus fjárlög, annað kostar okkur svo mikið. Opnum einnig augun fyrir þeim staðreyndum sem bent hefur verið á með ástand landsins. Allt hik kostar mikið, kostnaðurinn getur tífaldast. Aðgerðir strax.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Sigurjón M. Egilsson *sme@frettabladid.is.* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Hvar er fylgið mitt, fylgið mitt?

Hafi Framsóknarfólk gert ráð fyrir að skuldaleiðréttingin skilaði flokknum auknu fylgi, þá hefur það ekki ræst, ekki enn sem komið er hið minnsta. Egill Helgason vekur athygli á þessu og bendir á þessar staðreyndir: „Fyrirheitin um að ná einhverjum stórkostlegum fjárhæðum af erlendum kröfuhöfum virðast ekki ætla að rætast. Svo eru í uppsiglingu tvö mál sem gætu valdið stórkostlegum deilum – svo nánast allt annað bliknar – og leikið Framsóknarflokkinn sérlega grátt. Það er annars vegar kvótasetning makríls og hins vegar frumvarp sem myndi tryggja útgerðinni nýtingarrétt á kvóta í hálfan aldarfjórðung við afar vægu gjaldi.“



### Klofningur í nýjum samtökum

Útgerðin í landinu hefur lagt niður LÍÚ og fleiri samtök og sameinast undir merkjum SFS, en þó ekki. Guðmundur Kristjánsson, útgerðarmaður í Brimi, ætlar ekki að vera með í nýju samtökunum. Hann nefndi þessa ákvörðun sína í þættinum Sprengisandi á Bylgjunni í gær, þar sem hann sagðist ekki vera sá eini sem það kysi. Fleiri útgerðarmenn nýta sér breytingarnar og segja skilið við samtökin. Trúlegast er útgerð Guðmundar sú langtum stærsta sem verður utan nýju samtakanna.

Nú er að sjá hvort fyrirtækin, sem standa utan, verði áfram með þann háttinn á, eða stofni til nýrra samtaka.



### Útsölur í jólaösinni

Jónas Kristjánsson segir útsölur hafnar. Hann segir kaupmenn sitja uppi með dýran lager, að fólk kaupi ekki og sé hætt að taka þátt í „hagvextinum“. „Ýmist sparar það peningana eða á ekki peningana.“ Hann segir svokallaðan hagvöxt engan vera, þvert ofan í fullyrðingar ríkisstjórnar og seðlabanka. „Enda mælir hann bara viðskiptaveltu, sem er undir væntingum. Of margir vita, að góðærið er bara venjuleg ímyndun forsætisráðherra. Fólk vill ekki sitja auralaust undir næstu hremmingum.“ Jónas segir lækna segja upp og að engir komi í staðinn. Það er uggur í fólki og hann kemur niður á jólakaupmönnum.

sme@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Auðlindir í eigu þjóðar

AUÐLINDIR



**Eva Baldursdóttir**
lögfræðingur og form. Félags frjálslyndra jafnaðarmanna

Auðlindir Íslands eru okkar þjóðararfur og hafa lengi verið undirstaða hagsældar og framfara þjóðarinnar. Verðmætin sem nýting auðlindanna skapar ræður miklu um lífskjör okkar og stendur undir stórum hluta samfélagslegrar þjónustu.

Umræðan um náttúruauðlindir í þjóðareign á sér langa sögu og byggir meðal annars á þeirri einföldu kröfu að þjóðin, sem eigandi auðlindanna, fái sanngjarna auðlindarentu fyrir sérleyfi til að nýta þær. Á undanförnum áratugum hafa verið gerðar sex tilraunir til að setja ákvæði um auðlindir í þjóðareign í stjórnarskrá. Tvö heildstæð frumvörp til nýrrar stjórnarskrár hafa komið fram á lýðveldistímanum og bæði falið í sér auðlindaákvæði; frumvarp Gunnars Thoroddsen forsætisráðherra frá 1983 og frumvarp stjórnlagaráðs. Orðalag ákvæðisins í tillögum stjórnlagaráðs tryggir að aldrei skapist óafturkræfur einkaeignarréttur á auðlindum í þjóðareigu. Í ákvæðinu kemur m.a. fram að á grundvelli laga sé heimilt að veita leyfi til afnota auðlinda, gegn fullu gjaldi og til hóflegs tíma í senn. Fullt gjald vísar hér til markaðsvirðis en það eitt og sér er þungavigtarbreyting sem tryggir að auðlindir séu ekki boðnar á hrakvirði af hálfu stjórnvalda á hverjum tíma.

Rót vandans er að hér á landi höfum við ekki lokið því brýna verkefni að tryggja að sanngjarn hluti auðlindarentunnar renni til eiganda auðlindanna. Aflaheimildum sem nú er úthlutað undir markaðsvirði og magnsala raforku á of lágu verði felur í sér að auðlindarentunni er ráðstafað annað en til eigandans. Um er að ræða gífurleg verðmæti og í tímans rás hafa þeir sem hafa fengið úthlutað aðstöðu til að innheimta auðlindarentuna varist af hörku umræðu um sanngjarnari skiptingu. Þrátt fyrir þá andstöðu hafa 83% kjósenda lýst yfir stuðningi um ákvæði um þjóðareign auðlinda í stjórnarskrá í þjóðaratkvæðagreiðslu um tillögur stjórnlagaráðs. Núverandi skipan auðlindamála endurspeglar því ekki þjóðarviljann.

Auðlindamálin eru ekki aðeins eitt stærsta pólitíska mál samtímans, heldur einnig framtíðarinnar og komandi kynslóða. Áskorunin er að láta almannahag en ekki ríka einkahagsmuni stýra umræðunni um úthlutun sérleyfa til nýtingar auðlinda okkar og sanngjarna skiptingu auðlindarentunnar. Krefjumst þess að farið verði eftir þjóðarviljanum og leggjum þannig okkar af mörkum til að komandi kynslóðir fái notið hágæða almannaþjónustu og jafnra tækifæra – óháð efnahag.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **AÐSTOÐARFRÉTTASTJÓRI:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is* **VIÐSKIPTI:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Erla Björg Gunnarsdóttir *erla@frettabladid.is*
**MENNING:** Friðrika Benónýsdóttir *fridrikab@frettabladid.is* **VÍSIR:** Kolbeinn Tumi Daðason, *kolbeinntumi@365.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Um þessar mundir

Í DAG
**Guðmundur Andri Thorsson**
rithöfundur



Jólaguðspjallið er saga um ljós og myrkur. Þar sjáum við vald og valdaleysi, fátækt og ríkidæmi, styrk og veikleika. Allt fólkið í heiminum er þar andspænis einu litlu barni. Þetta er saga um mátt hins veika og magnleysi hins sterka. Þetta er saga um lögmálin í lífinu.

Er hún sönn? Að sjálfsögðu.

„Gerðist“ hún? Það vitum við ekki. En sönn er hún.

**En það bar til um þessar mundir …**

Strax í upphafi erum við minnt á umsvif hins sterka sem bitna á þeim veiku. Við erum stödd í sjálfu heimsveldinu, Rómaveldi, og Ágústus keisari, valdamesti karl í víðri veröld, sendir „boð“ um að skrásetja alla heimsbyggðina – hvorki meira né minna – til þess að geta lagt skatt á hvert einasta vinnandi mannsbarn, til að fjármagna eigið gjálífi. Við fáum þannig strax fram hið ýtrasta veraldlega vald og sjáum hvernig það ráðskast með þær manneskjur sem undir því hafa lent.

Jósep og María eru án jarðnæðis, ógift og án atvinnu. Þau eiga ekkert, varla einu sinni barnið sem María ber undir belti því að þetta barn er Mannssonurinn og tilheyrir öllum. Þau eru mannkynið, förufólk; hver sem er; fólk sem við sjáum enn á ferð um Jörðina í leit að staðfestu og viðurværi og er illa tekið af mörgum og vel af öðrum, allt eftir því hvort fólk hefur tamið sér að hafa kærleikann að leiðarljósi eður ei.

Jólaguðspjallið er mýta. Og mýtur hafa fylgt mannkyni frá fyrstu tíð og eiga eftir að gera það til hins efsta dags. Þær eru einn farvegur mannlegrar hugsunar og skynjunar á heiminum og lögmálum hans – og sínum stað í sköpunarverkinu. Þær glíma við tilvistarlegar spurningar sem leita á mennina frá því að sjálfsvitund einstaklingsins vaknar. Þess vegna er ekki kannski aðalatriði þessarar sögu hvort hún hafi gerst þessu árinu fyrr eða síðar, hér eða þar, með hinum eða þessum nöfnum. Einblínum við á leit að sögulegri staðfestingu þessara sagna og almennt um líf og störf Jesú á Jörðu hér er hætt við að okkur yfirsjáist það erindi sem þessar sögur eiga við okkur og geyma í senn einfalda og skýra kröfu um rétta breytni gagnvart þeim sem á vegi okkar verða og dæmisögur sem eru merkilega opnar fyrir túlkun og vangaveltum, og snúast oftar en ekki um þversagnir tilverunnar, án auðkeyptra lausna.

**Guð býr í gróandanum, amma**

Jólaguðspjallið er um endurnýjunarmátt lífsins; það er um ófætt vor sem býr í kvistum. Það er um endurkomu sólarinnar. Það er um sigur hins veika og þjáða. Það er um eilíft líf. Það er um lamb heimsins sem mun koma og bera burt syndir heimsins. Það er um Góða hirðinn. Það er um óskiljanlega huggun.

Þetta er einföld saga um fátækt og vegalaust fólk á flóttamannaveginum sem fær inni í fjárhúsi til þess að konan megi fæða þar barn. Þessum barnsburði er lýst sem óskiljanlegu kraftaverki, jafnvel þótt ekki sé til náttúrulegri og eðlilegri atburður í mannlífinu en að kona eignist barn. En sjálft frumglæði ljóssins, frumorsökin fyrir því að lífið kviknar, er enn ráðgáta og sveipað leyndarhjúp um aldur og ævi.

Fyrir flest okkar snúast jólin um endurtekningu og einhvers konar hringrás, og endurspegla þannig lögmál lífs og dauða. Mörg okkar hafa þetta fyrir hátíð salts og sykurs; önnur svalla í bókum; enn önnur leggjast í spil. Mörgum finnst öllu varða að halda í hefðir, bæði í kosti og samveru, endurtaka skref fyrir skref, mínútu fyrir mínútu sömu jólin ár eftir ár, sömu boðin með sama fólkinu að segja sömu hlutina í sömu röð og maulandi sömu sortir; og messan í útvarpinu klukkan – og helst með séra Hjalta að lesa Jólaguðspjallið með sinni hlýlegu neftóbaksrödd: En það bar til um þessar mundir …

En Guð almáttugur? Er hann um þessar mundir? Ber hann enn til? Býr hann í endurtekningunni, amma? Er Guð til? Í þessari sögu er hann það já, og hann er líka til sem veruleiki í lífi og huga fjölmargra hér á þessari Jörð, daglegur förunautur og aflvaki. Við heyrum stundum leikna auglýsingu í útvarpinu þessa dagana þar sem lítil stúlka var að biðja jólasveininn um að passa pabba sinn í vinnunni (í heimi auglýsinganna vinna bara pabbar utan heimilis) og gefa honum eitthvað óskiljanlegt dót. Það sem er athyglisvert í auglýsingunni er hvernig Jólasveinninn hefur þar tekið svo að segja yfir athafnasvið Guðs, ýtt honum burt og sest þar sjálfur, rétt eins og gerðist með ásum þegar Óðinn ýtti Tý burt sem Guð hernaðar. Er kannski Jólasveinninn síðustu leifarnar af hefðbundinni gamalli guðstrú á algóða og alvitra karlveru með hvítt sítt skegg?

Má vera. Guð almáttugur er að minnsta kosti fjarri í lífi fjölmargra, sem kæra sig ekki um slíkt afl í tilveru sinni og komast prýðilega af án þess. En sumt fólk sér hann í stokkum og steinum, í vatninu sem rennur og í tannlausu brosi barna og öldunga. „Sá sem trúir á stein … o.s.frv.“. Fólk sér hann í himingeimnum og finnur hann inni í sér; og fólk sér hann í sólinni sem lætur grasið gróa og rigningunni sem kliðar góð á vordegi. Og fólk sér hann í verkum hans, rétt eins og við sjáum vindinn í því sem hann bærir, en aldrei hann sjálfan.

> Jólaguðspjallið er mýta. Og mýtur hafa fylgt mannkyni frá fyrstu tíð og eiga eftir að gera það til hins efsta dags. Þær eru einn farvegur mannlegrar hugsunar og skynjunar á heiminum og lögmálum hans–og sínum stað í sköpunarverkinu. Þær glíma við tilvistarlegar spurningar sem leita á mennina frá því að sjálfsvitund einstaklingsins vaknar.

Og í Jólaguðspjallinu, sem byrjar þarna í miðjum klíðum, á einhverju sem „bar til um þessar mundir“, birtist Guð okkur sem barn. Ekkert er veikbyggðara og varnarlausara en barn sem var að koma í heiminn. Ekkert er öflugra. Þetta er fagnaðarerindið og við hneigjum höfuðið í lotningu fyrir lífsaflinu sem hinum veraldlegu keisurum tekst vonandi aldrei að eyða á þessari jörð.

*Gleðileg jól.*

Full verslun af nýjum og spennandi vörum á jólatilboði!




Dúnsæng og dúnkoddi
~~23.800 kr.~~
18.900 kr.



BREYTT OG STÓRGLÆSILEG
DORMA







Rúmföt verð frá 6.990

DORMA
– býður góða nótt

Holtagörðum, Reykjavík og Dalsbraut 1 á Akureyri





# Stytting framhaldsskólans

MENNTUN



**Baldvin Ringsted**
kennslustjóri Tæknisviðs VMA

Pawel Bartoszek skrifaði nýlega pistil í Fréttablaðið um styttingu framhaldsskólans. Þar segir hann: „Það verður að skoða menntakerfið í heild sinni.“ En það gerir hann ekki. Hann virðist sammála menntamálaráðherra: allt er gott í útlöndum og aumt á Íslandi.

Pawel segir: „Í tveggja ára gamalli skýrslu menntamálaráðuneytisins kemur fram að einungis 44% íslenskra menntaskólanema ljúka námi á tilskildum tíma. Annars staðar á Norðurlöndunum er hlutfallið yfir 70%.“

Að ljúka á tilskildum tíma táknar líklega að nemandinn sé 20 ára þegar hann útskrifast sem stúdent á Íslandi. Í viðmiðunarlöndunum eru nemendur settir í fullorðinsfræðslu ef þeir ná ekki að ljúka á tilskildum tíma, fá kannski eitt ár aukalega. Nemendur í framhaldsskólum viðmiðunarlandanna fá skólastyrk, fríar bækur o.fl. Það eru til ungmenni á Íslandi sem hafa ekki ráð á skólagöngu og þurfa að slíta hana í sundur og lengja. Í viðmiðunarlöndunum er líka fjöldi styttri námsbrauta. Til dæmis er meiraprófið inni í framhaldsskólunum en íslenskir meiraprófsbílstjórar eru margir skráðir sem brottfall þar sem þeir hafa gjarnan mátað sig í skóla, fengið fínan undirbúning fyrir meiraprófið en ekki útskrifast. Tugir nemenda ljúka árlega stúdentsprófi samhliða vélstjórnarnámi sem er fimm ár, þeir eru a.m.k. 21 árs og margir eldri því þeir taka gjarnan hlé á námi til að ná sér í reynslu. Fjöldi iðnnema tekur líka stúdentspróf að loknu iðnnámi komnir yfir tvítugt.

Enn fremur segir Pawel: „Nám til stúdentsprófs verður að vera jafninnihaldslítið og í Danmörku. Kröfurnar verða að vera jafnlitlar og í Finnlandi. Þessar þjóðir eru reyndar í efstu tveimur sætum þegar kemur að svokallaðri menntunarvísitölu Sameinuðu þjóðanna.“

### Til eftirbreytni?

Finnskur kennari sem var að vinna með mér í verkefni sagði mér að allir útskrifuðust hvort sem þeir fengu 1, 2 eða 3 í einkunn. Sama hvort þeir ná áfanga eða ekki. Í Svíþjóð útskrifast stúdentar þótt þeir nái ekki áföngum. Það segir bara á skírteini að þeir hafi ekki náð fullnægjandi árangri. Er það til eftirbreytni?

Pawel segir: „Finnskir nemendur eru í grunnskóla til 16 ára aldurs. Þeir fara síðan í þrjú ár í framhaldsskóla og hefja að jafnaði háskólanám við nítján ára aldur. Danskir nemendur eru í grunnskóla til 16 ára aldurs og fara svo í framhaldsskóla. Þeir útskrifast úr framhaldsskóla 19 ára. Sama kerfi er við lýði í Noregi og Svíþjóð.“

Ef við skoðum annað viðmið, hversu margar vikur eða jafnvel klukkustundir eru nemar í skóla til stúdentsprófsins? Skólar í viðmiðunarlöndunum hafa allir lengra skólaár, frá tveimur upp í sjö vikum lengra. Skiptir það ekki máli? Segjum þrjár vikur sinnum 13 ár eða 39 vikur, þá er komið ríflega eitt skólaár í viðbót, árið sem þeim Pawel og ráðherra finnst ofaukið hér heima.

**➜ Að ljúka á tilskildum tíma táknar líklega að nemandinn sé 20 ára þegar hann útskrifast sem stúdent á Íslandi.**

Enn ein tilvitnun í Pawel: „Sé litið til þeirra fordæma gæti hugsanlega verið skynsamlegt að fela þær breytingar í móðu ólíkra námsbrauta með valkvæðum hraðbrautum áður en kerfið er samrýmt að nýju með þeim afleiðingum að allir útskrifast ári fyrr.“

Munu allir útskrifast ári fyrr ef námið er stytt um eitt ár? Sókn í framhaldsskóla hefur aukist upp í u.þ.b. 98% af árgangi sem hlýtur að hafa í för með sér mismunandi getu til náms, mismunandi áhuga og námsframvindu.

Í minn skóla innritast árlega tugir nemenda sem hafa ekki náð viðmiðum til lágmarksárangurs grunnskólans. Þeir þurfa eitt til tvö ár í hægferðum og upprifjunaráföngum áður en þeir takast á við hefðbundið efni framhaldsskólans. Einnig innritast fjöldi nema sem eru með frábæran árangur úr grunnskóla og ráða léttilega við að ljúka stúdentsprófi á þremur árum og hafa gert það. Í lögum frá 2008 var skólum heimilað að skipuleggja námsbrautir til stúdentsprófs allt að átta önnum en nú vill ráðherra, og Pawel, búa til eina ríkisleið í anda Marteins Mosdal og steypa alla í sama mót. Raunveruleikinn er bara ekki þannig.

Ef á að gera eins og hinir þarf að taka allan pakkann, ekki bara tína til það sem kostar ekkert.






# Verknám mikilvægur þáttur í betrun

MENNTUN



**Guðmundur Ingi Þóroddsson**
formaður AFSTÖÐU, félags fanga og annarra áhugamanna um bætt fangelsismál og betrun

Undanfarið hefur Fréttablaðið fjallað ítarlega um nám í fangelsum landsins. Allir viðmælendur blaðsins virðast sömu skoðunar um að nám sé besta leiðin til betrunar, minnki kostnað við fangelsiskerfið og fækki endurkomum í fangelsin. Þrátt fyrir það hefur staða námsráðgjafa við fangelsin nú verið skert úr því að vera 100% staða í að vera 50% starf.

Eins og kom fram í viðtali við Ingis Ingason, kennslustjóra á Litla-Hrauni, er hvort sem er til lítils að vera með námsráðgjafa ef of litlu fé er varið til kennslu í fangelsum. Nauðsynlegt er að þróa enn frekar námsframboð í fangelsunum og þá sérstaklega með starfsnám í huga, líkt og gert er á Norðurlöndunum.

Þá er mikilvægt að fangelsisyfirvöld semji við skólastofnanir um að þjónusta fangelsin, með sambærilegum hætti og Fjölbrautaskóli Suðurlands þjónustar fangelsin tvö á Suðurlandi. Umboðsmaður Alþingis benti á í drögum að nýlegri skýrslu sinni um Litla-Hraun að enn skorti þó á slíkar lausnir varðandi háskólanám, en að fyrirhugaður væri fundur milli fangelsisyfirvalda og menntamálaráðherra um lausn. Bendir umboðsmaður á í skýrsludrögum sínum að nám geti verið mikilvægur þáttur í endurhæfingu fanga.

Um tíma leit út fyrir að íslensk yfirvöld ætluðu sér að vera í fararbroddi á sviði betrunar með áherslu á uppbyggingu námsframboðs í fangelsum landsins. En forskotið sem Íslendingar höfðu um stund er löngu horfið, segir kennslustjórinn sem hefur séð um kennslu á Litla-Hrauni áratugum saman. „Við erum ekki lengur fremst í flokki,“ segir hann og bendir jafnframt á að yfirvöld í öðrum löndum séu fyrir nokkru búin að átta sig á hagkvæmni þess að nota nám sem betrun.

### Fangar þakklátir

Helga Lind Hjartardóttir, námsráðgjafi Fjölbrautaskóla Snæfellinga, var líka í viðtali við Fréttablaðið. Hún sinnir föngum á Kvíabryggju í sjálfboðavinnu, á leiðinni heim eftir vinnu. Það eru fleiri dæmi um slíka góðvild í garð þess mikilvæga starfs sem nám í fangelsum svo sannanlega er. Fyrir það eru margir þakklátir enda hefur það hjálpað mörgum að takast á við lífið eftir afplánun í fangelsi.

**➜ Bendir umboðsmaður á í skýrsludrögum sínum að nám geti verið mikilvægur þáttur í endurhæfingu fanga.**

Inga Guðrún Kristjánsdóttir, uppeldis- og menntunarfræðingur, sem rannsakað hefur nám í fangelsum, sagði svo í viðtali við blaðið að við hreinlega stæðumst ekki kröfur alþjóðasamfélagsins, sem við hefðum skuldbundið okkur til. Undir þetta tekur Ingis Ingason, kennslustjóri á Litla-Hrauni. Það verður ekki mikið sterkara að orði kveðið, og full ástæða til að taka heilshugar undir með þeim sem hafa tjáð sig með svo afgerandi hætti í viðtölum við blaðamann Fréttablaðsins.

Pólitísk stefnumótun í fangelsismálum hefur aldrei farið fram á Íslandi. Á fundi stjórnar Afstöðu með allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis á Litla-Hrauni í sumar var lagður grunnur að slíku samtali. Það sem meira er, það virtist sem samhljómur væri hjá stjórnmálamönnunum um mikilvægi þess að þeir mótuðu sjálfir stefnu í málaflokknum.

Umfjöllun Fréttablaðsins að undanförnu um mikilvægi náms sem lið í að fækka endurkomum í íslensk fangelsi væri gott innlegg í slíka stefnumótun.






OPIÐ 10-19
TIL JÓLA
OPIÐ ALLA DAGA TIL JÓLA FRÁ 10-19
SENDUM FRÍTT ALLAR VÖRUR TIL JÓLA
VIÐ FELLUM NIÐUR ÖLL VÖRUGJÖLD
ENGIN VÖRUGJÖLD
20%
AFSLÁTTUR AF ÖLLUM HEYRNARTÓLUM
TIL ÁRAMÓTA - MEÐAN BIRGÐIR ENDAST
2 LITIR
SONIGEAR
AIRPLUG100
Þægileg og létt heyrnartól úr mjúku siliconi sem fylla alveg upp í eyrun og útiloka öll utanaðkomandi hljóð.
1.592
VERÐ ÁÐUR 1.990
ENGIN VÖRUGJÖLD
FELLUM NIÐUR VÖRUGJÖLD Á ÖLLUM VÖRUM TIL ÁRAMÓTA
SNJALLAR JÓLAGJAFIR
ENGIN VÖRUGJÖLD OG EKKERT VESEN:)
KÜRBIS BT
AIRPHONE III
CRONOS
HOCH
SHOCK
TÖLVUTEK
LACIE
3TB FLAKKARI
LaCie Porsche er án efa glæsilegasti flakkari í heimi, kemur í höggvörðu 5mm burstuðu álhúsi.
24.900
2TB 19.900 | 4TB 29.900
1280x800 IPS
HD SKJÁR MEÐ ALLT AÐ 178° SJÓNARHORN
250% ÖFLUGRI
Í NÝJUSTU 3D LEIKJUM MEÐ INTEL CLOVER-TRAIL+ ÖRGJÖRVA
acer
ACER ICONIA
Ótrúleg spjaldtölva með 7" HD IPS skjá, tvöfalt öflugri Intel örgjörva, tveim myndavélum og gripgott Silky bak.
19.900
DRAUMA SPJALDTÖLVAN :)
8BLS
NÝR BÆKLINGUR STÚTFULLUR AF SPENNANDI JÓLAGRÆJUM
SMELLTU Á KÖRFUNA
NETBÆKLINGUR Á WWW.TOLVUTEK.IS MEÐ GAGNVIRKUM KÖRFUHNAPP
Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl
OPNUNARTÍMAR
Alla daga til jóla
10:00 - 19:00
Aðfangadag
Lokað
TÖLVUTEK
Reykjavík • Hallarmúla 2 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900
acer ASUS DELL hp lenovo packard bell SAMSUNG SONY TOSHIBA

# Látum náttúruperlurnar njóta vafans

UMHVERFI



**Ásbjörn Björgvinsson**
formaður Ferðamálasamtaka Íslands

Íslandsmetið í gífuryrðum og listinni að slíta úr samhengi var klárlega slegið í tengslum við frumvarp um náttúrupassa sem ferðamálaráðherra kynnti ríkisstjórn og þingflokkum í síðustu viku og á fjölmennum blaðamannafundi.

**Tilgangur frumvarpsins**

Meginmarkmið og tilgangur þess að innleiða náttúrupassann hefur að mínu mati farið alfarið hjá garði í allri umræðunni, þ.e. að nýta átti passann til að skapa þjóðarátak til að byggja upp aðstöðu og öryggi við okkar helstu náttúruperlur víðsvegar um land, dreifa álagi og byggja upp aðstöðu á nýjum stöðum. Okkur ber skylda til að gæta þess að náttúran bíði ekki skaða af þeim mikla vexti sem orðið hefur í ferðaþjónustu. Með það í huga var lagt af stað í vinnu við útfærslu náttúrupassans í samvinnu við hagsmunaaðila, til að finna þá leið sem talin væri sanngjörnust til að standa straum af þessari uppbyggingu.

**➜ Ætlunin er að innheimta hóflegt gjald og hafa eftirlit með samskonar hætti og gert er í samgöngukerfum nágrannalanda okkar. Landið verður því jafn opið og áður.**

Þessi markmið hafa fallið í skuggann af umræðu um girðingar, gaddavír og gjaldhlið og öðrum útfærsluleiðum sem ekki þykir raunhæft að fara. Þessar ranghugmyndir fá svo vængi í málefnalegri eyðimörk samfélagsmiðlanna.

Vandamálið við umræðuna hefur einnig verið að þeir sem mest hafa gagnrýnt náttúrupassann höfðu engar forsendur í höndunum um útfærslu passans áður en gagnrýnin hófst. Þá hefur umræðan um mismunandi valmöguleika ekki innifalið endanlega útfærslu á passanum og naut hann því alls ekki sannmælis við þá skoðun. Þeir sem kynnt hafa sér frumvarpið vita að allt tal um girðingar, lögreglueftirlit og slíkt er þar ekki að finna. Ætlunin er að innheimta hóflegt gjald og hafa eftirlit með samskonar hætti og gert er í samgöngukerfum nágrannalanda okkar. Landið verður því jafn opið og áður.



**Fyrir hvað er greitt?**

Ég hef fullan skilning á að fólki finnist það framandi hugsun að greiða fyrir það sem áður var frítt. Gjaldið er lágt, 1.500 krónur fyrir þrjú ár eða 500 krónur á ári fyrir hvern Íslending, 18 ára og eldri. Kannanir sem gerðar voru við undirbúning frumvarpsins sýndu að ferðamenn voru ekki aðeins tilbúnir að greiða gjald til náttúruverndar, heldur mun hærra gjald en ætlunin er að innheimta nú. Til samanburðar mætti nefna að aðgöngumiði fyrir einn í Þjóðminjasafnið kostar 1.500 krónur. Sú upphæð er ekki innheimt fyrir það að berja munina augum, heldur til að standa straum af kostnaði við húsnæði og geymslu þessara ómetanlegu menningarverðmæta.

Að sama skapi munu þessar 1.500 krónur sem innheimtar verða fyrir náttúrupassa verða nýttar til að standa straum af kostnaði við útsýnispalla, öryggisgrindverk, göngustíga og salerni fyrir þann mikla fjölda ferðamanna sem sækir landið heim.

**Sameiginlegt verkefni**

Ég hef ítrekað heyrt ráðherra óska eftir því að málið verði rætt málefnalega á Alþingi og umsagna um frumvarpið verði leitað. Þá hefur hún heldur ekki útilokað að það taki breytingum í meðförum þingsins. Það er eðlilegt að fólk hafi mismunandi skoðanir um það hvernig best sé að tryggja fé til uppbyggingar á ferðamannastöðum, en tvennt liggur fyrir; mikilvægi uppbyggingarinnar og að hún hefjist sem fyrst. Þetta er sameiginlegt verkefni okkar allra og okkur ber að tryggja að náttúruperlurnar njóti vafans.

„Það sem VAR – ER EKKI, Það sem ER – VERÐUR EKKI“ sagði Rick Antonson, forstjóri og stjórnarformaður Tourism Vancouver, á morgunfundi Landsbankans fyrir nokkrum mánuðum.

Ég vil gera lokaorðin hans að mínum:

Ykkar þyngsta byrði er möguleikarnir sem þið búið að, þ.e. auðlindin, landið ykkar og þið sjálf eruð það dýrmætasta sem þið eigið og það verðið þið að passa. (Your heaviest burden is the potential that you have.)


**Bio-Kult**

Öflug blanda mjólkursýrugerla sem bæta meltinguna




*“Bylting á heilsunni og hundurinn fær líka Bio Kult ”*
**Þórunn G. Þórarinsdóttir**

*“Fann mikinn mun á meltingunni”*
**Margrét Kaldalóns**

*“Mæli með Bio Kult við mína skjólstæðinga”*
**Sigríður Jónsdóttir**






GRÍÐARLEGT ÚRVAL AF MAT OG GÓÐGÆTI FYRIR STÓR OG SMÁ NAGDÝR

Vitakraft Health · Vitality
GÆÐIN SKIPTA MÁLI

DÝRARÍKIÐ
Holtagörðum ... fyrir dýravini

Stærsta og skemmtilegasta gæludýraverslun landsins S: 568 66 68 Opið 11-18 virka daga / 12-18 um helgar



Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is

SAFT


# Jólatíð

HÁTÍÐ



**Ólafur Halldórsson**
líffræðingur

Stundum bregður fyrir þeim misskilningi að jól séu eingöngu fæðingarhátíð Krists, eða Kristsmessa. Jólahátíðin er ævaforn sólhvarfahátíð á norðurhveli jarðar og sem slík er hún hátíð allra, jafnt trúleysingja sem allra trúa fólks. Frá fornu fari hafa jólin verið birtu-, gleði- og gjafahátíð. Það þótti auðvitað tilefni samfagnaðar hér áður fyrr, og þykir enn, þegar sólin tók að hysja sig ofar á himininn í síðari hluta desember.

Vetrarsólhvörf, þegar sólin fer að hækka á lofti eftir að hafa lækkað í hálft ár, eru 20. - 21. desember. Fljótlega upp úr því kemur í ljós hvernig þetta gengur hjá henni. Rómverjar héldu vetrarsólhvörfin hátíðleg og tilbáðu þá hina ósigruðu sól, Sol Invictus. Síðan gerðist það smám saman á 4. og 5. öld að farið var að minnast fæðingar Jesú á þessum birtu- og gleðidögum, en um raunverulegan fæðingartíma Jesú veit enginn. Þetta var vel til fundið því fæðing Jesú er í huga kristinna manna mikill birtu- og gleðiatburður.

Á norðurhveli eru vetrarsólhvörfin enn greinilegri en suður við Miðjarðarhaf. Hugtakið jól er notað í norrænum málum, og stundum bregður því enn fyrir í ensku þótt einhver engilsaxneskur biskup hafi tekið upp á því að kalla þessa hátíð Kristsmessu (Christmas). Englendingar tala stundum upp á gamla mátann um Yuletide, Jólatíð.

Gleðilega jólatíð, með von og jafnvel vissu um að sólin muni bráðlega taka að fikra sig upp himinhvelið, nú eins og endranær.



nettó
Í JÓLASKAPI

# HÁTÍÐAR-HUMARUPPSKRIFT

## HUMARSÖLUNNAR, NORÐURSALTS OG NETTÓ

**VIP humarinn**
fæst í Nettó

**Hráefni**
VIP Hornafjarðarhumar frá Humarsölunni
Norðursalt
Sítróna

**Aðferð**

Opnið humarinn og hreinsið hann.

Setjið humarinn uppá skelina og hitið í ofni við 200 gráður í 6-10 mínútur.

Þegar VIP humarinn er klár, sáldrið flögusaltinu á og kreistið sítrónu yfir.

*GLEÐILEG JÓL !*

**www.netto.is**
| Mjódd · Salavegur · Hverafold · Grandi · Akureyri · Höfn · Grindavík · Reykjanesbær · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss |

markhönnun ehf

# TÍMAMÓT

## MERKISATBURÐIR

**1912** Lady Bird Johnson forsetafrú fæddist, en hún var eiginkona Lyndon B. Johnson sem varð forseti að John F. Kennedy látnum. Hún lést árið 2007.

**1962** Ralph Fiennes leikari fæddist. Hann hefur meðal annars leikið í Schindler´s list, The English Patient og Maid in Manhattan.

**1963** Skemmtiferðaskiptið Lakonía brennur um 290 kílómetrum norður af eyjunni Madeira. Alls fórust 128 manns í slysinu.

**1987** Ný lögreglusamþykkt fyrir Reykjavík gekk í gildi í stað annarrar, sem var meira en hálfrar aldar gömul.

**1990** Króatíska þingið samþykkir stjórnarskrá Króatíu.

**1999** Flutningaflugvél á vegum Korean-Air hrapar fljótlega eftir flugtak á London Stansted. Allir fjórir sem um borð voru fórust.



**2010 Barack Obama, forseti Bandaríkjanna, undirritar ný lög þar sem samkynhneigt fólk er ekki lengur útilokað frá bandaríska hernum.**

---

✝



**GUÐRÚN KRÜGER**
**Vesturgötu 7, Reykjavík,**
lést á heimili sínu fimmtudaginn 18. desember.

**Haraldur Olgeirsson** — **Margrét Hauksdóttir**
**Haukur Þór Haraldsson** — **Bryndís Skúladóttir**
**og fjölskylda.**

---

✝



Innilegar þakkir fyrir samúð, vináttu og alla þá ómetanlegu aðstoð sem okkur hefur verið sýnd vegna andláts og útfarar yndislegs eiginmanns og föður,

**JÓNS GUÐMUNDSSONAR.**

Með ósk um gleðileg jól og farsæld á nýju ári til ykkar allra.

**Fríða Ragna, Elfa Rut, Katla Rut og Tinna Rut**

---

✝



Elskulegur pabbi okkar, tengdapabbi og afi,

**ÓSKAR HJARTARSON**
**frá Vestmannaeyjum,**
**bílstjóri og bifvélavirki,**
**Sæviðarsundi 100, Reykjavík,**

lést 15. desember á hjartadeild Landspítalans. Útför hans fer fram frá Fossvogskirkju í dag, mánudaginn 22. desember kl. 13.00.

**Sigurborg Óskarsdóttir**
**Ólöf Sesselja Óskarsdóttir** — **Árni Árnason**
**Hrafnhildur Árnadóttir**
**Arngunnur Árnadóttir**
**Valgerður Árnadóttir**

---

✝



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Our beloved mother, mother in law, grandmother and greatgrandmother,

**THERESA OYINKWO IGBO**
**Smáratúni 22, Keflavík,**
**frá Nígeríu – from Nigeria,**

lést þriðjudaginn 16. desember.
Útför hennar fer fram í hennar heimalandi, Nígeríu.
Fjölskyldan þiggur allan þann fjárhagslega stuðning sem vinir og vandamenn gætu séð sér fært um til að styrkja flutning hennar til Nígeríu.

passed away on the December 16.
Her funeral will be held in her home country Nigeria.
If anyone can help the family and support them to transfer the remains to Nigeria it would be very much appreciated.

Kt. 221268-2539 0542-14-404234

**Fyrir hönd fjölskyldunnar,**
**On the behalf of the family,**
**Eucharia Amaoge Igbo Húbertson, Haraldur Húbertsson.**

---

**ÞETTA GERÐIST:** 22. DESEMBER 1989

## Nýr leiðtogi stígur dagsins ljós í Rúmeníu

Ion Iliescu tekur við embætti forseta Rúmeníu eftir að Nicolae Ceaușescu, forseti í kommúnistastjórninni í Rúmeníu, hrökklast frá völdum. Ceaușescu var aðalritari Kommúnistaflokksins í Rúmeníu frá árinu 1965-1989 og forseti landsins á árunum 1967-1989.

Eftir nokkur ár við völd sýndi ríkisstjórn Ceaușescus sífellt meira harðræði. Stjórnin hafði fullt vald yfir fjölmiðlum landsins. Hún hélt líka úti ofbeldisfullri öryggissveit Securitate sem sýndi borgurunum mikið harðræði.

Ríkisstjórn Ceaușescu féll eftir að hann skipaði öryggissveitum sínum að skjóta á mótmælendur úr röðum stjórnarandstæðinga í borginni Timișoara þann 17. desember 1989.

Mótmælendur fóru til Búkarest og mynduðu hreyfingu sem var kölluð Rúmenska byltingin. Ceaușescu og Elena, eiginkona hans, flúðu höfuðborgina í þyrlu en vopnaðar hersveitir náðu þeim. Á jóladag, þann 25. desember, voru þau skotin til bana.

- jhh





**STENDUR Í STRÖNGU** Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir, framkvæmdastjóri afmælisnefndarinnar, segir spennandi vinnu standa yfir þessa dagana við að skipuleggja hátíðarhöldin. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Öld er síðan konur fengu kosningarétt

**Mikil hátíðarhöld verða á næsta ári vegna þess að þá verða 100 ár liðin frá því konur fengi kosningarétt til Alþingis. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir, framkvæmdastjóri afmælisnefndarinnar, segir áfangann einn þann merkasta í Íslandssögunni.**

„Þetta er með merkustu áföngum Íslandssögunnar,“ segir Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir um aldarafmæli kosningaréttar og kjörgengis kvenna til Alþingis.

„Þetta var fyrsti áfanginn að jöfnum möguleikum kvenna til þess að hafa áhrif á samfélagið og löggjöfina. Auk þess eru þetta auðvitað sjálfsögð mannréttindi kvenna,“ segir Ásta Ragnheiður sem er framkvæmdastjóri afmælisnefndarinnar.

Fjöldi viðburða verður á næsta ári vegna afmælisins. Ásta segir að mikið og spennandi verk standi nú yfir. „Kvenfélög og kvennasamtök eru að vinna alveg magnaða vinnu við að undirbúa frábæra dagskrá, hvert á sínum stað.“ segir Ásta sem telur að helst standi upp úr fögnuður á Austurvelli þann 19. júní.

Þá verður ein öld, upp á dag, liðin frá því að Kristján tíundi Danakonungur staðfesti stjórnarskrárbreytingu þar sem allar konur og karlkyns vinnumenn 40 ára og eldri að undanskildum þeim sem þegið höfðu sveitarstyrk fengu kosningarétt. Í heild fengu tólf þúsund konur og 1.300 karlar þá tækifæri til að kjósa í fyrsta sinn til Alþingis. Í kjölfarið átti kosningaaldur að lækka um eitt ár, ár hvert, þar til bæði konur og karlar fengju að kjósa við 25 ára aldur. „Það ákvæði var séríslenskt,“ segir Ásta.

Hátíðarhöldin hefjast þann 30. desember næstkomandi þegar sjö leikkonur koma fram í Iðnó og leiklesa ræðu Bríetar Bjarnhéðinsdóttur frá árinu 1887 sem talin er marka upphaf kvenréttindabaráttunnar á Íslandi.

Þá verða haldnar sýningar á fjölmörgum söfnum um land allt. „Þjóðminjasafnið er að fara yfir alla grunnsýningu sína með kynjagleraugum. Það hefur verið gert í nágrannalöndum okkar af því það voru yfirleitt karlar

> **Hátíðarhöldin hefjast þann 30. desember næstkomandi þegar sjö leikkonur koma fram í Iðnó og leiklesa ræðu Bríetar Bjarnhéðinsdóttur frá árinu 1887.**

sem settu upp þessar sýningar út frá sínum sjónarhóli,“ segir Ásta.

Ritun bókaflokks um 100 ára afmæli kosningarréttar kvenna hefst á næsta ári en stefnt er að útgáfu hans árið 2020. Þá verður öld liðin síðan aldursákvæðið var afnumið og konur fengu jafnan kosningarétt á við karla.

Ríkissjóður leggur hátíðarhöldunum til 98 milljónir sem dreifast til helminga á þetta ár og það næsta auk þess sem sveitarfélög og félagasamtök styrkja hátíðina, sem verður sennilega áberandi næsta árið. ingvar@frettabladid.is

---

Hjálparstarf kirkjunnar fékk hundrað bækur eftir Steinunni Jóhannesdóttur:

# Jólin hans Hallgríms í gjafapoka

Hjálparstarf kirkjunnar hefur tekið við 100 eintökum af bókinni Jólin hans Hallgríms. Jóhannes Pálmason, formaður sóknarnefndar Hallgrímskirkju, afhenti Bjarna Gíslasyni, framkvæmdastjóra hjálparstarfsins, gjöfina.

Á vef Kirkjunnar segir að bókinni verður stungið í gjafapoka barnafjölskyldna fyrir jólin.

Steinunn Jóhannesdóttir er höfundur bókarinnar sem segir frá aðventunni í Gröf á Höfðaströnd árið 1621. Þá var Hallgrímur Pétursson sjö ára gamall.

Margt hefur breyst á fjórum öldum en þó er jólahald heimilisfólksins í Gröf kunnuglegt. Ljós kviknar í hjörtum mannanna þótt myrkrið grúfi yfir. Steinunn hefur skrifað sögulegar skáldsögur um Hallgrím Pétursson og Guðríði konu hans. En í Jólin hans Hallgríms segir hún frá skáldjöfrinum ungum. Myndirnar gerði Anna Cynthia Leplar.



## MARGNOTA POKI

**Roll up bin kallast pokar eftir Michael Charlot. Pokarnir eru úr vatnsþéttu og sterku plasti og er ætlað að þjóna ýmsum hlutverkum. Pokann má nota sem blómapott, ruslafötu, ísfötu og dótakassa. Hægt er að ráða stærð pokans með því að rúlla niður efsta kantinum.**

# ÁTVEISLA FRAM UNDIR MORGUN

***HEIMILI*** *Guðrún Anna Matthíasdóttir býr á eyjunni Korsíku ásamt manni sínum en þar stendur jólaborðhaldið fram á nótt. Í ár njóta þau hvítra jóla heima á Íslandi en Guðrún á barnabók í jólabókaflóðinu.*

Í fyrra vorum við á Íslandi til 18. desember en eyddum jólunum á Korsíku. Mér fannst þá eins og jólin væru búin þegar við komum út í hitann, eftir að hafa verið hér í snjó og jólaljósum, með jólalögin í eyrunum," segir Guðrún Anna Matthíasdóttir, en hún býr á eyjunni Korsíku ásamt manni sínum, Raphael Leroux.

Þetta árið eyða þau jólunum hér á landi og fá svo sannarlega hvít jól. „Það togar alltaf að eiga jólin í snjó og kulda. Ég hafði reyndar ekki séð fyrir mér svona brjálað veður. En þetta er hressandi. Ég hafði lengi beðið eftir tækifærinu til að nota Moon-Boots sem ég fékk í jólagjöf í fyrra."

**BORÐHALDIÐ STENDUR FRAM Á NÓTT**

Jólunum hafa Guðrún og Raphael eytt víða um heim, meðal annars í Sádi-Arabíu, á Spáni og á Martinique. Guðrún segir jólahaldið á Korsíku talsvert ólíkt því íslenska.

„Á Korsíku tíðkast ekki að setja ljósaseríur í gluggana eins og hér og ekki eins mikið skreytt. Jólamáltíðin hefst á fordrykk klukkan fimm og svo er setið, spjallað og borðað langt fram á nótt. Stundum eru gerð hlé til að dansa eða syngja og svo haldið áfram að borða. Þar er það heldur ekki bara fjölskyldan sem borðar saman á jólunum heldur vinir og kunningjar og ekkert endilega sama fólkið hver jól. Þetta er mjög skemmtilegt en maður getur orðið svolítið eftir ▶



**HVÍT JÓL** Guðrún Anna Matthíasdóttir listakona gefur út sína fyrstu bók nú fyrir jólin. Hún býr á eyjunni Korsíku ásamt manni sínum þar sem jólaborðhaldið stendur fram á nótt. Í ár fær hún hvít jól á Íslandi.

MYND/VILHELM

Gleðileg jól
og farsælt komandi nýtt ár.
Þökkum viðskiptin
á árinu sem er að líða.
weber
JÁRN & GLER
Skútuvogur 1H | 104 Reykjavík | S: 5858900 | www.jarngler.is

HLEÐSLUTÆKI
Hleður og vaktar rafgeyminn þinn í vetur.
Tilvalin jólagjöf
15% Jólaafsláttur af þessum frábæru hleðslutækjum
12v 0,8A
12v 5,5A
SKORRI
TUDOR SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM TUDOR
Bíldshöfða 12 - 110 Rvík. - 5771515 - www.skorri.is

Gerðu gæða- og verðsamanburð
Jólagjafirnar í ár...
Vönduð stillanleg heilsurúm með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnu
Reverie
REVERIE 3E Essential með IQ care heilsudýnu 2x90x200 cm
Verð aðeins kr. 399.900.-
REVERIE 7S Supremem með IQ-Care heilsudýnu 2x90x200 cm
Verð aðeins kr. 499.900.-
Ný sending af Reverie
WOMEN CERTIFIED – RECOGNIZED FOR EXCELLENCE
20-50% afsláttur
D0mu- og herrasloppar
Mikið úrval
Frábær jólagjöf
20% afsl.
Vinsæli viðhaldskoddinn
Verð áður kr. 19.900.-
Verð nú aðeins kr. 15.920.-
20% afsl.
Frábær jólagjöf
IC-CARE heilsukoddinn
Verð áður kr. 14.900.-
Verð nú aðeins kr. 11.920.-
Sængurverasett
20-50% afsláttur
Frábær jólagjöf
12 mán. vaxtalausar greiðslur*
Svefn & heilsa
Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233
Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150
www.svefn.is Opið virka daga kl. 10:00 - 18:00
Umboðsaðilar: Húsgagnaval - Höfn í Hornafirði | Lúxus húsgögn - Egilsstöðum

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.
Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal** | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**
Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434
**Kolbeinn Kolbeinsson,** kkolbeins@365.is, s. 512 5447



















sig af öllu átinu," segir Guðrún. Hún segir þó Korsíkubúa og Íslendinga eiga margt sameiginlegt. Báðir séu stoltar eyjaþjóðir.

„Fólkið þar er tengt náttúrunni og margir eru bændur. Oft rekst maður á kýr, svín og geitur á veginum, eins og kindurnar hér heima. Korsíkubúar eru líka afar stoltir og vilja helst engu breyta. Þeir eru mjög gestrisnir og hafa tekið mjög vel á móti okkur en þeir eru ekkert sérstaklega hrifnir af stórum verslunarkeðjum og Korsíka er til dæmis eina héraðið í Frakklandi sem er ekki með McDonalds. Þeir borða mikið kálfa- og geitakjöt og geitaosta, pylsur og reykt kjöt eins og hangikjötið okkar. Svo veiða þeir mikið af villisvínum. Við búum í litlum bæ niðri við ströndina og finnst mjög notalegt að heyra í sjónum á kvöldin. En ég hugsa oft til Íslands. Í sumar rigndi ekkert á Korsíku í þrjá mánuði og þá saknaði ég íslenska veðurfarsins," segir Guðrún. „Draumurinn er að vera á Íslandi á sumrin og á Korsíku á veturna. Jólunum viljum við þó helst eyða á Íslandi og áramótunum í Normandí, með fjölskyldu Raphaels."

**GEFUR ÚT SÍNA FYRSTU BÓK**

Guðrún og Raphael ætluðu sér að búa í eitt ár á Korsíku en árin eru orðin fimm. Raphael er sjúkraþjálfari en Guðrún sinnir myndlist og skriftum. Í jólabókaflóðinu í ár er að finna fyrstu bók hennar, barnabókina Agnarögn sem fjallar um ævintýralegt ferðalag lítillar agnar sem gleypt er af kú.

„Ég ætlaði alltaf í myndlist og komst inn í fyrsta úrtakið í Myndlista- og handíðaskólann á sínum tíma. Ég missti hins vegar af inntökuprófinu og skellti mér bara í frönsku í staðinn, fór út til Frakklands og í leiðsögunám. Eftir að við fluttum til Korsíku fékk ég lítið að gera og fór þá að sinna myndlistinni. Þá hrinti ég líka gamalli hugmynd í framkvæmd og skrifaði bók sem byggir á sögum sem ég sagði leikskólabörnum við matarborðið, en ég vann á leikskóla í nokkur ár. Sögurnar voru gjarnan um matinn, hvernig eitt lítið korn verður að brauði og upp úr þessu varð Agnarögn til. Sagan fjallar um hvernig við sjálf og allt í kringum okkur er samsett úr litlum ögnum, ferðalög þeirra og breytileika," segir Guðrún og getur vel hugsað sér að skrifa fleiri barnabækur.

„Mér fannst þetta mjög skemmtileg vinna, á döfinni er að mála og skrifa meira, milli þess sem ég sinni góðum gestum. Það er mjög vinsælt að heimsækja okkur til Korsíku á sumrin, eins og gefur að skilja," segir hún hress. ■ heida@365.is




**BARNABÓK** Guðrún skrifaði ævintýrið um Agnarögn út frá sögum sem hún sagði börnum við matarborðið þegar hún vann á leikskóla. Bókin er gefin út af Óðinsauga.



**AGNARÖGN** Sagan fjallar um litla ögn sem lendir í ótrúlegustu ævintýrum. Kýr gleypir hana, hún hringsnýst í gegnum meltingarveginn og fer loks út með mjólkinni.

# SÚRDEIGSMÓÐIR VERÐUR TIL

Talsverða natni þarf til að búa til súrdeigsmóður. Sumir jafna því við að fá viðkvæmt gæludýr inn á heimilið sem sinna þurfi nótt og dag. Súrdeigsbrauð með stökkri skorpu eru þó svo bragðgóð að vel má leggja á sig vinnuna við að búa það til.

Eftirfarandi leiðbeiningar til að búa til súrdeigsmóður heima eru fengnar af síðunni www.foodtravelthought.com.

**DAGUR 1. KLUKKAN 9.30**

*Blandið 400 g af rúgmjöli og 400 g af hveiti í box. Þetta verður blandan sem notuð verður til að fóðra súrdeigsmóðurina. Með því að eiga þetta tilbúið er fljótlegt að fóðra.*

*Finnið til hreina glerkrukku og vigt og setjið 40 g af rúgmjöls/hveitiblöndunni í krukkuna*

*Hellið 40 g af volgu vatni og hrærið vel þar til mjölið er leyst upp.*

*Setjið á hlýjan, skuggsælan stað.*

**DAGUR 2. 9:30**

*Nú er komið að fyrstu fóðrun. Loftbólur ættu að vera í súrnum í krukkunni. Hendið helmingnum úr krukkunni og fóðrið súrinn með 40 g af mjölblöndunni og 40 g af vatni og hrærið vel saman.*

**ENDURTAKIÐ Á DEGI 3. 4. OG 5.**

**DAGUR 6.**

*Nú er súrinn fóðraður tvisvar, að morgni eins og venjulega og svo aftur átta klukkustundum síðar, ef þú sérð litlar loftbólur um allt, ris eða fall í krukkunni.*

**DAGUR 7. FÓÐRA ÞRISVAR**

*Fóðrið að morgni eins og venjulega. Um miðjan dag ætti að fóðra súrinn aftur. Um kvöldið um það bil 12 tímum eftir fyrstu fóðrun mætti fóðra í þriðja sinn.*

**Á ÁTTUNDA DEGI ER SVO HÆGT AÐ BAKA FYRSTA SÚRDEIGSBRAUÐIÐ.**



Nýbakað Súrdeigsbrauð með fersku áleggi



Súrdeigsmóðir í vinnslu en nokkra daga tekur að búa hana til.

# Femarelle®

## Náttúruleg lausn við áhrifum tíðahvarfa

*Staðfest með rannsóknum sl. 14 ára -*
*vinnur á einkennum tíðahvarfa kvenna.*
*Inniheldur staðlað tofu extract, ekki erfðabreytt (GMO frítt)*
*Náttúruleg lausn fyrir konur án hormóna.*




*„Léttara skap og betri svefn"*
**-Bryndís Guðmundsóttir**

*„Allt annað líf og betri svefn"*
**-Soffía Káradóttir**

*„Femarelle bjargaði líðan minni"*
**-Valgerður Kummer Erlingsdóttir**

*„Laus við verkjalyfin - þvílíkur munur"*
**-Kolbrún Jóhannsdóttir**

# JÓLIN SNÚAST LÍKA UM VON

**MARGIR KVÍÐA JÓLUNUM** *Jólakvíði er algengari en margur heldur. Ýmsar ástæður geta verið fyrir honum eins og fráfall ástvinar, skilnaður, fátækt eða vegna minninga úr barnæsku. Ýmsir aðilar og samtök aðstoða fólk vegna jólakvíða, meðal annars kirkjan.*

Þótt jólahátíðin sé gleðitími fyrir flesta er alltaf hópur í samfélaginu sem kvíðir þessum tíma árs. Það snýr ekki eingöngu að stressinu í tengslum við undirbúning jólanna, gjafakaupum og metnaðarfullum jólaskreytingum heldur geta verið mun dýpri og alvarlegri ástæður fyrir jólakvíðanum.

Mikið mæðir á prestum landsins á þessum árstíma og einn þeirra er séra Arna Ýrr Sigurðardóttir sem nýlega tók við prestakalli í Grafarvogskirkju eftir að hafa verið prestur í Glerárprestakalli undanfarin fjögur ár. Hún segir jólakvíða algengan en margar ástæður séu fyrir því að fólk kvíði jólum. „Sumir eiga erfiðar minningar úr barnæsku tengdar jólahaldi, oft vegna veikinda eða neyslu fullorðinna á heimilinu. Aðrir hafa upplifað missi af einhverju tagi, til dæmis skilnað eða fráfall ástvinar og enn aðrir kvíða jólum vegna þess að ekki eru til peningar til að fagna þeim. Allt þetta getur orðið til þess að jólaundirbúningurinn verður hlaðinn kvíða."

Jólakvíði er eðlilega breytilegur eftir einstaklingum og fjölskyldum en ýmis ráð eru í boði til að takast á við hann að sögn Örnu. „Það er til dæmis hægt að mæla með heimasíðu sorgarsamtakanna Ný dögun (www.sorg.is). Það er auðvitað mjög misjafnt eftir aðstæðum fólks hvað gott er að gera en fyrst og fremst þarf hver og ein manneskja að finna hjá sjálfri sér hvað hún vill eða vill ekki gera fyrir jólin. En mikilvægast er að muna að það er ekki skylda að gera neitt fyrir jól sem veldur vanlíðan og að jólin snúast ekki bara um gleði og tilhlökkun, heldur líka von og þá fullvissu að við erum ekki skilin eftir ein."

**VAXANDI FÁTÆKT**

Einnig er hægt að leita til ýmissa annarra aðila að sögn Örnu. „Kirkjan býður upp á ýmsa þjónustu. Hún veitir fólki fjárhagsaðstoð gegnum Hjálparstarf kirkjunnar og ýmsa líknarsjóði. Einnig veita prestar og djáknar kirkjunnar fólki ókeypis sálgæslu. Svo má nefna ýmis félagasamtök sem aðstoða fólk, til dæmis Ný dögun, ýmis líknarsamtök og stofnanir."

Aðspurð hvort jólakvíði sé vaxandi vandamál segist hún ekki vera viss enda sé alltaf til fólk sem syrgir og saknar. „Við þurfum alltaf að vera vakandi fyrir þörfum þessa hóps. En jólakvíði tengdur fátækt er sannarlega vaxandi vandamál og eitthvað sem við sem samfélag þurfum að takast á við sameiginlega. Og sá kvíði er aldeilis ekki eingöngu tengdur jólum heldur öllum aðstæðum lífsins; sumarleyfum, afmælum og öllu því sem hægt er að kalla frávik frá hversdeginum, til dæmis ef þarf að endurnýja húsbúnað eða þegar veikindi koma upp."

Um þetta leyti árs hafa prestar landsins í mörg horn að líta, ekki síst á aðventunni að sögn Örnu, þegar þeir taka á móti þeim sem þurfa aðstoð og stuðning vegna jólanna fram undan. „Jólahátíðin sjálf er síðan tími helgihalds og samveru með fjölskyldu á gleðistundum, til dæmi við skírnir eða hjónavígslur. Sjálf hlakka ég mikið til að eiga jól með fjölskyldunni hér í Reykjavík, þau fyrstu síðan við fluttum suður. Við fengum einmitt afhent húsið okkar þann 15. desember þannig að við erum í óða önn að taka upp úr kössum á sama tíma og við erum að skreyta heimilið. Vonandi verður allt tilbúið á aðfangadag kl. 18 því þá syngjum við fjölskyldan jólin inn í aftansöng í Grafarvogskirkju og hlökkum öll mikið til."

■ starri@365.is



**VAXANDI VANDAMÁL** „Jólakvíði tengdur fátækt er sannarlega vaxandi vandamál og eitthvað sem við sem samfélag þurfum að takast á við sameiginlega," segir séra Arna Ýrr. MYND/PJETUR


## JÓLABÆKUR VEIÐIMANNSINS




*Stangaveiðivertíðin 2014 var um margt athyglisverð og eru helstu atriði rakin í bókinni, auk þess sem helstu fréttir eru rifjaðar upp og veiðisögur sagðar. Þá eru ný og skemmtileg veiðisvæði heimsótt, m.a. Litla Þverá í Borgarfirði og Eldvatnsbotnar. Ritstjóri er Guðmundur Guðjónsson.*




*Í bókinni er komið víða við og stemmning skotveiðinnar svífur yfir vötnum. Nokkrir af snjöllustu skotveiðimönnum landsins segja sögur, rifja upp skemmtileg atvik og miðla af reynslu sinni. Einnig er í bókinni eldri frásagnir og greinar sem sýna breytta tíma. Bókin er ríkulega myndskreytt.*




***Veiddu betur – lax***
*Góð handbók þar sem nokkrir af helstu sérfræðingum landsins í laxveiðum segja frá aðferðafræðinni og sérviskunum. Sérfræðingarnir sem um ræðir eru Ásgeir Heiðar, Haraldur Eiríksson og Stefán Sigurðsson, áður kenndur við Lax-á.*




***Strandstangaveiði á Íslandi***
*Hér eru tegundirnar kynntar, fjöldi góðra veiðistaða nefndir, hinar ýmsu útfærslur kynntar og margt annað er varðar þennan skemmtilega veiðiskap. Þessi handbók hjálpar þeim, sem vilja prófa þennan veiðiskap, að koma sér af stað.*




***Veiddu betur – silung***
*Góð handbók þar sem nokkrir af helstu sérfræðingum landsins í silungsveiðum segja frá aðferðafræðinni og sérviskunum. Sérfræðingarnir sem um ræðir eru Jón Eyfjörð, Bjarki Már Jóhannsson og Ríkarður Hjálmarsson.*









# LJÓSUM SKRÝDD DÓMKIRKJA

*St. Mary dómkirkjan í Sidney í Ástralíu skartar fallegum myndum í aðdraganda jóla.*

Þegar kvöldrökkrið sígur yfir St. Mary dómkirkjuna í Sidney nú í desember kemur jólaandinn yfir gesti sem leggja leið sína að kirkjunni. Árlega breytist suðurhlið byggingarinnar í listaverk þegar ljósum og ljósmyndum er varpað á hana. Á hverju kvöldi frá 9. desember og fram á jóladag skrýðist kirkjan þessum jólaklæðum og þangað streyma fjölskyldur og ferðamenn enda sannkallað sjónarspil að sjá myndirnar birtast á 75 metra háum og 33 metra breiðum kirkjuveggnum.

Myndirnar eru misjafnar ár frá ári en eru þó allar í anda hátíðarinnar. Iðulega stendur kór á tröppum hinnar glæsilegu kirkju og syngur.














**KRÓKUR**



**KRÓKUR**
Við flytjum bifreiðar og vinnuvélar á öruggan og hagkvæman hátt.

**Krókur**
**Sími: 522 4600**
**http://www.krokur.net**

**100bilar.is** bílasala



VW Passat Comfortline 4/2013 ek 43þkm, dísel, sjsk, ásett verð er 3990, er á staðnum, raðnr 119384

**100 bílar ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbær**
**Sími: 517 9999**
**Opið virka daga 10-18.00, Lau 11-15**
**www.100bilar.is**

**ASKJA NOTAÐIR BÍLAR**



Kia Sorento EX Luxury. Árgerð 2012, ekinn 76 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 5.450.000. Rnr.990709. 5 ár eftir af verksmiðjuábyrgð.



TOYOTA Land cruiser 120 vx. Árgerð 2007, ekinn 149 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 4.790.000. Rnr.990783.



SUZUKI Grand vitara premium+ (cruise, a/c, álfelgur). Árgerð 2011, ekinn 42 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 3.890.000. Rnr.991065.

**ASKJA NOTAÐIR BÍLAR**



Kia Sportage EX 4wd. Árgerð 2013, ekinn 35 Þ.KM, dísel, 6 gírar. Verð 4.990.000. Rnr.990657. 6 ár eftir af verksmiðjuábyrgð.



MERCEDES-BENZ B 180 NGT . Árgerð 2011, ekinn 60 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 3.290.000. Rnr.161257.

**ASKJA notaðir bílar**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 590 2160**
**www.notadir.is**

## Bílar til sölu

Land Rover Discovery II árg 00 Dísel TD5 7 manna, sjálfskipting verð 690þ Uppls 8934443



**TOYOTA TILBOÐ 225 ÞÚS!**
Toyota Corolla árg ,98, ek. 125 þús, bsk, 1600, sko ,15. S. 891 9847

Ford Focus árg 03 1,6 vél station beinskift ek159 þús ný kúpling ný tímareim vetrardekk góður bíll. Verð aðeins 480 þús gsm 8927852

## Bílar óskast

**0-600 STAÐGREITT**
Vantar bíl á verðinu 0-600. Skoða allt. Jeppa, fólksbíl. Má þarfnast lagfæringar. Sími 857 9326.

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
**Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.**




## Sendibílar

**568 5000 NS NÝJA-SENDIBÍLASTÖÐIN**

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

## Varahlutir

**JAPANSKAR VÉLAR BÍLAPARTASALA**
Eigum úrval varahluta í Japanska og Kóranska bíla og fleiri teg. Kaupum flestar tegundir bíla. Opið 8-18 virka daga. S. 565 3400 & 893 2284. www.japanskarvelar.is / www.carparts.is japvel@carparts.is

**SMÁPARTAR.IS**
Eigum orðið mikið úrval notaðra og nýja varahluta í margar gerðir bíla. Tökum einnig að okkur viðgerðir. Upplýsingar á Smápartar.is eða í síma 5675040-7785040

## Viðgerðir

Viðgerðir - Varahlutir í VW Golf, Póló, Yaris, mmc carisma, kangoo. Renni diska og skálar. Sérgrein bremsuviðgerðir. S. 892 7852.

# ÞJÓNUSTA

## Pípulagnir

**PÍPULAGNIR**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð.

Uppl. í s. 663 5315.

**FAGLÆRÐIR PÍPARAR**
Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnaþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

## Hreingerningar

**Hreingerningaþjónusta Þvegillinn 5 44 44 46**

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 662 4010 www.vy.is



## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Búslóðaflutningar

**SENDIBILL.IS**
Búslóðaflutningar, píanóflutningar, gerum tilboð í búslóðaflutninga út á land. Almenn sendibílaþjónusta. S. 772 3222

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald




Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is




## Nudd

Jólanudd, úrvals nudd fyrir alla. Nuddstofan PT sími. 669 0802.

## Spádómar




**SPÁSÍMINN 908 5666**
Stjörnuspá. Tarot. Árspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

## Viðgerðir




Varahluta og viðgerðaþjónusta. Rafinn ehf Askalind 7. Kóp. S. 5572040/8923429

# KEYPT & SELT

## Til sölu







Auðvelt, þægilegt, flott, Ódýrt!!!..eftir þínu höfði. www.prentlausnir.is




Auðvelt, þægilegt, flott, Ódýrt!!!..eftir þínu höfði. www.prentlausnir.is




Auðvelt, þægilegt, flott, Ódýrt!!!..eftir þínu höfði. www.prentlausnir.is




Til sölu 12 volta leiðiskrossar með rafgeymi, einnig 24 volta og 32 volta vandaðir díóðuljósakrossar á leiði. JS Ljósasmiðjan ehf Skemmuvegur 34 (brún gata) 200 kóp. S. 554 0661, 897 4996 & 699 2502. Opið virka daga 8-18 og laugardaga 10-16

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**
**s. 552-4910.**

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

## Til bygginga



**HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA.**
**SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

# HEILSA

## Heilsuvörur

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

## Nudd

**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Rvk. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

Frábær jólatilboð hjá Aqua Spa í Grafvarvoginum, slakandinudd og heilsunudd. Panta tíma í S. 5870191(ekki erotísk nudd)

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Kenni allan daginn Toyota 2014, hjálpa við endurtökupróf og akstursmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**VIKULEIGA Í 101 RVK**
3 herb íbúð til leigu með húsgögnum í 101. S. 821 1876

48 fm 2ja herb. stúdíó íbúð á jarðhæð í fjölbýlishúsi við Kóngsbakka í Rvk. Leiguverð 130 þ. á mán. Laus frá 1.jan Uppl. í S. 894 0040

Til leigu 40 fm stúdíóíbúð við Kirkjuteig. 120þ. á mán. Uppl. 892-1994.

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.COM**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sér geymslur frá 3.900. 1 til 17m2. Aðgangur kl. 8-22 alla daga. Ný sérhönnuð geymsluhús, upphitað og vaktað. S: 564-6500.

**GEYMSLULAUSNIR.IS**
Búslóðageymsla og flutningar. Gott verð, sækjum og sendum. S. 615-5005.

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**
Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**KAFFIHÚSIÐ 10 DROPAR Á LAUGAVEGI 27**
óskar eftir vaktstjóra með reynslu af kaffihúsi/bar og talar íslensku.

Okkur vantar líka 1-2 starfsmenn með reynslu af matreiðslu og tala íslensku.

Möguleiki á 100% vinnu.

Umsóknarfrestur er til 3 janúar.

Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

**Umsóknir berist til 10dropar@gmail.com**




**CASTELLO PIZZERIA**
óskar eftir starfsfólki í afgreiðslu. Fullt starf og hluta starf. 18 ára eða eldri. Hafðu samband á castello@simnet.is & s. 692 3051




## tilkynningar




## skötuveisla

# Skötuveisla

## á Cafe Catalinu

*Að venju verðum við með hið margrómaða vestfirska skötuhlaðborð á Þorláksmessu.*

Stórskata • saltfiskur
plokkfiskur • rófur
kartöflur • hamsatólg
hnoðmör • smjör • rúgbrauð
kaffi og konfekt.



**Hlaðborð í hádeginu frá kl. 11:30-14:00**
**og um kvöldið frá kl. 18:00-20:00**
**Húsið opnar kl. 11:00**




Hamraborg 11 • 200 Kópavogur • Sími 554 2166 • www.catalina.is

*Óskum öllum landsmönnum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári*

GARÐATORG EIGNAMIÐLUN
GARÐATORGI 7, 210 GARÐABÆ
Sími : 545-0800
gardatorg@gardatorg.is | www.gardatorg.is

**Sigurður Tyrfingsson**

Framkvæmdastjóri
Lögg. fasteignasali
S: 898-3708
sigurdur@gardatorg.is

**Þóroddur S. Skaptason**

Skjalagerð - sala/leiga
Lögg. fasteignas./leigum.
S: 868-4508
thoroddur@gardatorg.is

**Viggó Sigursteinsson**

Lögg. fasteignasali
824-5066
S: viggo@gardatorg.is

**Steinar S. Jónsson**

Sölustjóri
Lögg. leigumiðlari
S: 898-5254
steinar@gardatorg.is

**Steingrímur A. Jónsson**

Sölufulltrúi
Tæknifræðingur - MBA
S: 863-7499
steingrimur@gardatorg.is






**Óskum viðskiptavinum okkar nær og fjær og landsmönnum öllum gleðilegra jóla**

FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.

**ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.**
**Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is**
Jón Guðmundsson, lögg. fast.sali.
Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.



*Við óskum viðskiptavinum okkar sem og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári. Þökkum viðskiptin á liðnum árum.*

ÁS FASTEIGNASALA
www.as.is
as@as.is

Frum www.frum.is

**Fjarðargötu 17 • 220 Hafnarfirði • Sími 520 2600 • Fax 520 2601**

Barnaheill
Save the Children á Íslandi




HRAUNHAMAR
FASTEIGNASALA
**Bæjarhrauni 10 - Hafnarfirði - Sími 520 7500 - www.hraunhamar.is**

## Stakkahraun - Hafnarfjörður - Atvinnuhúsnæði



**Höfum fengið í sölu 1850 fm. atvinnuhúsnæði á besta stað í Hafnarfirði .**Eignin skiptisti í nokkur bil með góðum innkeyrsludyrum , stór hluti húsnæðisins er í leigu. Malbikuð sérlóð með góðum bílastæðum. Mikið auglýsingagildi. Góð fjárfesting. Eignin hýsti áður fyrr sælgætisgerðina Mónu.

**Hagstætt verð 175 millj.** **Nánari upplýsingar gefur Helgi Jón sölustjóri s: 893 2233.**

Ábendingahnappinn má finna á **www.barnaheill.is**




INHOPE insafe
SAFT

# Fasteignasala Mosfellsbæjar



Einar Páll Kjærnested
lögg. fasteignasali.
einar@fastmos.is

KJARNA - ÞVERHOLTI 2 • 270 MOSFELLSBÆ • SÍMI: 586 8080 • FAX: 586 8081
WWW.FASTMOS.IS

## Brekkuás 8 - 221 Hafnarfjörður




328,8 m2 einbýlishús á tveimur hæðum við Brekkuás 8 í Hafnarfirði. Eignin er skráð 328,8 m2, þar af einbýli 280,3 m2 og bílskúr 48,5 m2. Húsið er ekki fullbúið en íbúðarhæft. Eignin skiptist í fjögur svefnherbergi, tvö baðherbergi, forstofu, bílskúr, geymslu, þvottahús, sjónvarpshol, eldhús, stofu og borðstofu. **V. 57,9 m.**

## Álfkonuhvarf 21 - 201 Kópavogur




Björt og falleg 128,5 m2, 4ra herbergja endaíbúð á 2. hæð, ásamt bílastæði í bílakjallara í lyftuhúsi við Álfkonuhvarf 21 í Kópavogi. Íbúðin skiptist í þrjú svefnherbergi, forstofu, baðherbergi, þvottahús, eldhús, stofu og borðstofu. Sérgeymsla í kjallara. **V. 36,9 m.**

## Flugumýri 28 - 270 Mosfellsbær




Gott 275 m2 atvinnuhúsnæði. Um er að ræða vinnslusal með 2 stórum innkeyrsluhurðum og mikilli lofthæð. Milliloft sem skiptist í opið rými sem hægt er að nota sem skrifstofurými eða geymslurými, baðherbergi og kaffistofu. Gólfflötur er ca. 195 m2 og milliloft ca. 80,0 m2. Leiguverð 350.000 kr á mánuði.

## B Gata 4 - 110 Reykjavík




100 fm hesthús og hlöðu við B götu 4 í Fjárborgum á Hólmsheið, Reykjavík. Um er að ræða gamalt 100 m2 hesthús með aðstöðu fyrir allt að 20 hesta, stór hlaða, lítið aukahús þar við hlið sem nýtt er sem kaffistofa. **V. 6,5 m.**

## Naustabryggja 14 - 110 Rvk.




188,3 m2, 6 herbergja íbúð á tveimur hæðum, ásamt bílastæði í bílageymslu við Naustabryggju 14 í Reykjavík. **V. 42,9 m.**

## Efstaland – 270 Mosfellsbæ



Byggingarlóðir fyrir raðhús. Erum með tvær byggingarlóðir fyrir 4 og 5 raðhús við Efstaland í Helgafellshverfi í Mosfellsbæ. **V. 24 og 30 m.**

## Arnartangi 77 - 270 Mosfellsbær



Mjög fallegt 174,2 m2, 5-6 herbergja einbýlishús á einni hæð með innbyggðum bílskúr. Vinsæl staðsetning. Gróinn garður með veröndum. Hellulagt bílaplan. **V. 49,8 m**

## Reykjabyggð 11 - 270 Mosfellsbær



Glæsilegt 250 m2 einlyft einbýlishús með bílskúr sem er nýttur að hluta sem íbúðarrými. Undir bílskúrnum öllum er kjallari 53 m2, sem ekki er á teikningu. Falleg lóð með timburverönd og heitum potti. Stórt hellulegt bílaplan. **V. 55,0 m.**

## Álmholt 6 - 270 Mosfellsbær




236,1 m2 einbýlishús með tvöföldum bílskúr og aukaíbúð í kjallara við Álmholt í Mosfellsbæ. Um er að ræða 140,2 m2 einbýlishús á einni hæð ásamt 48,2 m2 tvöföldum bílskúr og 47,7 m2 aukaíbúð í kjallara. **V. 45,9 m.**

## Reykjavegur 54 - 270 Mosfellsbær




80 m2, 4ra herbergja, íbúð á efri hæð í tvíbýlishúsi ásamt 26,8 m2 bílskúr við Reykjaveg 54 í Mosfellsbæ. Húsið er timburhús klætt með lituðu bárujárni. **V. 24,6 m.**

## Gerplustræti 27 – 270 Mosfellsbær




Glæsileg 5 herbergja endaíbúð á jarðhæð í lyftuhúsi, ásamt bílastæði í bílakjallara. Fallegar innréttingar og gólfefni. Svalir og sérgarður í suður. **V. 39,9 m.**

Allt að 90% fjármögnun



Stofnað 1983

*Gleðileg jól og farsælt komandi ár*

# HRAUNHAMAR
FASTEIGNASALA

Sími 520 7500

Magnús Emilsson lögg. fasteignasali
Freyja Sigurðardóttir lögg. fasteignasali
Ágústa Hauksdóttir lögg. fasteignasali.
Helgi Jón Harðarson sölustjóri
Hilmar Þór Bryde sölumaður
Þorbjörn Helgi Þórðarson sölumaður
Hlynur Halldórsson sölumaður
Valgerður Ása Gissurardóttir ritari

## Eftirtaldar eignir verða til sýnis um hátíðirnar í samráði við Helga Jón sölustjóra s. 893 2233



### Svöluhraun
Hafnarfjörður - Einbýli

Nýkomið í einkasölu mjög fallegt einbýli með innbyggðum bílskúr samtals ca. 200 fm.

- Nýlegt fallegt eldhús ofl. 4-5 svefnherbergi.
- Stofa, borðstofa ofl.
- Suður garður með heitum potti.
- Björt og góð staðsetning.
- **Verð 46,8 millj.**



### Mánastígur
Hafnarfjörður - Einstök staðsetning

Höfum fengið í einkasölu glæsilegt og virðulega húseign á þremum hæðum með innbyggðum bílskúr samtals 330 fm.

- Einstök húseign og staðsetning.
- Tvímælalaust eitt allra fallegasta steinhús bæjarins.
- Einstök staðsetning í hrauninu.
- Jaðarlóð, í göngufæri við lækinn, miðbæinn, skóla og fleira.
- Myndir á netinu.
- **Verð 79 millj.**



### Vesturvangur
Hafnarfjörður - Einbýli með 2 aukaíbúðum

Nýkomið glæsilegt einbýli með innbyggðum bílskúr, samtals 375 fm.

- Tvær aukaíbúðir
- Húsið er allt nýtekið í gegn að utan sem innan á vandaðan máta.
- Tvær 60 fm. 2ja herb. íbúðir með sérinngang.
- **Verð 86,9 millj.**

**Opnunartími um hátíðarnar: Þorláksmessa: Lokað / 29. desember: Opið frá 10:00-16:00 / 30. desember: Opið frá 10:00-16:00 / 2. janúar: Lokað**

Bæjarhrauni 10 • Hafnarfirði • Sími 520 7500 • www.hraunhamar.is



KL. 20:10
**Michael Bublé's Christmas In New York**
Upptaka frá stórkostlegum jólatónleikum Michael Bublé í Radio City Music Hall. Hér flytur hann öll fallegustu jólalögin ásamt góðum gestum.

# Fjölbreytt mánudagskvöld

KL. 19:45
**Mike And Molley**
Gamanþáttaröð um turtildúfurnar Mike Biggs og Molly Flynn. Það skiptast á skin og skúrir í sambandinu og ástin tekur á sig ýmsar myndir.



KL. 20:55
**Peaky Blinders**
Vandaðir þættir sem gerast í Birmingham á Englandi árið 1919 og fjalla um harðsvírað glæpagengi sem ræður ríkjum.



KL. 21:55
**Rush**
Dr. William Rush er spilltasti læknirinn í Los Angeles og hann er til í að gera ýmislegt fyrir ríka og fræga fólkið ef nógu vel er greitt fyrir.



KL. 22:00
**From Paris With Love**
Hörkuspennandi mynd um tvo menn sem freista þess að koma í veg fyrir yfirvofandi hryðjuverkaárás í París.



3 | KL. 21:00
**The Glades**
Fjórða þáttaröðin af spennandi sakamálaþáttum sem segja frá lífi og starfi lögreglumannsins Jim Longworth í Flórída.



KL. 21:05
**Matarást með Rikku**
Friðrika Hjördís Geirsdóttir sækir heim þjóðþekkta Íslendinga sem eru alkunnir sælkerar.



Fáðu þér áskrift! 365.IS

## SUDOKU

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 7 | | | 9 | | | | 4 |
| 8 | 3 | | | | 4 | | 5 | |
| | 9 | | 6 | 8 | 2 | | | 7 |
| 9 | | | | | 5 | | 6 | 8 |
| | 4 | 3 | | | 9 | | | 2 |
| | | 6 | | | | 1 | 3 | |
| | 1 | 4 | 2 | 7 | 8 | | | |
| | 6 | | 9 | | | | | |
| | | | 3 | 4 | | 8 | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 6 | | | | | | 3 | |
| 8 | | | 9 | | | 1 | | |
| | 5 | | 4 | 7 | | | | 8 |
| 9 | | 7 | 6 | | 5 | | | 4 |
| | 4 | | | | 3 | 8 | 6 | |
| 5 | | | | | 2 | | | |
| | 7 | | | | 4 | | | |
| 4 | 1 | 3 | 8 | 6 | | | | |
| | | | 2 | | | | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | | | |
| | | | 8 | 5 | | | 4 | |
| 6 | 7 | 3 | | 2 | | | | |
| 3 | 6 | | | | 9 | | | 2 |
| 7 | | | 5 | 3 | | 4 | | |
| | | 4 | | | 2 | 7 | | |
| | | | | 9 | | 2 | 5 | 3 |
| | | | 3 | 4 | 1 | | | |
| | | 8 | | | | | | |

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 7 | 2 | 3 | 9 | 4 | 8 | 1 | 6 |
| 6 | 8 | 3 | 5 | 1 | 2 | 7 | 9 | 4 |
| 9 | 1 | 4 | 7 | 6 | 8 | 3 | 2 | 5 |
| 1 | 6 | 7 | 2 | 8 | 9 | 4 | 5 | 3 |
| 8 | 2 | 5 | 6 | 4 | 3 | 9 | 7 | 1 |
| 3 | 4 | 9 | 1 | 5 | 7 | 6 | 8 | 2 |
| 7 | 5 | 8 | 4 | 2 | 6 | 1 | 3 | 9 |
| 4 | 9 | 1 | 8 | 3 | 5 | 2 | 6 | 7 |
| 2 | 3 | 6 | 9 | 7 | 1 | 5 | 4 | 8 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 3 | 4 | 8 | 9 | 5 | 1 | 2 | 7 |
| 5 | 9 | 7 | 6 | 2 | 1 | 8 | 3 | 4 |
| 1 | 8 | 2 | 3 | 4 | 7 | 5 | 6 | 9 |
| 2 | 4 | 5 | 7 | 1 | 3 | 9 | 8 | 6 |
| 3 | 6 | 8 | 9 | 5 | 4 | 7 | 1 | 2 |
| 7 | 1 | 9 | 2 | 6 | 8 | 3 | 4 | 5 |
| 4 | 7 | 6 | 1 | 3 | 9 | 2 | 5 | 8 |
| 8 | 5 | 1 | 4 | 7 | 2 | 6 | 9 | 3 |
| 9 | 2 | 3 | 5 | 8 | 6 | 4 | 7 | 1 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 9 | 6 | 8 | 1 | 4 | 2 | 3 | 5 |
| 1 | 2 | 8 | 9 | 3 | 5 | 7 | 4 | 6 |
| 3 | 4 | 5 | 2 | 6 | 7 | 8 | 9 | 1 |
| 9 | 6 | 1 | 4 | 7 | 8 | 3 | 5 | 2 |
| 4 | 3 | 7 | 5 | 2 | 1 | 9 | 6 | 8 |
| 5 | 8 | 2 | 3 | 9 | 6 | 1 | 7 | 4 |
| 6 | 5 | 3 | 1 | 8 | 9 | 4 | 2 | 7 |
| 8 | 7 | 9 | 6 | 4 | 2 | 5 | 1 | 3 |
| 2 | 1 | 4 | 7 | 5 | 3 | 6 | 8 | 9 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

# Myndasögur

**PONDUS**

Eftir Frode Øverli




**GELGJAN**

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN**

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




## SPAKMÆLI DAGSINS

**„Gæludýr, alveg eins og eigendur þeirra, eiga það til að víkka lítillega út um jólin.“**

*Frances Wright*

## KROSSGÁTA

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT**
**2.** hljóðfæri, **6.** tveir eins, **8.** efni, **9.** farfa, **11.** gjaldmiðill, **12.** grátur, **14.** rabb, **16.** klafi, **17.** fiskur, **18.** slunginn, **20.** tvíhljóði, **21.** traðkaði.

**LÓÐRÉTT**
**1.** flík, **3.** stefna, **4.** baknaga, **5.** for, **7.** helber, **10.** höld, **13.** knæpa, **15.** svif, **16.** margsinnis, **19.** kyrrð.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** túba, **6.** ee, **8.** tau, **9.** lít, **11.** kr, **12.** snökt, **14.** skraf, **16.** ok, **17.** áll, **18.** fær, **20.** au, **21.** tróð.

**LÓÐRÉTT: 1.** pels, **3.** út, **4.** baktala, **5.** aur, **7.** einskær, **10.** tök, **13.** krá, **15.** flug, **16.** oft, **19.** ró.

## SKÁK

**Gunnar Björnsson**

**Guðmundur Halldórsson (2219) missti af góðri leið gegn Helga Áss Grétarssyni (2458), Skákfélaginu Hugin, og skákdálkahöfundi Morgunblaðsins.**

**Svartur á leik**



Guðmundur lék **32...Dg4??** og mátti gefast upp eftir **35. f3 Df4 36. He6+!** Guðmundur átti hins vegar **32... Dxe1+!! 33. Bxe1 Hc1** og hvítur á ekkert skárra en **34. Kh2 Hh8+ 35. Kg3 Hxh1** með mun betri stöðu á svartan.

**www.skak.is:** Allt um Jólapakkamót Hugins.

HAFBERG
*fiskbúð sælkerans*

# SKÖTU HLAÐBORÐ Á ÞORLÁKSMESSU

**KÆST SKATA-SALTFISKUR-PLOKKFISKUR**

**BORÐAPANTANIR Í SÍMA 820 5887**

**OPNIÐ Á AÐFANGADAG 10-13**

*Innbakaður humar og lax í smjördeigi*

*Stór jólahumar*
*Frá 4.990 kr/kg*



*Hreinsaður humar...*
*...tilbúinn í súpuna*

*Humarsúpa Hafbergs*
*sú besta í bænum*

Gnoðarvogi 44, 104 Rekjavík | sími: 588 8686

Mozart
við kertaljós

Dómkirkjunni
í kvöld, 22. des., kl. 21.00

Camerarctica

Miðaverð 2500/1500

GEFÐU HÆNU
gjofsemgefur.is
907 2003
Hjálparstarf kirkjunnar

Beittur
í hnetusteikina



Santouko stálhnífur
Hnífsblað 16,5cm • Damascus stál
Kr. 27.062,-

FASTUS
Veit á vandaða lausn

Síðumúli 16 | 108 Reykjavík | Sími 580 3900 | www.fastus.is
Verslun opin mán - fös 8.30 - 17.00

FASTUS_E_56.12.14

Öll hulstur
á 1.990.-
fram að
jólum



iSíminn
Skipholti 21

Farsímar
Tölvuvörur
Aukahlutir
Viðgerðir

# Ævintýralega skemmtileg Öræfaferð

BÆKUR ★★★★★

**Öræfi**
Ófeigur Sigurðsson
**MÁL OG MENNING**



**ÓFEIGUR SIGURÐSSON** „Stílfimi Ófeigs er með ólíkindum og hann dregur lesandann út í einkennilegustu ferðalög,“ segir Jón Yngvi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Nýjasta skáldsaga Ófeigs Sigurðssonar, Öræfi, er einföld ferðasaga. Hún lýsir ferð ungs Austurríkismanns, Bernharðar að nafni, frá heimaborg sinni Vín til Íslands á vit draumalandsins sem reynist vera Öræfasveit. Bernharður hefur heillast af íslenskri náttúru og menningu, og sameiningu menningar og náttúru í örnefnafræðinni. Tengsl hans við landið reynast þó flóknari en flestra þeirra Íslandsáhugamanna sem koma til landsins með glýju í augum yfir stórfengleika menningar og sögu.

Ferðasaga Bernharðar endar – eins og lesandi kemst að í upphafi sögu – með ósköpum, ferð hans á Vatnajökul verður honum ofviða þrátt fyrir vandlegan undirbúning og útbúnað sem er í meira lagi fjölbreyttur og frumlegur. Það sem eftir stendur er frásögn hans af eigin ævintýrum, miðlað í gegnum nokkra milliliði sem stundum taka af honum völdin. Þar fer fremst í flokki dýralæknirinn og boldangskvenmaðurinn dr. Lassi, en einnig taka til máls barflugan Fastagestur og sá sem kallar sig höfund bókarinnar en hann er langt frá því að vera allur þar sem hann er séður.




Sögu Bernharðar fáum við lesendur uppfulla af útúrdúrum og ólíkindalátum, sjálfur týnist hann oft og iðulega í orðaflaumi milliliðanna um Öræfin, sögu svæðisins, náttúru þess, Öræfinga lífs og liðna og sérkenni þeirra. Sagan af örnefnafræðingnum seinheppna verður uppspretta alls kyns frásagna, ritgerða og orðræðna. Fyrirmyndirnar eru sóttar víða að, þjóðlegur fróðleikur og sagnaþættir, skrif náttúrufræðinga og annálaritara og fleiri misþekkt rit hafa orðið Ófeigi innblástur – að ógleymdum Benedikt Gröndal en oft og tíðum er eins og höfundur Heljarslóðarorrustu tali í gegnum persónur sögunnar og skrásetjara. Þessi blanda er rammgöldrótt. Á köflum er algerlega ævintýralegt að lesa Öræfi. Stílfimi Ófeigs er með ólíkindum og hann dregur lesandann út í einkennilegustu ferðalög um íslenska sögu, náttúru og menningu.

Á stundum finnst manni eins og stílgaldurinn sé nóg í sjálfu sér, að bókin þurfi ekki aðra kosti en þann að skemmta lesandanum á öllum sviðum tungunnar. En undir lok sögu dregur til tíðinda og þá kemur líka í ljós að þótt Öræfi sé með skemmtilegustu bókum þá býr undir rammasta alvara. Þegar sagan snýst upp í dómsdagsspá með náttúruhamförum og nýrri veröld sem rís úr eyðingunni verður lesandanum ljóst að höfundurinn á við hann erindi. Öræfi fjallar um mörg af brýnustu málum samtímans: umgengni okkar við náttúru og menningararf, samskipti okkar við og meðferð á öðrum dýrategundum og fleiri skyld mál. Sagan spyr líka ögrandi spurninga um tækni og framfarir og setur margvísleg spurningamerki við nútímavæðinguna. Sá fornlegi bragur sem er stundum á stílnum er engin tilviljun, hér gengur allt upp í magnaðri úttekt á nútímanum með tungutak fortíðarinnar að vopni.

**Jón Yngvi Jóhannsson**

**NIÐURSTAÐA:** Ævintýralega skemmtileg skáldsaga með djúpum og áríðandi undirtónum.

# Þú ert söguhetjan

BÆKUR ★★★☆☆

**Þín eigin þjóðsaga**
Ævar Þór Benediktsson
**MÁL OG MENNING**



**ÆVAR ÞÓR BENEDIKTSSON** „Bókin minnir eiginlega frekar á borðspil en bók. Áhugaverð og skemmtileg tilraun,“ segir Halla Þórlaug. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Sögur enda ekki allar vel, stundum fer allt á versta veg. Þá er mikill lúxus að geta byrjað upp á nýtt á sögunni, tekið aðra ákvörðun og séð hvort leysist úr málunum. Þín eigin þjóðsaga er eiginlega ekki ein saga heldur margar smásögur, þar sem lesandinn er söguhetjan og tekur ákvörðun í lok hvers kafla um framgang mála. Þannig býður bókin upp á að vera lesin aftur og aftur og á ólíka vegu.

Ævar Þór Benediktsson er flestum börnum kunnugur í hlutverki sínu sem Ævar vísindamaður. Og þótt bókin eigi kannski lítið skylt við vísindi þá er hún engu að síður nokkuð tilraunakennd og býður lesendum sínum að gera eigin tilraunir með söguþráðinn.




Já, þetta eru eiginlega margar smásögur, þar sem lesandinn fær samt á tilfinninguna að hann stjórni ferðinni algjörlega. Höfundur sækir innblástur í þjóðsagnaarf Íslendinga sem og söguna. Ýmsir karakterar verða á vegi lesandans, gömlu jólasveinarnir, Sæmundur fróði, Jón Árnason, Grimms-bræður og Lagarfljótsormurinn, svo dæmi séu tekin. Þannig er bókin fræðandi og til að auka enn á fræðslugildið laumar höfundur ýmsum orðskýringum í textann. Sem er vel.

Bókin er skrifuð í annarri persónu, lesandinn er ávarpaður og settur inn í söguna. Hann er aðalsöguhetjan. Aðalsöguhetjan er þannig skrifuð nokkurn veginn persónuleikalaus. Hugmyndin er væntanlega sú að hafa hetjuna hlutlausa svo lesandinn geti fært eigin persónuleika yfir á hana. Höfundur er meðvitaður um þetta og passar sig að forðast orð sem koma upp um kyn „þitt“ eða nafn.

Afleiðingin er sú að lesandinn fær ekki mikla samúð með aðalpersónunni. Markmið bókarinnar er auðvitað annað. Hún er söguþráðardrifin – eðli málsins samkvæmt – og persónur skipta þá minna máli. Þó skal taka fram að aukapersónur allar eru vel heppnaðar og þeim að þakka er bókin á köflum stórskemmtileg og fyndin.

Bókin minnir eiginlega frekar á borðspil en bók. Áhugaverð og skemmtileg tilraun sem mun vafalaust slá í gegn hjá ungum lesendum og býður einnig upp á skemmtilegan og gagnvirkan upplestur.

**Halla Þórlaug Óskarsdóttir**

**NIÐURSTAÐA:** Öðruvísi bók sem ætti að höfða til bæði til bókaorma og líka þeirra sem hafa meira gaman af borðspilum en bókalestri.




DYNAMO REYKJAVÍK

# Flottur einleikari með London Philharmonic

TÓNLIST ★★★★☆

**London Philharmonic Orchestra**

Einleikari: Leif Ove Andsnes. Stjórnandi: Osmo Vänskä

**VERK EFTIR VAUGHAN WILLIAMS, BEETHOVEN OG TSJAÍKOVSKÍ. TÓNLEIKAR Í ELDBORG Í HÖRPU FIMMTUDAGUR 18. DESEMBER**

Ég sá og heyrði Leif Ove Andsnes leika einleikinn í 3. píanókonsert Prokofievs með Sinfóníuhljómsveit Íslands þegar hann var bara sextán ára. Það voru stórfenglegir tónleikar. Ljóst er að honum hefur ekki farið aftur. Hann var einleikarinn á tónleikum London Philharmonic Orchestra á fimmtudagskvöldið. Að þessu sinni var hinn svonefndi Keisarakonsert Beethovens á dagskránni. Það er sá fimmti og síðasti sem hann samdi. Nafnið á konsertinum er trix sem nótnabókaútgefandinn fann upp á. „Keisarakonsert“ þótti óneitanlega meira sexí en „Konsert númer fimm“.

Andsnes spilaði af yfirburðum. Allar nótnarunurnar fram og til baka, upp og niður hljómborðið voru óaðfinnanlegar. Krafturinn í túlkuninni var smitandi, það var eitthvað karlmannlegt og hraustlegt við hana. Hún var fremur hröð, sem fór verkinu vel. Samspil hljómsveitar og píanóleikara var líka með eindæmum gott, alveg hárnákvæmt.

Osmo Vänskä hélt á sprotanum. Hann er tignarlegur stjórnandi, ber sig óvanalega fallega. Það var nánast eins og hann væri að gera kínverskar tai chi-æfingar fyrir framan hljómsveitina. Fyrsta verkið á efnisskránni, strengjastykki eftir Vaughan Williams var sérlega vel leikið. Það heitir Fantasía um stef eftir Thomas Tallis, sem var enskt tónskáld á sextándu öld. Tallis samdi magnaða kórtónlist, mjög fjölradda. Hér var strengjasveitinni, rétt eins og margradda kór, skipt upp í misstórar einingar. Hver þeirra hafði sína rödd. Útkoman var fínlega ofinn tónavefur sem var sjarmerandi íhugull. Hljómsveitin spilaði verkið af yfirburðum. Nákvæmnin í leiknum var aðdáunarverð, túlkunin áleitin og þráðurinn heill.



LONDON PHILHARMONIC ORCHESTRA „Nákvæmnin í leiknum var aðdáunarverð.



LEIF OVE ANDSNES „Krafturinn í túlkuninni var smitandi, það var eitthvað karlmannlegt og hraustlegt við hana.“

NORDICPHOTOS/GETTY

Fyrsta sinfónía Tsjaíkovskís var líka sannfærandi í meðförum hljómsveitarinnar. Leikurinn var hressilegur og það var tilkomumikið hvernig ákafinn í túlkuninni stigmagnaðist. En í samanburðinum við aðrar erlendar hljómsveitir sem hingað hafa komið til tónleikahalds, þá var Fílharmóníusveitin hreinlega ekki eins góð. Það voru hnökrar hér, óhreinar nótur þar, ósamtaka spil annars staðar. Ekkert þó neitt áberandi, en það taldi samt. Sá orðrómur er uppi að breskar hljómsveitir fái ekki mikinn æfingatíma vegna tilkostnaðar. Þær æfa lítið, en spila mikið. Eftir að hafa heyrt hljómsveitina nú, þá get ég vel trúað að það sé rétt.

**Jónas Sen**

**NIÐURSTAÐA:** Magnaður einleikur, hljómsveitin var flott, en ekki fullkomin.






Emmess djæf krans m/daim, 1 lítri

**1099** kr./stk.




Ostahúsið
Tiramísú, 110 g

**299** kr./stk.




Nóatúns sherry fromas, 300 g

**599** kr./pk.



Myllu ensk jólakaka

**678** kr./stk.




Ömmu flatkökur, 5 stk. í pk.

**235** kr./pk.

# NÓATÚN

*Við gerum meira fyrir þig*

Ferskir í fiski



FBS humar

**6998** kr./kg

Fyrir 6

www.noatun.is

## Hátíðar humarsúpa
### með agúrkum, sólselju og silungahrognum

**Súpa**

**1,5 l gott humarsoð**
**3 dl hvítvín**
**4 skalottlaukar saxaðir**
**3 hvítlauksgeirar saxaðir**
**1 selleristilkur saxaður**
**500 ml rjómi**
**20 ml koníak**
**40 g smjör + 30 g hveiti (smjörbolla)**
**salt eftir smekk**

Léttsteikið grænmetið í potti, bætið hvítvíni út í og sjóðið niður um helming. Bætið humarsoði í og sjóðið niður um ⅓. Sigtið yfir í annan pott og bætið rjómanum út í, sjóðið niður um ¼. Smakkið til með salti, þykkið með smjörbollu og blandið vel með töfrasprota. Bætið koníaki út í í restina.

**Humar**

**500 g humarhalar, teknir úr skelinni**
**20 ml olía**
**50 g smjör**
**2 hvítlauksgeirar skornir í tvennt**
**salt**

Hreinsið humar og beygið hann saman í hring. Steikið á pönnu á annarri hliðinni þar til gullinbrúnn. Bætið smjörinu ásamt hvítlauksgeirum út í og leyfið því að freyða. Snúið humrinum yfir á hina hliðina í 10-15 sek. og takið af pönnunni. Þerrið lítillega og raðið í súpudisk.

**1 agúrka skræld, kjarnhreinsuð og skorin í litla teninga**
**2 selleristilkar skornir í litla teninga**
**½ dós sýrður rjómi 18%**
**½ búnt fersk sólselja (dill)**
**½ msk. agavesíróp**
**⅓ krukka silungahrogn**
**salt**
**safi og börkur af 1 lime**

Blandið öllu hráefninu saman og setjið hæfilegan skammt í miðjan súpudisk. Hellið heitri súpunni yfir og toppið með létt þeyttum rjóma og stökkum brauðteningum.

**Hinn margverðlaunaði Nóatúns hamborgarhryggur er kominn í verslanir!**



Grísalæri

**988** kr./kg

~~1098 kr./kg~~



Nóatúns hamborgarhryggur

**1698** kr./kg

Bestir í kjöti
Úr kjötborði



Grísahryggur með pöru

**1099** kr./kg

~~1298 kr./kg~~



Ungnautafille

**4998** kr./kg

Opið til miðnættis alla daga 8-24

NÓATÚN

Hamraborg – Nóatún 17 – Hringbraut – Austurver – Grafarholt

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.




# Frábær íslensk tónverk frumflutt

Tónlistarárið 2014 var í það heila gott ár í klassískri tónlist að mati Jónasar Sen. Frábær íslensk ópera frumflutt, góðir gestir sóttu landið heim, haldið var upp á afmæli Sumartónleika í Skálholti og Kammersveitar Reykjavíkur og er þá fátt eitt talið.

**Klassísk tónlist** 2014

Fyrir tíu árum skrifaði ég nokkuð umdeilda opnugrein sem bar fyrirsögnina „Er Íslenska óperan dauðadæmd?“ Þar gagnrýndi ég stofnunina og fann að því að eingöngu vinsælar óperur væru settar upp, en nýjar íslenskar óperur vanræktar.

Þetta var ekki í fyrsta sinn sem Óperan fékk einn á lúðurinn. Í Reykjavíkurbréfi í Morgunblaðinu tveimur árum áður hafði verið stungið upp á að hún fetaði í fótspor Íslenska dansflokksins og skapaði sér sérstöðu með því að einbeita sér að nýbreytni í óperuuppfærslum.

Þáverandi óperustjóri, Bjarni Daníelsson, mótmælti þessu og benti á að ekki væri mikil gróska í ritun íslenskra ópera sem næðu hylli almennings. Það var að einhverju leyti rétt hjá honum. En ekki lengur. Á árinu sem er að líða náðu nefnilega bæði sígildar og nýjar íslenskar óperur miklum vinsældum.

Don Carlo eftir Verdi í haust þótti sérlega skemmtileg, sviðsmyndin var frábær og tónlistarflutningurinn magnaður. Einhver flottasti sviðseffekt sem hefur sést á Íslandi var þegar rannsóknarrétturinn brenndi nokkra sakamenn á báli. Eins og allir vita er Eldborgin í Hörpu rauð, og þegar gervieldi var varpað á sviðið var það svo rautt að það var hreinlega eins og maður væri kominn til helvítis!




### Ekkasog og snýtingar

Áhorfendur grenjuðu af hrifningu. En þeir voru líka djúpt snortnir á uppfærslu óperunnar Ragnheiður eftir Gunnar Þórðarson við texta eftir Friðrik Erlingsson. Ragnheiður kom verulega á óvart. Það voru ekkasog og snýtingar allt kringum mig þegar líða tók á sýninguna. Sjálfur þóttist ég vera með ofnæmi. Óperan var rómantísk eins og gömlu óperurnar, en samt ekki klisjukennd. Tónlistin, þótt hún væri þægilega lagræn, var aldrei fyrirsjáanleg. Svo var bara eitthvað sjarmerandi íslenskt við hana.

Önnur íslensk ópera var frumflutt í konsertuppfærslu á árinu. Það var barnaóperan Baldursbrá eftir Gunnstein Ólafsson. Hún leit fyrst dagsins ljós á Þjóðlagahátíðinni á Siglufirði í sumar, en var flutt í Langholtskirkju nokkrum dögum síðar. Rétt eins og ópera Gunnars var hún alþýðleg og grípandi. Hún var af og til skreytt þjóðlögum, og húmorinn sveif yfir vötnunum. Þegar ég gekk út að tónleikum loknum heyrði ég fólk vera að blístra stef úr óperunni. Það eru sko meðmæli!

Íslenskar óperur eru því í sókn um þessar mundir. En nokkur önnur íslensk tónverk voru frumflutt á árinu sem voru afburðagóð. Hér er ekki hægt að minnast á þau öll, en nefna verður klarinettukonsert eftir Svein Lúðvík Björnsson og sellókonsert eftir John A. Speight. Errata collective var jafnframt með stórsniðuga tónleika í sumar; The Isle Is Full of Noises eftir Daníel Bjarnason á Myrkum músíkdögum var sömuleiðis hrífandi. Einnig Scape of Grace eftir Hallvarð Ásgeirsson og Sögu Sigurðardóttur. Það síðastnefnda var bæði dans- og tónverk, rétt eins og svo margt í heimi nútímadansins.




### Afmælisveislur og dræm aðsókn

Tvö 40 ára afmæli voru áberandi á árinu. Sumartónleikar í Skálholti fögnuðu þessum áfanga, sem og Kammersveit Reykjavíkur. Upphafstónleikarnir í Skálholti í sumar voru einstaklega veglegir. Þar var boðið upp á sjaldheyrða barokktónlist frá Suður-Ameríku. Það var meira að segja dansað við hana í sjálfri Skálholtskirkju sem þó sökk ekki!

Kammersveitin bauð líka til afmælisveislu með því að endurskapa fyrstu tónleika sveitarinnar á Kjarvalsstöðum. Það var góð hugmynd. En nú er maður orðinn spilltur af eftirlæti eftir að Harpan reis, svo tónleikar á Kjarvalsstöðum eru ekkert sérstaklega aðlaðandi lengur. Húsið er auðvitað skemmtilegt, en hljómburðurinn er ekkert til að hrópa húrra fyrir.

Húrrahrópunum rigndi ekki heldur yfir Listahátíð í vor. Eitthvað virtist hún illa sótt, a.m.k. fékk ég nokkra dreifipósta þar sem mér voru boðnir tveir miðar fyrir einn á mismunandi viðburði hátíðarinnar. Það var ekki góðs viti. Enda ollu sumir tónleikar á hátíðinni vonbrigðum. Þó stóð 3. sinfónía Mahlers undir stjórn Osmo Vänskä upp úr – og vel það. Hún var svo voldug og tignarleg að það hlýtur að teljast með betri tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands á árinu.

### Kissin og Megas

Talandi um sinfóníutónleika þá held ég að ég hafi aldrei upplifað önnur eins fagnaðarlæti á klassískum tónleikum og þegar Évgení Kissin lék einleikinn í 2. píanókonsert Rakmaninoffs. Það var hreinlega geggjað. Fólk stökk á fætur og gargaði. Ekki varð betur séð en að Kissin sjálfur yrði hálf hvumsa. Það var komið fram við hann eins og rokkstjörnu.

Margt fleira gerðist á árinu, Sinfóníuhljómsveitin í Toronto var t.d. með eindæmum glæsileg og sömu sögu er að segja um Fílharmóníusveitina í London, þótt hún væri kannski ekki alveg eins góð. Svo verður lokum að nefna stórfenglega tónleika í Grafarvogskirkju með tónlist Megasar við Passíusálma Hallgríms Péturssonar. Það var einstakur listviðburður. Passíusálmarnir eru auðvitað grafalvarlegur kveðskapur, en tónlist Megasar er full af gleði. Sjálfsagt vakti hún einhverja hneykslun af þeim sökum, en hún á eftir að lifa! Hægt er að horfa á Jesú og líf hans út frá svo mörgum sjónarhólum, og tónlist Megasar er nýr vinkill á þá sögu.

Í það heila var 2014 gott ár í tónlistarlífinu á Íslandi og óhætt er að hlakka til þess næsta. Ég óska lesendum mínum gleðilegs árs og þakka þeim samfylgdina á árinu sem er að líða.

**Jónas Sen**

# 50 ára
## afmælistilboð

**Merrild á 50 ára afmæli!**

Í tilefni af því er frábært afmælistilboð á 400g Merrild afmælispakka í öllum helstu verslunum. Gríptu þér Merrild á meðan afmælistilboðið endist.




ENNEMM / SIA • NM66456

# Svartidauði spilar í fallbyssuvirki frá nítjándu öld

**Hljómsveitin kemur fram á tónlistarhátíðinni Brutal Assault í Tékklandi með mörgum af þekktustu metalsveitum heimsins.**

„Við munum troða upp í gömlu fallbyssuvirki frá 19. öld, það er mikil saga þarna í kring,“ segir Sturla Viðar Jakobsson, söngvari og gítarleikari svartmálmssveitarinnar Svartadauða.

Sveitin kemur fram á hátíðinni Brutal Assault í Tékklandi í ágúst ásamt mörgum stærstu metalsveitum heimsins. „Þetta er austast í Bæjaralandi og það að koma fram í fallbyssuvirki heillaði okkur strax, við erum ekki bara að spila á einhverju tékknesku NASA. Þetta er úti í náttúrunni með fallbyssum, það gerist varla meira metal en það,“ segir Sturla.

Á hátíðinni koma einnig fram sveitir eins og Sepultura, Brujeria, Cannibal Corpse, Cradle of Filth og tilvonandi Íslandsvinirnir Enslaved, sem spila á Eistnaflugi í júlí.

Það er nóg að gera hjá sveitinni en í byrjun janúar kemur út geisladiskur og vínilplata þeirra, The Synthesis of Whore and Beast. **- þij**



**SVARTIDAUÐI** Gefur út The Synthesis of Whore and Beast. MYND/RAKEL ERNA






**ÍSLANDSVINIR** Ryan Gosling og Eva Mendes eignuðust sitt fyrsta barn á árinu. Dóttir þeirra Esmeralda Amada Gosling kom í heiminn þann 12. september.



**TVÍBURAR** Chris Hemsworth og eiginkona hans Elsa Pataky eignuðust tvíburastráka í mars sem skírðir voru Tristan og Sasha, en fyrir eiga þau dótturina India Rose sem fædd er árið 2012.

# STJÖRNUBÖRN ÁRSINS

**Það voru margir úr hópi fína og fræga fólksins sem eignuðust erfingja á árinu. Sumir tókust á við foreldrahlutverkið í fyrsta sinn, þar á meðal dómarinn Simon Cowell, en aðrir fögnuðu fæðingu síns annars eða jafnvel þriðja barns.**



**DRENGIR** Söngkonan Gwen Stefani og eiginmaður hennar Gavin Rossdale eignuðust sinn þriðja dreng í febrúar og skírðu hann Apollo Bowie Flynn Rossdale. Fyrir eiga Stefani og Rossdale synina Kingston James McGregor og Zuma Nesta Rock.



**ALSÆL** Simon Cowell og Lauren Silverman eignuðust soninn Eric á Valentínusardaginn. Drengurinn er fyrsta barn Cowell en Silverman á einn dreng fyrir.



**HAMINGJUSÖM** Drew Barrymore eignaðist sína aðra dóttur í apríl og var hún nefnd Frankie Barrymore Kopelman. Fyrir eiga Barrymore og eiginmaður hennar, Will Kopelman, dótturina Olive Barrymore Kopelman sem er fædd árið 2012.



**DÓTTIR** Leikkonan Scarlett Johansson og unnusti hennar, Romain Dauriac, eignuðust dótturina Rose Dorothy á árinu.



**GLÓIR** Leikkonan Kerry Washington og eiginmaður hennar, Nnamdi Asomugha, eignuðust dótturina Isabelle Amarachi 21. apríl síðastliðinn.

NORDICPHOTOS/GETTY






# JÓLAGLAÐNINGURINN






**KitchenAid 5KCM0402EO**
Kaffivél með ferðamáli. Losanlegur 540 ml vatnstankur. Varanleg sía. 700 w.

VERÐ **14.990**

KitchenAid



**KitchenAid KCPI40CROB**
24 sm pottjárnspottur með loki. Tilvalinn fyrir hægeldun. Fyrir allar gerðir hellna og í ofn. Má setja í uppþvottavél.

VERÐ **27.990**

KitchenAid

*Þrjár plastskálar saman í pakka*

VERÐ **4.990**





**KitchenAid KC2T**
Hágæða stálpottar. Botninn er í 3 lögum, miðjulagi úr áli og stállögum hvoru megin sem tryggir mjög góða hitadreifingu. Má nota á spanhellur og setja í ofn. Fást í 3 stærðum.

**KC2T15EHST** 1,5 lítra
VERÐ **16.990**

**KC2T30EHST** 2,8 lítra
VERÐ **19.990**

**KC2T60LCST** 5,7 lítra
VERÐ **29.990**



SEVERIN

**Severin KA5700**
1450w Café Caprice kaffikanna sem sýður vatnið. Dropastoppari. Tekur 8-12 bolla.

VERÐ **16.990**



Fissler
Fissler. Perfect every time.

**Fissler 61030006070**
Vitavit hraðsuðupottur með stillingum fyrir hraða, næmni og þrýsting. Læsing á loki. Má nota á allar eldavélar. 22 sm. 6 lítrar.

VERÐ **24.990**
VERÐ ÁÐUR **29.990**



**Fissler 03370138000**
Steikarpottur með þéttu glerloki. Hágæða gljáandi ryðfrítt stál. Má setja í ofn og á allar eldavélar. Svöl Handföng. 38 sm. 8,8 lítrar.

VERÐ **19.990**
VERÐ ÁÐUR **29.990**

dyson



- Mikill sogkraftur
- Engir pokar
- Góðar loftsíur
- Minni rafmagnsnotkun

**JÓLATILBOÐ**
**49.990**
VERÐ ÁÐUR **69.990**



EF 50
1964 - 2014

**Einar Farestveit & Co.hf.**
Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is

# BESTU ERLENDU PLÖTUR ÁRSINS 2014



1 Aphex Twin
**Syro**
*18 stig*




2 The War on Drugs
**Lost in the Dream**
*18 stig*



3 St. Vincent
**St. Vincent**
*17 stig*



4 FKA Twigs
**LP1**
*12 stig*




5 Royal Blood
**Royal Blood**
*11 stig*



6 Jack White
**Lazaretto**
*10 stig*




7 Perfume Genius
**Too Bright**
*9 stig*



8 Mac DeMarco
**Salad Days**
*9 stig*




9 Ariel Pink
**pom pom**
*8 stig*




10 Riff Raff
**Neon Icon**
*7 stig*

# APHEX TWIN MEÐ BESTU ERLENDU PLÖTUNA 2014

**Erlendar plötur** 2014

Syro með breska raftónlistarmanninum Aphex Twin er besta erlenda plata ársins að mati álitsgjafa Fréttablaðsins. Platan fékk jafnmörg stig og Lost in the Dream með The War on Drugs en reglurnar eru þannig að platan sem er með fleiri tilnefningar fær hærra sæti á heildarlistanum. Syro hlaut fimm tilnefningar en Lost in the Dream hlaut fjórar og því fellur sigurinn í skaut Aphex Twin í ár.

Skammt undan, í þriðja sæti listans, er bandaríska tónlistarkonan St. Vincent með sína fjórðu hljóðversplötu, samnefnda henni.

Fréttablaðið leitaði til valinna sérfræðinga til þess að ganga úr skugga um það hverjar væru bestu plötur ársins 2014. Átján manns skiluðu inn listum yfir bestu erlendu plöturnar, gagnrýnendur, fjölmiðlafólk og nafntogaðir tónlistaráhugamenn. Platan sem er í efsta sæti á lista hvers og eins fær 5 stig, platan í öðru sæti 4 stig og þannig koll af kolli.

Syro með Aphex Twin er sjötta hljóðversplata raftónlistarmannsins sérvitra og sú fyrsta í þrettán ár. Platan hlaut fyrirtaks dóma í hinum ýmsu tónlistarmiðlum þegar hún kom út, þar á meðal 10/10 í Drowned in Sound, 8/10 í Clash, 4/5 í Q Magazine, 9/10 í NME og 8,7/10 á Pitchfork Media.

Þriðja plata bandarísku indírokksveitarinnar The War on Drugs hlaut einnig frábæra dóma víða um heim en sveitin steig meðal annars á svið á Iceland Airwaves-hátíðinni í Vodafonehöllinni í haust við góðar undirtektir.

Þrír flytjendur komust á topp tíu með sínar fyrstu plötur, eða enska tónlistarkonan Tahliah Debrett Barnett, betur þekkt sem FKA Twigs, breska rokkdúóið Royal Blood og bandaríski rapparinn Riff Raff.

Annars vekur athygli að 59 plötur fengu atkvæði hjá álitsgjöfunum í ár og skiptust stigin því á ansi margar hendur.



APHEX TWIN



THE WAR ON DRUGS

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR




ROYAL BLOOD

NORDICPHOTOS/GETTY



FKA TWIGS

NORDICPHOTOS/GETTY



ST. VINCENT

NORDICPHOTOS/GETTY

# JÓLASPJALDTÖLVUR

nextbook

## 8" SPJALDTÖLVA FYRIR BÖRNIN Á 14.990

Börn elska spjaldtölvur. Þær bjóða upp á aðgang að þúsund ókeypis leikjum auk þess sem hægt er að horfa á sjónvarp, bíómyndir, hlusta á tónlist og fara á netið. Síðasta sending fyrir jól verður fljót að klárast.




14.990

NEX-NX008HD8G



## 7" MEMO PAD MEÐ INTEL ATOM OG 8 TÍMA RAFHLÖÐUENDINGU

Sterkbyggð hágæða spjaldtölva frá Asus með hraðvirkum örgjörva og björtum skjá. Vegur aðeins 275 grömm og sérstaklega handhæg og góð fyrir börnin.

24.990

ASUS ASU-ME70C1B014A

## 10" FULL HD SPJALDTÖLVA MEÐ IPS

40.000 króna jólaafsláttur af þessari glæsilegu spjaldtölvu með öflugum Intel Atom örgjörva og 2GB vinnsluminni. Allt að 10 tíma rafhlöðuending og ótrúleg myndgæði með háskerpu skjá og IPS skjátækni.



49.990

FULLT VERÐ 89.990

ASUS ASU-ME302C1A027A

## 10" FJÖGURRA KJARNA INTEL SPJALDTÖLVA



Transformer Pad spjaldtölva frá Asus með frábærum IPS skjá og allt að 9,5 tíma rafhlöðuendingu. Android 4.4 KitKat.

39.990

ASUS ASU-TF103C1B020A

## iPAD AIR 2



iPad

Þynnri og hraðari 9,7" iPad með Retina skjá, TouchID og allt að 10 tíma rafhlöðuendingu.

88.990

APL-MGLW2

## SAMSUNG GALAXY TAB 10.5"



Hæsti gæðaflokkur frá Samsung. Super AMOLED skjár með 2560x1600 pixla upplausn og öflugur 1.9GHz fjögurra kjarna örgjörvi. 3GB minni og allt að 13 tíma rafhlöðuending.

74.990

SAMSUNG SAM-41510

tl.is

## AÐEINS BROT AF JÓLATILBOÐUNUM !




BORGAÐU JÓLAREIKNINGINN 2. FEBRÚAR
Netgíró
Betri leið til að borga

TÖLVU LISTINN

| REYKJAVÍK | AKUREYRI | HÚSAVÍK | EGILSSTAÐIR | KEFLAVÍK | SELFOSS | AKRANES | HAFNARFJÖRÐUR |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| SUÐURLANDSBRAUT 26 | GLERÁRGÖTU 30 | GARÐARSBRAUT 18A | KAUPVANGI 6 | HAFNARGÖTU 90 | AUSTURVEGI 34 | ÞJÓÐBRAUT 1 | REYKJAVÍKURVEGI 66 |
| Sími 414 1700 | Sími 414 1730 | Sími 464 1600 | Sími 414 1735 | Sími 414 1740 | Sími 414 1745 | SÍMI 431 3333 | Sími 414 1750 |

*Herman Cph Limited púði no. 6*
*13.900.-*



*Pyropet kerti*
*4.900.-*




*Skjalm P kopar lampi*
*23.900.-*



*Mikið úrval af fallegum hönnunarvörum.*
*Fáðu sent heim að dyrum.*

Snúran

*www.snuran.is*
*vefverslun S: 537-5101*

Barnaheill
Save the Children á Íslandi

vissir þú að...
börn eiga rétt á aðstoð og hjálp ef þau lenda í ofbeldi

# SVONA GÁFU ÁLITSGJAFARNIR STIG



## Ómar Úlfur Eyþórsson
**X-IÐ 977**

1 Royal Blood **Royal Blood**
2 Foo Fighters **Sonic Highways**
3 Beck **Morning phase**
4 Parquet Courts **Sunbathing Animal**
5 Jack White **Lazaretto**



## Arnar Eggert Thoroddsen
**MORGUNBLAÐIÐ**

1 Sharon Van Etten **Are We There**
2 Kate Tempest **Everybody Down**
3 Perfume Genius **Too Bright**
4 Grouper **Ruins**
5 Kemper Norton **Loor**



## María Lilja
**DV**

1 Aphex Twin **Syro**
2 Riff Raff **Neon Icon**
3 Ariel Pink **Pom Pom**
4 FKA Twigs **LP 1**
5 Taylor Swift **1989**



## Sunna Ben
**FJÖLLISTAKONA**

1 18+ **Trust**
2 FKA Twigs **LP 1**
3 Riff Raff **Neon Icon**
4 Banks **Goddess**
5 Schoolboy Q **Oxymoron**



## Kjartan Guðmundsson
**RÁS 1**

1 Run the Jewels – **Run the Jewels**
2 MØ – **No Mythologies to Follow**
3 Neneh Cherry – **Blank Project**
4 St. Vincent – **St. Vincent**
5 Lana Del Rey **Ultraviolence**



## Þórður Helgi Þórðarson
**RÁS 2**

1 The Horrors **Luminous**
2 Röyksopp **The Inevitable End**
3 Trust **Joyland**
4 Young Fathers **Dead**
5 Boris Blank **Electrified**



## Dr. Gunni
**TÓNLISTARMAÐUR**

1 Ariel Pink **Pom pom**
2 Ty Segall **Manipulator**
3 Liars **Mess**
4 Meatbodies **Meatbodies**
5 Ex Hex **Rips**



## Trausti Júlíusson

1 Sleaford Mods – **Divide & Exit**
2 St. Vincent – **St. Vincent**
3 Aphex Twin **Syro**
4 Einstürzende Neubauten **Lament**
5 Jack White – **Lazaretto**



## Kamilla Ingibergsdóttir

1 The War on Drugs **Lost In The Dream**
2 FKA Twigs **LP 1**
3 Young Fathers **DEAD**
4 Lykke Li **I Never Learn**
5 Perfume Genius **Too Bright**



## Ósk Gunnarsdóttir
**FM 957**

1 Mac DeMarco **Salad Days**
2 Alt J **This Is All Yours**
3 Beyoncé **Beyoncé** (Platinum Edition)
4 Hozier **Hozier**
5 Azelia Banks **Broke with expensive taste**



## Óli Dóri
**X-IÐ 977**

1 Lone **Reality Testing**
2 Sun Kil Moon **Benji**
3 Todd Terje **It's Album Time**
4 Ty Segall **Manipulator**
5 Tycho **Awake**



## Lilja Katrín Gunnarsdóttir
**VISIR.IS**

1 St. Vincent **St. Vincent**
2 Leonard Cohen **Popular Problems**
3 Thom Yorke **Tomorrow's Modern Boxes**
4 Taylor Swift **1989**
5 Caribou **Our Love**



## Frosti Logason
**X-IÐ 977**

1 Royal Blood **Royal Blood**
2 Aphex Twin **Syro**
3 Crosses **Crosses**
4 FKA Twigs **LP 1**
5 SIA **1000 Forms Of Fear**



## Eva Einarsdóttir
**VARABORGARFULLTRÚI**

1 St. Vincent **St. Vincent**
2 Aphex Twin **Syro**
3 Flying Lotus **You´re Dead**
4 Tv on the radio **Seeds**
5 Caribou **Our Love**



## Björn Teitsson
**FRÉTTABLAÐIÐ**

1 Perfume Genius **Too Bright**
2 Lykke Li – **I Never Learn**
3 Blonde Redhead **Barrágan**
4 Frankie Cosmos – **Zentropy**
5 St. Vincent – **St. Vincent**



## Höskuldur D. Magnússon
**FRÉTTATÍMINN**

1 The War on Drugs **Lost in the Dream**
2 Mac DeMarco **Salad Days**
3 Damon Albarn **Everyday Robots**
4 King Creosote **From Scotland With Love**
5 Real Estate **Atlas**



## Freyr Bjarnason
**FRÉTTABLAÐIÐ**

1 Beck **Morning Phase**
2 The War on Drugs **Lost in the Dream**
3 Jack White **Lazaretto**
4 Aphex Twin **Syro**
5 Royal Blood **Royal Blood**



## Ólafur Páll Gunnarsson
**RÁS 2**

1 Jack White **Lazaretto**
2 The War on Drugs **Lost In The Dream**
3 Neil Young **Storytone**
4 Robert Plant **Lullaby and the Ceaseless Roar**
5 Beck **Morning Phase**

# SPENNANDI BÓKAJÓL




- MÖGNUÐ FRÁSÖGN UNGRAR KONU SEM GERIR UPP LÍF SITT Á GRÝTTRI FJALLASLÓÐ.

- SANNSÖGULEG FERÐASAGA, ALLT Í SENN; ÆVINTÝRALEG, SORGLEG OG DREPFYNDIN.

-SAMNEFND BÍÓMYND VÆNTANLEG MEÐ REESE WITHERSPOON Í AÐALHLUTVERKI.

- ÉG GAT EKKI SETIÐ KYRR. ...LESTURINN VAR ÞVÍLÍK ÞEYSIREIÐ ...BÓKIN ER HVETJANDI, UMHUGSUNARVERÐ OG SVO GÓÐ FYRIR SÁLINA.
(OPRAH WINFREY)

**2.589 KR**

nettó bækur
Kræsingar & kostakjör

Tilboðin gilda 22 - 23. des. 2014

www.netto.is
Mjódd · Salavegur · Hverafold · Grandi · Höfn · Grindavík
Reykjanesbær · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss · Akureyri

markhönnun ehf



**DARK BLOOD (1993)** Þegar leikarinn River Phoenix lést 23 ára að aldri eftir að hafa tekið inn of stóran skammt af vímuefnum var kvikmyndin Dark Blood eftir leikstjórann hollenska George Sluizer skilin eftir í frjálsu falli. Phoenix lék aðalhlutverkið í myndinni sem hafði að mestu verið tekin, en í hana vantaði lokaatriðin. Vegna þessa var erfitt að klára myndina og því lenti hún í glatkistunni.

# 9 TÝNDAR MYNDIR

Hætt hefur verið við sýningu á grínmyndinni The Interview, sem fjallar um tvo bandaríska blaðamenn sem þurfa að ráða Kim Jong-Un, einræðisherra Norður-Kóreu, af dögum. Norður-Kórea er sögð hafa hótað hryðjuverkaárásum á bíóhús þar vestra en hætt var við sýninguna eftir að tölvuþrjótar, sem líklega eru tengdir Norður-Kóreu, brutust inn í tölvukerfi Sony og láku kvikmyndum og tölvupósti. Í tilefni af ritskoðuninni á The Interview tekur Fréttablaðið hér saman nokkrar frægar myndir sem fóru í glatkistuna. Flestar eru enn ófáanlegar en nokkrar þeirra eru til í mismiklum gæðum.



**MEMORY OF THE CAMPS (1945)** Alfred Hitchcock var fenginn til að framleiða þessa heimildarmynd sem klippt var saman úr upptökum bandamanna í útrýmingarbúðum nasista og sýnd við Nürnberg-réttarhöldin. Kvikmyndaráð Bretlands ákvað að gefa hana ekki út þar sem hún gæti valdið fjaðrafoki gegn Þýskalandi og skemmt fyrir enduruppbyggingu eftir stríðið. Hægt er að finna útgáfu af myndinni á YouTube.



**ONE AM (1968)** Franski nýbylgjumeistarinn Jean-Luc Godard hélt til Bandaríkjanna árið 1968, handviss um að byltingin væri handan við hornið. Þar tók hann upp blöndu af leiknum atriðum og heimildarefni, til dæmis tónleika Jefferson Airplane á húsþaki í New York og skáldið Amiri Baraka að spila fríðjass. Byltingin átti sér ekki stað og Godard skildi myndefnið eftir í Bandaríkjunum, sem var svo klippt og hrært saman af tökumanninum D.A. Pennebaker. Hún var sýnd 1972 og féll í gleymsku.



**SUPERSTAR: THE KAREN CARPENTER STORY BY TODD HAYNES (1987)** Todd Haynes, sem hefur sérhæft sig í myndum um rokk- og poppheiminn, gerði stuttmyndina Superstar: The Karen Carpenter Story á níunda áratugnum sem fjallaði um ævi söngkonunnar Karen Carpenter. Myndin er leikin af brúðum en Haynes skar í Barbie-dúkku til að gera hana mjórri og vísa þar með í baráttu Carpenter við anórexíu. Myndin var því aldrei gefin út opinberlega en hægt er að nálgast hana í slöppum gæðum á YouTube.



**COCKSUCKER BLUES (1972)** Í heimildarmyndinni Cocksucker Blues er The Rolling Stones fylgt eftir á tónleikaferðalagi um Bandaríkin eftir að platan Exile on Main St. hafði komið út. Í myndinni er skyggnst baksviðs þar sem saurlífið var mikið en í einni senu sést til dæmis Mick Jagger sniffandi kókaín og í annarri sprautar grúppía sig með heróíni. Hljómsveitin ákvað að myndin væri of vandræðaleg og vildi ekki að hún væri sýnd. Myndin er nú fáanleg í lökum gæðum á netinu.



**SONG OF THE SOUTH (1945)** Myndin Song of the South fjallar um fyrrverandi þrælinn Uncle Remus sem segir nokkrum börnum sögur af kanínunni Br'er Rabbit og vinum hans í Suðurríkjum Bandaríkjanna. Myndin var fordæmd af NAACP, réttindasamtökum svartra og forstjóri Disney, Robert Iger, kallaði hana „nokkuð móðgandi". „Því miður dregur hún upp mynd af friðsælu sambandi meistara og þræls, sem er afbökun á staðreyndunum," sagði í tilkynningu NAACP. Myndin var aldrei gefin út á myndbandi í Bandaríkjunum.



**THE DAY THE CLOWN CRIED (1972)** Bandaríski grínistinn Jerry Lewis spreytti sig á kvikmyndagerð með The Day the Clown Cried árið 1972. Þar lék hann þýskan trúð í útrýmingarbúðum nasista, sem skemmti gyðingabörnum áður en þau voru send í gasklefana. Lewis hætti við að gefa hana út eftir að hann kláraði myndina. „Ég skammaðist mín fyrir verkið og var ánægður með að geta komið í veg fyrir að einhver sæi hana," sagði Lewis.



**WHO KILLED BAMBI? (1978)** 20th Century Fox vildu gera pönkútgáfu af A Hard Day's Night með Sex Pistols á hátindi ferils þeirra. Johnny Rotten og Sid Vicious heimtuðu að „túttumynda"-leikstjórinn Russ Meyer og handritshöfundurinn Roger Ebert myndu gera myndina en þeir gerðu uppáhaldsmynd þeirra Beyond the Valley of the Dolls. Eftir að tökur hófust áttuðu toppar Fox sig á því að myndin yrði allt of gróf þannig að hætt var við hana. Ebert setti handritið á vefsíðu sína árið 2010.



**UNCLE TOM'S FAIRY TALES (1969)** Penelope Spheeris, þekktust fyrir Wayne's World, leikstýrði storkandi grínmynd með Richard Pryor í aðalhlutverki þar sem ríkum, hvítum manni er rænt af Svörtu hlébörðunum, sem rétta yfir honum á táknrænan hátt fyrir kynþáttahatur hvítra Bandaríkjamanna. Pryor rústaði filmunni í rifrildi við eiginkonu sína og ekki hefur náðst að endurklippa myndina síðan.



# Latabæjarspilið

## Jólaspilið er komið í verslanir BÓNUS




## Aðeins 4598 kr.-




DVÍNANDI PLÖTUSALA Aðeins ein plata sem var gefin út á þessu ári hefur farið í gull. Tónlistarmaðurinn Stefán Hilmarsson og þungarokkssveitin Skálmöld nálgast óðum gullsölu. Engin plata hefur selst í líkingu við plötur Mugisons, Ásgeirs Trausta og Of Monsters and Men. Eiður Arnarsson og Ísleifur B. Þórhallsson eru sammála því að plötusala á Íslandi sé á niðurleið.

# Líflína íslenskra tónlistarmanna við það að slitna

**Fréttablaðið tók saman söluhæstu íslensku plötur ársins og heyrði álit sérfræðinga á sviði plötuútgáfu. Engin plata sem kom út skarar fram úr í sölu eins og tíðkast hefur undanfarin ár. Ein ný plata hefur farið í gull.**

**Gunnar Leó Pálsson**
gunnarleo@frettabladid.is



Plötusala hér á landi hefur dregist talsvert mikið saman á milli ára, ef marka má sölutölur frá útgefendum. Á móti hefur stafræn neysla aukist umtalsvert og ber þá notkun Spotify hæst. Fréttablaðið heyrði í tveimur kanónum í plötuútgáfugeiranum, þeim Eiði Arnarssyni, sem er framkvæmdastjóri Félags hljómplötuframleiðenda, og Ísleifi B. Þórhallssyni, markaðsstjóra og framkvæmdastjóra tónlistar- og viðburðasviðs hjá Senu, til þess að fá frekari upplýsingar.

„Plötusala hefur vissulega dregist saman en á sama tíma hefur ákveðin tilfærsla orðið á sölu tónlistar. Stafræn neysla hefur til að mynda aukist mjög mikið. Ef við berum saman tölur frá fyrri hluta ársins 2013 og fyrri hluta ársins 2014, kemur í ljós að stafræn neysla hefur aukist um 200 prósent á Íslandi. Þetta þýðir aukin hlustun á tónlistarveitum og á Íslandi er Spotify vinsælast,“ útskýrir Eiður.

Ísleifur tekur í sama streng. „Plötusalan er á niðurleið, það er alveg greinilegt að geisladiskurinn er að gefa eftir. Hins vegar er diskurinn það „format“ sem tónlistarmenn lifa á, diskasala er eins konar líflína bransans. Það getur ekki nokkur maður lifað af tekjum af stafrænum veitum. Það á alveg eftir að leysa viðskiptahlutann þar hvað varðar tekjur af tónlistarveitum. Draga má þá ályktun að eldra fólkið sé frekar að kaupa geisladiska, það sést þegar við rýnum í þá titla sem eru að seljast. Yngra fólkið er frekar á netinu og á tónlistarveitunum. Sú tónlist sem virkar líklega betur fyrir eldri hópanna er að seljast en við kvörtum ekkert yfir okkar hlut og stöðu í þessu málum. Við erum með flottan katalóg og salan er góð. Það eru samt áhyggjuefni í vændum,“ útskýrir Ísleifur.

Tónlistinn sem gefinn er út vikulega af Félagi íslenskra hljómplötuframleiðanda er nokkuð áreiðanlegur til að sjá heildarplötusölu hér á landi. Í fyrra seldust um 100.000 geisladiskar og hljómplötur en þó nær sú tala eingöngu yfir plötur sem komast á topp-30 listann. Gera má því ráð fyrir að töluvert fleiri plötur en 100.000 eintök seljist árlega. „Við fylgjumst með plötusölu í gegnum Tónlistann og af honum má draga þá ályktun að plötusala sé um 85 prósent af því sem hún var í fyrra,“ bætir Eiður við.

Plötusala á tónleikum er þó ekki inni í Tónlistanum og plötusala hefur aukist mikið á tónleikum. „Það er í mörg horn að líta þegar draga á ályktanir hvað varðar plötusölur,“ segi Eiður. Það sem af er þessu ári er einungis ein plata komin í gull og er það safnplatan SG hljómplötur sem kom út í mars. Þó eru fleiri plötur að nálgast gullplötu eins og platan Með vættum frá Skálmöld og Í desember frá Stefáni Hilmarssyni.

Þetta áhyggjuefni sem þeir Eiður og Ísleifur tala um er ekki eingöngu það að plötusalan er að minnka heldur að nýtt íslenskt efni á nýjum íslenskum plötum selst ekki nógu vel miðað við til dæmis safnplötur og þess háttar.

„Það er áberandi ef maður lítur yfir Tónlistann, þá kemur fram að nýjar plötur með nýju innihaldi eru að seljast minna í ár heldur en í fyrra. Ef litið er á stöðuna á listanum, þá voru níu plötur á topp-tíu listanum í fyrra nýjar plötur með nýjum upptökum. Í sömu viku í ár eru aðeins þrjár plötur á sama topp-tíu lista nýjar plötur með nýju innihaldi. Hin sætin eru ferilsplötur, safnplötur, sem maður skýrir ekki sem ný hljóðrit,“ útskýrir Eiður.

„Eftir áramót mun það líklega blasa við okkur að það er erfitt að gefa út nýja tónlist, sérstaklega að gefa út nýja tónlist á íslensku, menn hafa áhyggjur af slíku. Helsta gulrótin fyrir tónlistarmenn er að meika það erlendis vegna þess að Íslandsmarkaðurinn er í uppnámi vegna þeirra aðstæðna sem upp eru að koma, með tilkomu tónlistarveita og þeirri staðreynd að tekjur af þeim eru ennþá langa vegu frá því ad standa undir kostnaði við gerð nýrra platna. Ég tel þetta líka ekki heppilegan tíma fyrir stjórnvöld að vera að auka virðisaukaskatt á tónlist. Ég hef áhyggjur af nýjum íslenskum plötum með nýrri íslenskri tónlist. Stórir söludagar eru hins vegar fram undan og margt getur gerst í plötusölunni,“ útskýrir Ísleifur.

Árið 2011 og 2012 voru Mugison, Ásgeir Trausti og Of Monsters and Men með mikla yfirburði í plötusölu, sem voru þó nokkuð stór frávik miðað við gang mála framan af. Árið 2011 seldist platan Haglél með Mugison í 32.000 eintökum og árið 2012 seldist platan, Dýrð í dauðaþögn, með Ásgeiri Trausta í 23.000 eintökum og My Head Is An Animal með Of Monsters and Men í 11.000 eintökum.

Spotify var kynnt til sögunnar í apríl 2013 og því er eðlilegt að álykta að plötusala hafi dregist saman vegna tilkomu hennar. Þó skal minna á að þarna dregst ein söluleið saman og önnur stækkar.

➜ Ef við berum saman tölur frá fyrri hluta ársins 2013 og fyrri hluta ársins 2014, kemur í ljós að stafræn neysla hefur aukist um 200 prósent á Íslandi.

➜ Eftir áramót mun það líklega blasa við okkur að það er erfitt að gefa út nýja tónlist, sérstaklega að gefa út nýja tónlist á íslensku, menn hafa áhyggjur af slíku.

## MEST SELDU PLÖTUR ÁRSINS 2014

Safnplatan „**SG hljómplötur**“ sem kom út í mars er eina platan sem kom út á árinu sem hefur náð gullsölu, sem eru **5.000 eintök.**

**Stefán Hilmarsson**
Í DESEMBER
4.500 eintök.

**Skálmöld**
MEÐ VÆTTUM
4.500 eintök.

**Gissur Páll**
ARÍA
4.000 eintök.

**Ragnar Bjarnason**
80 ÁRA
3.500 eintök.

**Ýmsir**
SG JÓLALÖGIN
3.500 eintök.

**Ýmsir**
POTTÞÉTT JÓL
3.500 eintök.

**Ýmsir**
ÓSKALÖG ÞJÓÐARINNAR
3.200 eintök.

**Helgi Björnsson**
ERU EKKI ALLIR SEXÝ
3.000 eintök.

**Ýmsir**
FYRIR BÖRNIN
3.000 eintök.

**Páll Rósinkranz**
25 ÁR
3.000 eintök.

**Valdimar**
BATNAR ÚTSÝNIÐ
3.000 eintök.

**Jón Jónsson**
HEIM
2.500 eintök.

**Dimma**
VÉLRÁÐ
2.000 eintök.

**Amabadama**
HEYRÐU MIG NÚ
2.000 eintök.

**Ýmsir**
INDIE VOLUME 2
2.000 eintök.

*Athugið að tölurnar eru yfir sölu á geisladiskum og hljómplötum. Tölurnar eru frá útgefanda og sýna mögulega ekki alla sölu, því sumir listamenn selja sínar plötur sjálfir á tónleikum. Um námundun er að ræða.*

## SÖLUHÆSTU PLÖTURNAR

2014

**SAFNPLATAN SG HLJÓMPLÖTUR**
*5.000 EINTÖK*

**STEFÁN HILMARSSON Í DESEMBER**
4.500 eintök.

**SKÁLMÖLD MEÐ VÆTTUM**
4.500 eintök.

2013

**BAGGALÚTUR**
**MAMMA PARF AÐ DJAMMA**
6.000 eintök

2012

**ÁSGEIR TRAUSTI**
**DÝRÐ Í DAUÐAÞÖGN**
23.000 eintök

**OF MONSTERS AND MEN**
**MY HEAD IS AN ANIMAL**
11.000 eintök

2011

**MUGISON**
**HAGLÉL**
32.000 eintök.

## ATHYGLISVERÐIR PUNKTAR

- Ef plötusala er skoðuð í gegnum Tónlistann má draga þá ályktun að plötusala í ár sé um 85% af því sem hún var í fyrra.
- Nýtt íslenskt efni á nýjum íslenskum plötum er ekki að seljast nógu vel miðað við til dæmis safnplötur og þess háttar.
- Draga má þá ályktun að eldra fólk sé frekar að kaupa geisladiska, það sést þegar við rýnum í plöturnar sem eru að seljast. Yngra fólkið er frekar á netinu og tónlistarveitunum.
- Stafræn neysla hefur aukist um 200% á Íslandi á milli ára.

# SPORTS DIRECT.com

# ÚTSALA

**-60%** **-40%** **-20%**

OPNUNARTÍMAR:

**10-23 ALLA DAGA - AÐFANGADAGUR 10-14**
**JÓLADAGUR OG ANNAR Í JÓLUM - LOKAÐ**

LONSDALE LONDON · karrimor · PUMA · Slazenger · adidas




facebook WWW.FACEBOOK.COM/SPORTSDIRECTISLAND




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| HORRIBLE BOSSES 2 | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | |
| HORRIBLE BOSSES 2 VIP | KL. 1 - 3:20 - 5:40 - 8 - 10:20 | |
| BIG HERO 6 ÍSL TAL 2D | KL. 1 - 3:20 - 5:40 | L |
| BIG HERO 6 ÍSL TAL 3D | KL. 2 - 4:20 - 6:40 | L |
| BIG HERO 6 ENSKT TAL 2D | KL. 1 - 3:20 - 8 - 10:20 | L |
| BEGIN AGAIN | KL. 8 - 10:20 | 7 |
| THIS IS WHERE I LEAVE YOU | KL. 10:20 | |
| DUMB AND DUMBER TO | KL. 3:20 - 5:40 - 8 | 7 |
| INTERSTELLAR | KL. 9 | |
| ALGJÖR SVEPPI | KL. 1 - 3:20 - 5:40 | L |
| TÖFRAHÚSIÐ ÍSL TAL | KL. 1:20 | L |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | |
|---|---|---|
| HORRIBLE BOSSES 2 | KL. 1 - 3:20 - 5:40 - 8 - 10:20 | |
| BIG HERO 6 ÍSL TAL 2D | KL. 1 - 3:20 - 5:40 | L |
| BIG HERO 6 ÍSL TAL 3D | KL. 2:30 | L |
| BIG HERO 6 ENSKT TAL 2D | KL. 8 | L |
| EXODUS: GODS AND KINGS | KL. 3D: 8 2D: 5 - 10:20 | |
| ALGJÖR SVEPPI | KL. 1 - 3:30 | L |
| INTERSTELLAR | KL. 6:30 - 10 | |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI

| | | |
|---|---|---|
| HORRIBLE BOSSES 2 | KL. 8 - 9 - 10:20 | |
| BIG HERO 6 ÍSL TAL 2D | KL. 6:40 | L |
| BIG HERO 6 ÍSL TAL 3D | KL. 5:40 | L |
| BIG HERO 6 ENSKT TAL 2D | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | L |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| HORRIBLE BOSSES 2 | KL. 8 - 10:20 | |
| NIGHT AT THE MUSEUM 3 | KL. 8 | L |
| BIG HERO 6 ÍSL TAL 3D | KL. 5:40 | L |
| EXODUS: GODS AND KINGS 2D | KL. 10:10 | |
| MÖRGÆSIRNAR FRÁ MADAGASCAR ÍSL TAL 2D | KL. 5:50 | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| HORRIBLE BOSSES 2 | KL. 8 - 10:20 | |
| BIG HERO 6 ÍSL TAL 3D | KL. 5:40 | L |
| BIG HERO 6 ENSKT TAL 2D | KL. 8 - 10:20 | L |
| ALGJÖR SVEPPI | KL. 5:40 | L |


# Scorsese gerir þátt með Jagger

Staðfest hefur verið að leiknir þættir um tónlistariðnaðinn í New York á áttunda áratugnum verða gerðir og sýndir á HBO en á bak við þá eru engir aðrir en leikstjórinn Martin Scorsese og rokkarinn Mick Jagger.



MARTIN SCORSESE

Þátturinn hefur verið í bígerð frá árinu 2011 og mun leggja áherslu á tónlistariðnaðinn á þeim tíma sem pönkið og diskóið var á uppleið og saurlifnaðinn sem því fylgdi, samkvæmt Rolling Stone. Scorsese mun leikstýra fyrsta þættinum og framleiða ásamt Mick Jagger. Terrence Winter mun einnig framleiða en hann er meðal annars þekktur fyrir að framleiða The Sopranos og Boardwalk Empire.

# Hátíðafyllerí

BAKÞANKAR
Berglindar Pétursdóttur



Er enginn annar kominn með leiða á því að jólin standa yfir í þrjá mánuði? Nú erum við búin að vera að undirbúa jólin síðan í október og allir eru löngu komnir með upp í kok af þeim. Ég tala nú ekki um blessað fólkið á auglýsingastofunum sem hefur verið með jólalegheitin á bak við vel snyrt eyrun síðan í ágúst, eða börnin í þróunarlöndunum sem byrjuðu að sníða hinar sívinsælu jólapeysur Primark undir lok sumars. Sjálf er ég byrjuð og búin að vera spennt fyrir bæði janúarútsölunum og páskunum og bíð nú full tilhlökkunar eftir að Iceland Airwaves þarnæsta árs bresti á. Ég ætla samt ekki að tala um hvað jólastress er glatað tvo Bakþanka í röð, fyrirgefiði. Þetta er að sjálfsögðu allt frábært og skemmtilegt. Og ég er þakklát fyrir öll jólalegheitin.

**ÉG** er til dæmis svo heppin að vinna á vinnustað sem gefur starfsfólki ákaflega huggulega jólagjöf og hin elskulega Gunnþórunn í mötuneytinu passar samviskusamlega upp á að það eru alltaf til mandarínur og vanilluhringir. Ég er reyndar búin að þyngjast um svona fjögur kíló síðastliðna tuttugu og tvo daga en þetta eru gleðikíló og treð ég þeim hlæjandi ofan í aðhaldssokkabuxurnar. Þetta er gott og blessað. En samt.

**HÉR** er tillaga að samfélagsjólasáttmála sem ég legg til að verði undirritaður sem fyrst:

**ÁÐUR** en 1. desember gengur í garð er BANNAÐ að auglýsa jólin, hengja upp jólaskraut, spila jólalög, klæðast jólalegum klæðnaði, blístra jólalagsstúf, bjóða jólatilboð, vera jólalegur í fasi, baka jólasmákökur og setja myndir af þeim á Instagram, hafa jólalegt blik í auga og síðast en ekki síst er HARÐBANNAÐ að hengja upp jólagardínur í eldhúsum.

**GERIST** þegn samfélagsins uppvís að broti á sáttmálanum skal hann vinna þrjár vaktir í verslun í verslunarmiðstöð á Þorláksmessu.

**TVEIR** dagar til jóla. Nefið á mér greindist með kvíðaröskun í gær, það finnur skötuveisluna nálgast. Gleðileg jól allir.



ÓSKAR, SVAVA OG ÆVAR



**GÍTARINN Á LOFTI** Jón Jónsson flutti öll sín þekktustu lög á tónleikunum.

# Jólaandinn sveif yfir vötnum

Tónlistarmaðurinn Jón Jónsson steig á svið í Austurbæ á föstudagskvöld ásamt hljómsveit sinni. Nýverið sendu þeir piltar frá sér plötuna Heim og hljómuðu lög af henni á tónleikunum í bland við eldri og þekktari slagara. Ekki var um eiginlega jólatónleika að ræða en engu að síður sveif jólaandinn yfir vötnum. Fjöldi góðra gesta mætti í Austurbæ til þess að hlýða á Jón Jónsson og eins og búast mátti við skemmtu þeir sér einkar vel.



ÓLÖF, SALLÝ OG ALEXANDRA



RAKEL OG ÁSTA



ELMA LÍSA OG SANDRA ÝR



VIÐAR OG MARÍA



ARI OG ALDÍS EVA



ARNÓR OG ELVA

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI


SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ







SMÁRABÍÓ — AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| NIGHT AT THE MUSEUM 3 | KL 3.30 – 5.45 – 8 – 10.15 | L |
| EXODUS 2D | KL 8 - 11 | 16 |
| EXODUS 2D LÚXUS | KL 4.30 – 8 – 11 | 16 |
| MOCKINGJAY – PART 1 | KL 8 – 10.45 | 12 |
| BIG HERO 6 3D | KL 3.15 – 5.30 | L |
| BIG HERO 6 2D | KL 3.15 – 5.30 | L |
| MÖRGÆSIR ÍSL TAL 2D | KL 3.15 | L |
| DUMB AND DUMBER TO | KL 5.30 – 8 – 10.30 | 7 |

HÁSKÓLABÍÓ — AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| NIGHT AT THE MUSEUM 3 | KL 5.30 – 8 – 10.15 | L |
| EXODUS 2D | KL 5.45 – 9 | 16 |
| MOCKINGJAY – PART 1 | KL 8 – 10.40 | 12 |
| DUMB AND DUMBER TO | KL 5.30 | 7 |
| MÖRGÆSIR ÍSL TAL 2D | KL 5.30 | L |
| NIGHTCRAWLER | KL 8 – 10.30 | 16 |

LAUGARÁS BÍÓ — ÞÚ FÆRÐ Coca-Cola Í LAUGARÁSBÍÓI




Tilboð í bíó. Gildir á allar sýningar merktar með rauðu.

| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar | |
|---|---|---|
| NIGHT AT THE MUSEUM 3 | 2, 4:30, 5:50, 8 | L |
| EXODUS 3D | 7, 10(P) | 16 |
| BIG HERO 6 2D | 2, 4:30 | L |
| HUNGER GAMES: MOCKINGJAY | 10 | 12 |
| MÖRGÆSIRNAR 2D | 1:50, 3:50 | L |
| NIGHTCRAWLER | 10:10 | 16 |




BÍÓ ★ PARADÍS HAPPY HOUR Á BARNUM 17-20

Turist Eng sub .................. 20.00
Whiplash ............ 17.45, 22.30
Hross í oss Eng sub .............. 18.00
Mommy ............ 20.00, 22.15
20,000 days on earth .... 20.00
White God ................ 22.00




Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is



# LITLU JÓLIN Í LAUGARÁSBÍÓI

á Þorláksmessu 23. desember



Jólin byrja í Laugarásbíói

**700 kr**

**á allar myndir allan daginn.***




LAUGARÁS BÍÓ

Coca-Cola

NÓI SÍRÍUS

Jólasveinninn verður á staðnum allan daginn og gefur öllum nammipoka frá Nóa Síríus ásamt Svala eða kók frá Vífilfell á meðan húsrúm leyfir.

Tryggðu þér miða á **midi.is** eða í miðasölu Laugarásbíós.

*Tilboðið gildir ekki á forsýninguna á The Hobbit klukkan 20:00.



KRÓNAN

– fyrst og fremst ódýr!

# Opið lengur

**í stærri verslunum Krónunnar:**
Akranesi, Bíldshöfða, Granda, Lindum, Mosfellsbæ,Selfossi og Vestmannaeyjum

Í dag er opið frá kl.

# 10-22

Aðrar verslanir opnar á venjulegum afgreiðslutíma

## Þorláksmessa
Allar verslanir

# 10-23

Nema Vestmannaeyjum og Reyðarfirði 10-22

## Aðfangadagur
Allar verslanir

# 9-13

Sjá nánar á www.kronan.is

Krónan Árbæ · Krónan Bíldshöfða · Krónan Breiðholti · Krónan Granda · Krónan Hvaleyrarbraut · Krónan Lindum · Krónan Mosfellsbæ · Krónan Reykjavíkurvegi · Krónan Vallakór · Krónan Akranesi · Krónan Reyðarfirði · Krónan Selfossi · Krónan Vestmannaeyjum



NÝ UPPSKERA
Hafðu meðlætið með jólamatnum brakandi ferskt
FERSKT MEÐ FLUGI
ALLA DAGA TIL JÓLA!
JÓLAGRÆNMETIÐ – JÓLABERIN – JÓLAKRYDDIÐ

## Stelpurnar mæta Svartfjallalandi



KAREN KNÚTSDÓTTIR

**HANDBOLTI** Íslenska kvennalandsliðið í handknattleik fer ekki auðveldu leiðina á heimsmeistaramótið sem haldið verður í Danmörku að ári.

Dregið var í umspilinu um laust sæti í gær. Ísland var í neðri styrkleikaflokki og því mátti búast við erfiðum andstæðingi.

Hann fékk íslenska liðið líka en stelpurnar spila gegn Svartfjallalandi sem var ríkjandi Evrópumeistari þar til í gær.

Ísland á þó seinni leikinn heima 13. eða 14. júní en liðið verður að ná hagstæðum úrslitum í Svartfjallandi – sá leikur fer fram vikuna á undan. - hbg

## Aron skoraði fimm mörk í tapleik

**HANDBOLTI** Kiel og Rhein-Neckar Löwen eru jöfn í efstu sætum þýska handboltans eftir tap Kiel, 26-22, gegn Flensburg um helgina.

Aron Pálmarsson skoraði fimm mörk fyrir Kiel í leiknum. Kiel og Löwen eru með 32 stig og Flensburg er með 29.

Geir Sveinsson er heldur betur að gera fína hluti með Magdeburg en hans lið er í fjórða sæti deildarinnar eftir 28-19 sigur gegn Erlangen.

Það gengur ekki eins vel hjá liði Dags Sigurðssonar, Füchse Berlin, en liðið er í frjálsu falli niður töfluna og er komið í tíunda sæti eftir tap, 30-25, gegn Bergischer. Arnór Þór Gunnarsson er í stuði í liði Bergischer en hann skoraði átta mörk í leiknum. Hans lið er í þrettánda sæti.

Rúnar Kárason og félagar í Hannover-Burgdorf eru í ellefta sæti þýsku deildarinnar eftir tap, 36-30, gegn Hamburg um helgina. Rúnar skoraði eitt mark í leiknum. - hbg



**Í STUÐI** Aron er kominn aftur af stað eftir meiðsli og er að spila vel. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



**GLEÐI** Þórir fagnar gullverðlaununum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

## Þórir Evrópumeistari

**HANDBOLTI** Noregur tryggði sér í gær Evrópumeistaratitilinn eftir þriggja marka sigur, 28-25, á Spáni í frábærum úrslitaleik í Búdapest.

Það gekk brösuglega hjá norsku stúlkunum framan af en þær náðu að berjast inn í leikinn og voru aðeins tveimur mörkum undir í hálfleik, 12-10.

Hálfleiksræða hins íslenska þjálfara norska liðsins, Þóris Hergeirssonar, hefur verið af dýrari gerðinni því allt annað var að sjá til norska liðsins í síðari hálfleik.

Norsku stelpurnar voru miklu grimmari í öllum sínum aðgerðum og voru fljótlega komnar með frumkvæðið í leiknum. Spenna var undir lokin en taugar norsku stelpnanna brustu ekki. Linn-Kristin Riegelhuth Koren átti stórkostlegan leik í liði Noregs en hún skoraði tíu mörk. Nora Mörk skoraði sjö mörk en hún spilaði frábærlega á þessu móti.

Nerea Pena var sterkust í liði Spánverja með tíu mörk.

Þetta er í sjötta sinn sem Noregur hampar Evrópumeistaratitlinum en EM hefur verið haldið ellefu sinnum.

Þetta er í annað sinn sem Noregur vinnur Evrópumótið undir stjórn Þóris en liðið gerði það einnig árið 2010. Fyrir tveimur árum tapaði norska liðið síðan í úrslitum fyrir Svartfjallalandi.

Fráfarandi meistarar Svartfjallalands unnu ekki til verðlauna á mótinu að þessu sinni, töpuðu bronsleiknum, 25-23, fyrir Svíum.

Isabella Gullden átti enn einn stórleikinn fyrir Svía í gær er hún skoraði sjö mörk. - hbg

# Með tíu Íslendinga í sigtinu

Konrad Wilczynski, framkvæmdastjóri austurríska félagsins West Wien, ætlar að leita fyrst til Íslands í leit sinni að eftirmanni þjálfarans Erlings Richardssonar. Hann dáist að viðhorfi og metnaði íslenskra þjálfara.

**HANDBOLTI** Konrad Wilczynski hefur starfað með íslenskum þjálfurum meira og minna undanfarin tólf ár og því þarf það ekki að koma á óvart að hann ætli sér að ráða Íslending til að þjálfa austurríska liðið SG Handball West Wien þegar Erlingur Richardsson lætur af störfum í sumar. Wilczynski sagðist í samtali við Fréttablaðið vera gáttaður á því hversu margir góðir þjálfarar hafa komið frá Íslandi.

„Okkur í Austurríki hefur ekki tekist að búa til svo góða þjálfara,“ segir hann en Wilczynski er í dag framkvæmdastjóri West Wien, eftir að hafa lagt skóna á hilluna í sumar.

„Ég hef sjálfur langa og góða reynslu af íslenskum þjálfurum og mér líkar við viðhorf þeirra. Þeir virðast geta starfað hvar sem er og með hverjum sem er. Við erum ekki komnir langt á veg í ráðningarferlinu en höfum þó fengið um 50 umsóknir inn á borð til okkar sem við munum skoða betur í janúar,“ segir hann.

### Spilandi þjálfari kemur til greina

Wilczynski segir þó að hann hafi einsett sér að ráða íslenskan þjálfara. „Við munum líta fyrst til Íslands áður en við skoðum aðra þjálfara. Ég þekki marga íslenska leikmenn og þjálfara og hef rætt við þá um marga þjálfara. Ég tel að ég sé með um tíu nöfn íslenskra þjálfara sem koma mögulega til greina í starfið.“

Hann segir einnig að spilandi þjálfarar komi til greina, þó svo að honum hugnist það síður. „Ég útiloka ekki neitt en þeir eru afar fáir sem geta sinnt báðu. Dagur gerði það vel [hjá Bregenz] og ef við finnum einhvern sem kemur til greina munum við skoða það eins og allt annað.“

Erlingur hefur undanfarið eitt og hálft ár starfað hjá West Wien en það er hans fyrsta þjálfarastarf utan Íslands. Wilczynski telur að hann passi vel við þjálfarastarfið hjá Füchse Berlin.

„Ég hef fulla trú á því. Ég studdi hann heilshugar í öllu ferlinu og ræddi margoft við Bob Hanning [framkvæmdastjóra Füchse Berlin] um Erling. Félögin eru lík að því leyti að bæði vilja huga vel að ungum leikmönnum en vera í toppbaráttu í sínum deildum. Það er þó vitaskuld þannig að það er allt miklu stærra í Berlín og því verður þetta mikil áskorun fyrir hann. Ég hef þó engar áhyggjur af öðru en að Erlingi farist starfið vel úr hendi.“

Alls verða fjórir íslenskir þjálfarar starfandi á HM í Katar í næsta mánuði en auk Arons Kristjánssonar, þjálfara íslenska liðsins, verða Dagur Sigurðsson (Þýskaland), Guðmundur Guðmundsson (Danmörk) og Patrekur Jóhannesson (Austurríki) í eldlínunni með sín lið.

### Árangurinn engin tilviljun

„Þetta er afar spennandi og athyglisvert að íslenskir þjálfarar hafi náð jafn langt á alþjóðlegum vettvangi. Það sýnir hversu mikils virt það er á Íslandi að vera handboltaþjálfari og hversu margir hafa einsett sér að ná langt og tekið þjálfaraferilinn föstum tökum. Þeir hafa lagt virkilega mikið á sig til að ná svona langt og því er þetta engin tilviljun.“

eirikur@frettabladid.is



**ÞEKKIR VEL TIL ÍSLENDINGA** Konrad Wilczynski lagði skóna á hilluna í vor en hér er hann í leik með austurríska landsliðinu gegn Íslandi á æfingamóti í Þýskalandi í byrjun ársins. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

## Hefur starfað í tólf ár með íslenskum þjálfurum

Konrad Wilczynski er einn farsælasti handboltamaður sem Austurríki hefur alið en þessi vinstri hornamaður spilaði lengst af með Bregenz í föðurlandinu og svo Füchse Berlin í Þýskalandi. Hann hóf ferilinn með uppeldisfélaginu West Wien, þar sem hann starfar nú sem framkvæmdastjóri eftir að hafa leikið síðustu ár leikmannaferilsins í austurrísku höfuðborginni.

Allt frá 2002 hefur Wilczynski starfað með þremur íslenskum þjálfurum. Fyrstu fjögur árin hjá Bregenz þar sem Dagur Sigurðsson var spilandi þjálfari og svo áfram frá 2008 til 2010 eftir að Dagur tók við austurríska landsliðinu. Á þeim árum var Dagur einnig ráðinn þjálfari Füchse Berlin en þangað fór Wilczynski árið 2006 og spilaði í fimm ár við góðan orðstír. Meðal annars varð hann markakóngur þýsku deildarinnar 2007-8.

Stuttu eftir að Wilczynski sneri aftur til Vínarborgar árið 2011 var Patrekur Jóhannesson ráðinn þjálfari austurríska landsliðsins og lék Wilczynski með því þar til að hann lagði landsliðsskóna á hilluna eftir EM í janúar á þessu ári.



Wilczynski átti stóran þátt í að ráða Erling Richardsson til West Wien í fyrra og ætlar að hefja samstarf við enn einn íslenska þjálfarann í sumar, þegar Erlingur heldur til Füchse Berlin í Þýskalandi.



**BUGAÐUR** Klopp var ekki upplitsdjarfur eftir leik. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

# Við lítum út eins og hálfvitar

Stórlið Dortmund fer í jólafríið í næstneðsta sæti þýsku úrvalsdeildarinnar.

**FÓTBOLTI** Þó svo að Borussia Dortmund hafi unnið sinn riðil í Meistaradeild Evrópu og sé komið í sextán liða úrslit keppninnar gengur nákvæmlega ekkert upp hjá félaginu heima við.

Um helgina tapaði liðið 2-1 gegn Werder Bremen og Dortmund verður því í 17. og næstneðsta sæti deildarinnar yfir jólin sem er ótrúleg staðreynd.

Hið eina jákvæða sem þjálfari liðsins, Jürgen Klopp, gat tekið úr leiknum var sú staðreynd að nú er komið frí í deildinni til 31. janúar. Sá tími verður væntanlega vel nýttur til þess að rífa liðið upp á nýjan leik.

„Ekki meiri fótbolti árið 2014. Það eru bestu fréttir dagsins. Öll gagnrýni sem við höfum fengið er fullkomlega réttmæt. Við lítum út eins og hálfvitar á vellinum og það er engum nema okkur sjálfum að kenna,“ sagði Klopp bugaður eftir leikinn.

„Við getum núna undirbúið okkur í þrjár vikur og svo verður farið í að laga það sem þarf að laga. Það er svo sannarlega mikið sem við þurfum að vinna í.“

Dortmund spilar gegn Bayer Leverkusen 31. janúar. - hbg

# HVER ER ÞINN UPPÁHALDS?






belgian chocolate · pralines & cream · coffee · salted caramel · vanilla · strawberries & cream · baileys · cookies & cream

OPIÐ
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan
& Eiðistorg

24 Hagkaup

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla




# Alfreð tekur ekki bara góðu metin af Pétri

Alfreð Finnbogason bíður enn eftir fyrsta marki sínu í spænsku úrvalsdeildinni en hann hefur ekki skorað í fyrstu ellefu deildarleikjum sínum með Sociedad.

**FÓTBOLTI** Alfreð Finnbogason hefur verið duglegur að taka góðu metin af Pétri Péturssyni en nú er hann búinn að taka eitt „slæmt“ met af Pétri líka. Alfreð varð á laugardaginn fyrsti íslenski sóknarmaðurinn sem nær ekki að skora í ellefu fyrstu leikjum sínum í spænsku úrvalsdeildinni í fótbolta. Alfreð náði ekki að fylgja eftir tveggja marka leik sínum á móti C-deildarliðinu Real Oviedo í bikarnum í vikunni á undan.

Alfreð hefur á síðustu árum tekið metin af Pétri Péturssyni yfir flest mörk á einu almanaksári og flest mörk á einu í tímabili í efstu deild en þau bæði átti Pétur í meira en þrjá áratugi.

Alfreð er fjórði íslenski sóknarmaðurinn sem spilar í spænsku úrvalsdeildinni.

Pétur Pétursson spilaði með Hércules tímabilið 1985 til 1986 og skoraði ekki fyrr en í sínum ellefta leik eða þegar hann kom inn á sem varamaður á móti Celta de Vigo 10. nóvember 1985.

Pétur Pétursson á reyndar enn mínútu-metið en fyrsta mark hans kom ekki fyrr en eftir 685 mínútna leik. Alfreð hefur komið inn á sem varamaður í mörgum leikja sinna með Sociedad í vetur og er því „bara“ kominn með 477 mínútur.

Fyrsta mark Þórðar Guðjónssonar fyrir Las Palmas tímabilið 2000 til 2001 lét ekki bíða eftir sér en hann skoraði í sínum öðrum leik og eftir aðeins 25 mínútna leik. Þórður kom inn á sem varamaður í fyrstu tveimur leikjum sínum og skoraði í leik númer tvö.

Eiður Smári Guðjohnsen var aðeins 13 mínútur að skora í sínum fyrsta leik með Barcelona eftir að hafa komið inn á sem varamaður á móti Celta de Vigo 28. ágúst 2006. Eiður Smári átti það því sameiginlegt með hinum tveimur íslensku sóknarmönnunum að skora sitt fyrsta mark sem varamaður.

Einn annar leikmaður hefur reyndar spilað í spænsku úrvalsdeildinni án þess að skora en miðjumaðurinn Jóhannes Karl Guðjónsson lék 12 leiki með Real Betis á árunum 2001 til 2002.

Næsti leikur Alfreðs og félaga hans í Real Sociedad er ekki fyrr en í byrjun nýja ársins en þá mæta þeir Barcelona á heimavelli sínum 4. janúar.

ooj@frettabladid.is




**METBIÐ EFTIR MARKI** Pétur Pétursson með Hércules 1985 og Alfreð Finnbogason með Real Sociedad í leiknum á móti Levante um helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

## LENGSTA BIÐ ÍSLENSKRA SÓKNARMANNA Á SPÁNI

**Eiður Smári Guðjohnsen skoraði í 1. leik**
**með Barcelona 2006-07**

**Þórður Guðjónsson skoraði í 2. leik**
**með Las Palmas 2000-01**

**Pétur Pétursson skoraði í 11. leik**
**með Hércules 1985-86**

**Alfreð Finnbogason spilar næst sinn 12. leik**
**með Real Sociedad 2014-15**



# SJÓNVÖRP AF ÖLLUM STÆRÐUM OG GERÐUM

DUTY FREE

## DUTY FREE

**Panasonic**

60"

FULLT VERÐ
599.990

DUTY FREE VERÐ
**399.992**

**Panasonic TX60AS800E**
60" 3D Smart VIERA Direct IPS LED sjónvarp með 1920 x1080p upplausn og HEXA-Processing Engine Pro. Local Dimming Pro og Clear Panel Pro. Tveir DVB-T/T2, DVB-S/S2 móttakarar. Skype myndavél innbyggð. Þráðlaus Wi-Fi móttakari. App til að nota með iPhone eða Android símum / spjaldtölvum. Viera Touch Pad fjarstýring og 2 stk 3-D gleraugu fylgja.

32"
FULLT VERÐ 59.990
DUTY FREE VERÐ
UNITED **47.992**

**UNITED LED32X162**
Einfalt og gott 32" sjónvarp með 1366x768p upplausn. Progressive Scan. Stafrænn DVB-T/T2 móttakari. USB, 3x HDMI, Scart, S-video, Digital Coax, PC, heyrnartóls- og RCA tengi. CI kortarauf.

48"
FULLT VERÐ 249.990
DUTY FREE VERÐ
TOSHIBA **149.992**

**Toshiba 48T5463DN**
48" háskerpu LED snjallsjónvarp með 3D, Wifi og 1920x1080p upplausn. DUAL CORE örgjörvi. CEVO Picture. 800hz AMR+. Active 3D og 2 gleraugu fylgja. 2D/ 3D convertion. Stafrænn DVB-T2/C/S2 móttakari. DLNA, Skype möguleiki, Opinn vafri, WiDi 4.0. 4x HDMI. 2x USB. USB upptaka o.fl.

50"
FULLT VERÐ 189.990
DUTY FREE VERÐ
Panasonic **151.992**

**Panasonic TX50AS500Y**
42" Smart VIERA LED sjónvarp með 1920x1080p upplausn og 100 Hz Back Light Blinking. High-Contrast Filter. VIERA Connect - opinn netvafri. Swipe & Share 2.0. Þráðlaus Wi-Fi móttakari. Skype. Stafrænn DVB-C, DVB-T, DVB-T2 móttakari. Apple eða Android síma- / spjaldtölvuapp. Media spilari / USB. 2x HDMI o.fl.

42"
FULLT VERÐ 199.990
DUTY FREE VERÐ
PHILIPS **159.992**

**Philips 42PFS7109**
42" 3D Smart LED TV með Full HD 1920x1080p upplausn. Pixel Precise HD. Dual-Core örgjörvi. Cloud TV og Cloud Explorer. Multiroom TV. Ambilight Spectra 2 bakljós. 600 Hz Perfect Motion Rate. Digital Natural Motion. Easy 3D. 2D-3D conversion. Smart TV nettenging. Wi-Fi Miracast. Þráðlaus Wi-Fi 2x2 móttakari. Ljósnemi. Stafrænn DVB-T/T2/C/S/S2 móttakari. Gerfihnattamóttakari. 2x USB, 4x HDMI tengi o.fl. iPhone/Android síma App. 4 3D gleraugu fylgja.

55"
FULLT VERÐ 499.990
DUTY FREE VERÐ
Panasonic **399.992**

**Panasonic TX55AX630E**
55" 3D Smart VIERA Direct IPS LED sjónvarp. 4K Ultra HD upplausn 3840x2160p upplausn. Dual-Core Plus örgjörvi. 1200 Hz Back Light Scanning. VIERA Connect. Swipe & Share 2.0 / My Home Screen / My Stream. Wi-Fi. Bluetooth. Stafrænn DVB-C, DVB-T, DVB-T2 móttakari. Skype möguleiki. TV Anywhere. Apple eða Android síma- og spjaldtölvu App. USB upptaka. 2x USB. 3x HDMI o.fl.

79"
FULLT VERÐ 1.799.990
DUTY FREE VERÐ
LG **1.439.992**

**LG 79UB980V**
79" 3D Smart LED sjónvarp með Ultra HD 4K 3840x2160p upplausn. 100Hz MCI. TRU-ULTRA HD ENGINE PRO 4K uppskölun. Triple XD Engine. Picture Wizard III. Tru Black Control. TBD birtuskynjari. Dual core örgjörvi. WebOS/ NetCast 4.5 og opinn vafri. LG Cloud, Miracast, X-tra screen, NFC, Wi-Fi Direct. Skype myndavél. Smart TV nettenging með opnum netvafra. Stafrænn DVB-C, DVB-T, DVB-T2, S/S2 móttakari. Gerfihnattamóttakari. 2 x USB 2.0.1x USB 3.0. 4x HDMI. USB upptaka o.fl.

## AFNEMUM VÖRUGJÖLD* AF SJÓNVÖRPUM

SM.IS

# Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • WWW.SM.IS

*Jafngildir 20% verðlækkun. Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 25% vörugjöld af þessum tækjum. Verðlækkunin er alfarið á kostnað Sjónvarpsmiðstöðvarinnar. Í einhverjum tilfellum er verðlækkun enn meiri.






**HETJAN FAGNAR** Martin Skrtl sá til þess að Liverpool fór ekki í jólaköttinn í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

# Skrtel kom til bjargar

## Blóðugur Martin Skrtel kom Liverpool til bjargar í stórleiknum gegn Arsenal í gær. Liverpool var að spila vel en ekkert gengur hjá liðinu að ganga frá leikjum.

**FÓTBOLTI** „Það kom frábær sending frá Lallana. Ég var nýbúinn að klúðra góðu skallafæri og ætlaði því ekki að klúðra þessu. Ég var líka búinn að bíða lengi eftir marki,“ sagði hetja Liverpool í gær, Martin Skrtel, en hann jafnaði leikinn gegn Arsenal í 2-2 á sjöundu mínútu uppbótartíma leiksins.

Níu mínútum var bætt við venjulegan leiktíma eftir að Olivier Giroud steig á höfuð Skrtel snemma í síðari hálfleik. Hann hristi það af sér og steig svo upp þegar mest á reyndi.

Þá voru leikmenn Liverpool meira að segja orðnir tíu en varamaðurinn Fabio Borini hafði nælt sér í tvö heimskuleg gul spjöld á skömmum tíma og lét reka sig út af á annarri mínútu í uppbótartíma. Þeir neituðu að gefast upp og uppskáru eitt stig.

„Þetta voru kannski sanngjörn úrslit en auðvitað er gríðarlega svekkjandi að gefa jöfnunarmark svona undir lokin,“ sagði Arsene Wenger, stjóri Arsenal, eftir leikinn.

„Þetta var hörkuleikur. Handbremsan var á hjá okkur í fyrri hálfleik en þá spilaði Liverpool vel. Við vorum að tapa boltanum allt of snemma en við erum ekki vanir því. Þar af leiðandi fór það í taugarnar á okkur. Það þarf alltaf að verjast hornum í löngum uppbótartíma en það voru vonbrigði að sjá hann einan á auðum sjó og engan að dekka þrátt fyrir her manna á teignum.“

Brendan Rodgers, stjóri Liverpool, var að vonum himinlifandi með að fá stig eftir það sem á undan var gengið.

„Þetta var stórbrotin frammistaða hjá mínu liði. Sendingarnar okkar og hreyfing á mönnum var í hæsta gæðaflokki. Við áttum skilið að vera yfir í hálfleik og mér fannst það ekki vera aukaspyrna sem leiddi til jöfnunarmarksins. Þetta var dýfa hjá Alexis Sanchez að mínu mati og dómarinn kokgleypti þessi tilþrif,“ sagði Rodgers.

„Ég er himinlifandi með þann bolta sem við höfum sýnt gegn Manchester United, Bournemouth og nú Arsenal. Spilamennskan sýnir að við erum að ná fyrri styrk. Liðið sýndi mikinn karakter með því að koma til baka og ég hef ekki yfir neinu að kvarta í þessum leik. Það er samt ekki spurning um að við áttum skilið að vinna þennan leik. Við vorum betri núna en þegar við unnum 5-1 í fyrra. En úr því sem komið var erum við ánægðir með stigið og spilamennskuna.“

henry@frettabladid.is






**SJÓÐHEITUR** Andy Carroll raðar inn mörkum þessa dagana. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

# West Ham á flugi

## Ótrúlegt gengi West Ham hélt áfram um helgina.

**FÓTBOLTI** West Ham fer inn í jólin í Meistaradeildarsæti. Fjórða sætið er þeirra um jólin en það hefur aldrei gerst síðan enska úrvalsdeildin var stofnuð.

West Ham hefur reyndar ekki verið í jafn góðri stöðu síðan árið 1985. Þá var liðið í þriðja sæti í gömlu 1. deildinni. Besta frammistaða West Ham í úrvalsdeildinni er fimmta sætið árið 1999. Liðið komst síðast í Evrópukeppni árið 2007.

„Það er ekki á hverjum degi sem lið brjóta stóra múra sem enginn býst við af liðinu. Fjórða sætið er frábær jólagjöf fyrir okkur og að hafa þegar náð í 31 stig er mikið afrek,“ sagði Sam Allardyce, stjóri West Ham, en það voru gömlu Liverpool-mennirnir Andy Carroll og Stewart Downing sem tryggðu West Ham sigur á Leicester um helgina.

West Ham bíður þó erfitt verkefni eftir jóladag. Á annan í jólum spilar liðið gegn Chelsea og Arsenal bíður tveimur dögum síðar.

„Við eigum að njóta augnabliksins og halda áfram að njóta þess. Vonandi er þetta ekki búið hjá okkur. Í lok janúar ætti að liggja fyrir hvað við getum gert á þessari leiktíð,“ sagði Allardyce.

Eftir sex sigurleiki í röð náði Manchester United aðeins jafntefli gegn tíu leikmönnum Aston Villa.

„Við verðum að vinna svona lið ef við viljum berjast um titilinn,“ sagði Van Gaal, stjóri United. - hbg

# ÚRSLIT

### ENSKA ÚRVALSDEILDIN

**LIVERPOOL - ARSENAL 2-2**
1-0 Philippe Coutinho (45.), 1-1 Mathieu Debuchy (45.+2), 1-2 Olivier Giroud (64.), 2-2 Martin Skrtl (90.+7.).

**NEWCASTLE - SUNDERLAND 0-1**
0-1 Adam Johnson (90.).

**MAN. CITY - CRYSTAL PALACE 3-0**
1-0 David Silva (49.), 2-0 David Silva (61.), 3-0 Yaya Toure (81.).

**TOTTENHAM - BURNLEY 2-1**
1-0 Harry Kane (21.), 1-1 Ashley Barnes (27.), 2-1 Erik Lamela (35.).

**WEST HAM - LEICESTER CITY 2-0**
1-0 Andy Carroll (24.), 2-0 Stewart Downing (56.).

**SOUTHAMPTON - EVERTON 3-0**
1-0 Romelu Lukaku, sjm (38.), 2-0 Graziano Pelle (65.), 3-0 Maya Yoshida (82.).

**QPR - WBA 3-2**
0-1 Joleon Lescott (10.), 0-2 Silvestre Varela (20.), 1-2 Charlie Austin, víti (24.), 2-2 Charlie Austin (48.), 3-2 Charlie Austin (86.).

**ASTON VILLA - MAN. UTD 1-1**
1-0 Christian Benteke (18.), 1-1 Radamel Falcao (53.).

**HULL CITY - SWANSEA 0-1**
0-1 Ki Sung-Yueng (14.).

### STAÐAN

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Chelsea | 16 | 12 | 3 | 1 | 36-13 | 39 |
| Man. City | 17 | 12 | 3 | 2 | 36-14 | 39 |
| Man. United | 17 | 9 | 5 | 3 | 30-18 | 32 |
| West Ham | 17 | 9 | 4 | 4 | 29-19 | 31 |
| Southampton | 17 | 9 | 2 | 6 | 28-13 | 29 |
| Arsenal | 17 | 7 | 6 | 4 | 30-21 | 27 |
| Tottenham | 17 | 8 | 3 | 6 | 22-23 | 27 |
| Swansea | 17 | 7 | 4 | 6 | 22-19 | 25 |
| Newcastle | 17 | 6 | 5 | 6 | 18-23 | 23 |
| Liverpool | 17 | 6 | 4 | 7 | 21-24 | 22 |
| Everton | 17 | 5 | 6 | 6 | 27-27 | 21 |
| Aston Villa | 17 | 5 | 5 | 7 | 11-21 | 20 |
| Stoke City | 16 | 5 | 4 | 7 | 18-21 | 19 |
| Sunderland | 17 | 3 | 10 | 4 | 15-24 | 19 |
| WBA | 17 | 4 | 5 | 8 | 17-23 | 17 |
| QPR | 17 | 5 | 2 | 10 | 20-32 | 17 |
| Crystal Palace | 17 | 3 | 6 | 8 | 19-27 | 15 |
| Burnley | 17 | 3 | 6 | 8 | 12-26 | 15 |
| Hull | 17 | 2 | 7 | 8 | 15-24 | 13 |
| Leicester | 17 | 2 | 4 | 11 | 15-29 | 10 |

Starfsfólk Bókmenntaverðlaun 2014 bókaverslana

# VIÐ KUSUM!

## ÞESSAR ERU OKKAR UPPÁHALDS!




KOK




Rottuborgari




Þín eigin þjóðsaga




Saga þeirra,
sagan mín




Lífríki Íslands




Náðarstund




Eleanor og Park




Svarthvítir dagar




Öræfi




Hafnfirðingabrandarinn

VIÐ PÖKKUM INN FYRIR ÞIG
OG ÞÚ KÍKIR Í TÍMARIT



VILDARKLÚBBUR EYMUNDSSON

FULLT AF JÓLAGJÖFUM!

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 14b, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Faxastíg 36
TRS, Selfossi - Eyrarvegi 37
Flugstöð Leifs Eiríkssonar

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval er mismunandi eftir verslunum. Birt með fyrirvara um prentvillur.

# Real heimsmeistari

Ótrúlegu ári að ljúka hjá Real með fjórða titlinum.

**FÓTBOLTI** Real Madrid tryggði sér um helgina heimsmeistaratitil félagsliða er liðið vann Suður-Ameríkumeistara San Lorenzo, 2-0, í úrslitaleik í Marokkó. Sergio Ramos og Gareth Bale skoruðu mörk Real í leiknum.

Fyrr á árinu var Real búið að vinna Meistaradeildina, spænska Konungsbikarinn og Ofurbikar Evrópu.

Viðureign liðanna var frekar ójöfn og Real hefði hæglega getað unnið enn stærri sigur. Þetta var 22. sigur liðsins í röð. - hbg



**SÆTT** Ronaldo kyssir bikarinn góða. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY







**SILKISLAKUR** Önnur höndin í vasanum og vippað inn að pinna með hinni. Ekkert mál fyrir Palmer. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

# VIPPAR VILJANDI MEÐ ANNARRI HENDI

Jason Palmer er líklega sérstakasti kylfingur heims. Hann er búinn að tryggja sig inn á Evrópumótaröðina þó að hann sé eini atvinnukylfingurinn sem vippar viljandi með annarri hendi. Honum er alveg sama hvernig þetta lítur út.

**GOLF** Saga Englendingsins Jasons Palmer er engri lík. Þúsundir kylfinga berjast ár eftir ár til þess að komast inn á Evrópumótaröðina en þar er Palmer þótt hann slái eins og einhentur maður inn á flatirnar. Hann er fyrsti maðurinn í sögu mótaraðarinnar sem notar aðeins aðra höndina í stutta spilinu.

Þessi þrítugi kylfingur frá Leicester vann sér á dögunum fullan þátttökurétt í Evrópumótaröðinni þar sem nokkrir Íslendingar reyndu meðal annars fyrir sér.

Palmer þótti snemma vera gríðarmikið efni og komst í enska landsliðið er hann var rúmlega tvítugur. Hann spilar ekki svona vegna líkamlegrar fötlunar. Vandamálið er andlegt.

### Stutta spilið var frábært

Kaldhæðnin í þessu öllu saman er sú að stutta spilið var lengi vel hans styrkleiki í golfinu. Þá vippaði hann með báðum höndum.

„Ég byrjaði seint í golfi eða þegar ég var 14 ára gamall. Á einu ári fór forgjöfin hjá mér úr 26 í 15. Ári síðar var ég kominn með fimm í forgjöf,“ segir Palmer.

„Ég tók alveg ótrúlega hröðum framförum. Stutta spilið var alltaf best hjá mér. Ég var lítill og linur þannig að upphafshöggin mín voru stutt og léleg. Ég bætti það alltaf upp með stutta spilinu.“

Æfingar Palmer í kjölfarið fóru í að laga upphafshöggin og það hafði sín áhrif.

„Stutta spilið var mitt vopn. Ástæðan fyrir því að stutta spilið hjá mér hrundi gæti verið að ég var farinn að leggja allt of mikla áherslu á aðra hluti golfsins.“

Hrunið í spilamennskunni hjá Palmer var hratt enda var þetta farið að leggjast á sálina hjá honum.

„Þetta byrjaði allt með einu lélegu vippi. Svo kom annað og áður en ég vissi af var þetta komið í hausinn á mér. Maður á að spila golf með tæran huga. Ég var farinn að hugsa um tækni og ekkert annað. Því meira sem ég hugsaði um þetta þeim mun verra varð stutta spilið hjá mér. Staðan var orðin þannig að ég var orðinn skíthræddur ef ég hitti ekki inn á flöt. Ég vissi nefnilega að ég myndi klúðra vippinu,“ sagði Palmer og rifjar upp sögu frá því að hann var að keppa í Ástralíu með landsliðinu.

### Höggin minntu á tennis

„Ég var á tveimur eða þremur höggum undir pari og hitti ekki flötina. Það sem fylgdi í kjölfarið minnti á tennisleik þar sem ég sló boltann fram og til baka yfir flötina. Ég bara gat ekki fengið boltann til þess að stoppa á flötinni og endaði holuna á átta eða níu höggum,“ sagði Palmer en raunum hans var ekki lokið þar.

„Á móti skömmu síðar var ég á fleygiferð og að vinna með þremur höggum þegar fimm holur voru eftir. Ég átti 64 metra eftir í næstu holu en næsta högg með fleygjárninu fór einn metra. Ég endurtók svo leikinn. Þetta voru erfiðir tímar og árið 2009 var ég orðinn ansi þunglyndur. Ég sat heima hjá mér og grét. Ég sagði við pabba minn að ég gæti þetta ekki lengur. Hann tók þá utan um mig og sagðist hafa trú á mér. Bað mig um að gefast ekki upp.“



**Í SANDINUM** Palmer slær líka upp úr sandinum með annarri og gerir það vel. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

> **„Væri ég kominn í Evrópumótaröðina ef ég væri enn að vippa með báðum höndum? Ekki möguleiki.**
>
> *Jason Palmer*

### Prófaði í örvæntingu sinni

Ári síðar fylltist síðan mælirinn. Þá beið hans stutt vippa og boltinn lá illa. Í örvæntingu sinni ákvað hann að slá kúluna með annarri hendinni og viti menn. Hún stoppaði rétt við holuna.

„Viku síðar er ég að keppa í Austurríki og að æfa mig með góðum vini. Ég fór í vippkeppni við hann, notaði aðra höndina og vann. Þetta var að virka fyrir mig. Þá sagði hann að þetta væri leikur þar sem skorið skipti öllu. Ég ætti ekki að pæla í því þótt ég væri eins og kjáni að slá svona. Næstu vikur spilaði ég besta golf sem ég hef spilað.“

Í upphafi þessa árs var hann kominn inn í áskorendamótaröðina og nú er hann kominn alla leið með nýja stílnum.

„Fólk horfir oft á mig og ég býst við því að þetta líti hálfvitalega út. Væri ég kominn í Evrópumótaröðina ef ég væri enn að vippa með báðum höndum? Ekki möguleiki. Fólk má hlæja eins og það vill að mér, en ég er enn að klípa mig því ég trúi því ekki að ég sé kominn inn á mótaröðina.“ henry@frettabladid.is

Eirberg

LÍFSTÍLL

HOMEDICS

### Nuddpúði með gelhausum HOM-SP1000

Mjúkir gelhausar sem laga sig að líkamanum.
Shiatsu nudd og titringur. Infrarauður hiti.
Fjarstýring með ýmsum stillimöguleikum.

19.750 kr.

Fjölbreytt úrval nuddpúða. Verð frá: 12.950







## Nudd og hiti hafa slakandi og endurnærandi áhrif á líkamann, örva blóðflæði, minnka vöðvaspennu, þreytu og verki.

### Nuddsæti með gelhausum – bak HOM-SGM425H

Shiatsu og rúllandi nudd á bak með mjúkum gelhausum. Infrarauður hiti. Hægt að stoppa nuddhausana á ákveðnum punkti.
Fjarstýring með fjölda stillimöguleika.

35.950 kr.

### Shiatsu þrýstifótanudd HOM-FMSGAH

Mjúkir gelhausar og þrýstingur sem nudda þreytta og auma fætur. Infrarauður hiti.

22.950 kr.





### Blóðrásarörvun fyrir fætur HOM-CB200EU

Minnkar bjúg og bólgu, örvar blóðflæði, dregur úr verkjum og fótkulda.Tækið örvar blóðflæði með því að senda rafboð í gegnum ilina sem veldur vöðvasamdrætti í fótum og fótleggjum. Hentar vel fyrir einstaklinga með skert blóðflæði, bjúgsöfnun, minnkaða hreyfigetu, vöðva- og liðverki, sykursýki og fótapirring. Tækið býður einnig upp á TENS verkjameðferð sem nota má sér eða samtímis meðferð fyrir fætur.
Fjarstýring fylgir.

29.750 kr.




### Nuddsæti með gelhausum - bak og herðar

HOM-SGM606H

Shiatsu og rúllandi nudd á bak og herðar.
Mjúkir nuddhausar úr geli sem líkja eftir höndum. Infrarauður hiti. Hæðarstillanlegur axlarhluti. Fjarstýring með fjölda stillimöguleika.

49.750 kr.

Eirberg Lífstíll, Kringlunni 1. Hæð • Eirberg Heilsa, Stórhöfða 25 • Sími 569 3100 • Opið alla daga til jóla • eirberg.is

**Stöð 2 kl. 18.54**
**Ísland í dag**
Umsjónarmenn fara yfir helstu tíðindi dagsins úr pólitíkinni, menningunni og mannlífinu.



## Í KVÖLD



**Eldsnöggt með Jóa Fel**
**GULLSTÖÐIN KL. 19.50** Ellefta þáttaröðin með sjónvarpskokknum og bakarameistaranum Jóa Fel. Hann snýr nú aftur ferskari en nokkru sinni fyrr til að kenna okkur að elda gómsæta rétti án mikillar fyrirhafnar og af hjartans lyst.



**What to Expect When You are Expecting**
**BÍÓSTÖÐIN KL. 20.05** Rómantísk gamanmynd frá 2012 með Cameron Diaz, Jennifer Lopez, Elizabeth Banks, Chance Crawford, Matthew Morrison, Chris Rock og Dennis Quaid í aðalhlutverkum. Hér er ástin skoðuð með augum fimm ólíkra para sem öll eiga eiga von á barni.



**Vampire Diaries**
**STÖÐ 3 KL. 21.45** Fimmta þáttaröðin um unglingsstúlku sem fellur fyrir strák sem er í raun vampíra og hefur lifað í meira en 160 ár. Hann reynir að lifa í sátt og samlyndi við venjulegt fólk en bróðir hans er ekki alveg eins friðsæll.

**Bylgjan kl. 10.00**
**Ívar Guðmunds**
Ívar Guðmunds er ferskur með þér til klukkan tólf á mánudegi á Bylgjunni.








### STÖÐ 2

**07.00** Barnatími Stöðvar 2
**08.05** Wonder Years
**08.30** 2 Broke Girls
**08.50** Mom
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** The Doctors
**10.15** The Politician's Husband
**11.15** Fókus
**11.45** Falcon Crest
**12.35** Nágrannar
**13.00** Mistresses
**13.45** American Idol
**14.30** American Idol
**15.55** ET Weekend
**16.40** New Girl
**17.00** Bold and the Beautiful
**17.20** Nágrannar
**17.45** Simpson-fjölskyldan
**18.10** Jóladagatal Skoppu og Skrítlu Bestu vinir barnanna, þær Skoppa og Skrítla, opna nýjan glugga í nýju jóladagatali á hverjum degi frá og með 1. desember og fram að jólum á Stöð 2.
**18.23** Veður
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.47** Íþróttir
**18.54** Ísland í dag
**19.11** Veður
**19.20** Mindy Project
**19.45** Mike and Molly
**20.10** Michael Buble's Christmas
**20.55** Peaky Blinders
**22.00** Rush
**22.45** Black Nativity
**00.20** Bam Margera Presents: Where the #$&% Is Santa?
**01.55** Modern Family
**02.25** Stalker
**03.05** The Strain
**03.50** Simpson-fjölskyldan
**04.15** Michael Buble's Christmas in New York
**04.55** Mike and Molly
**05.15** Simpson-fjölskyldan
**05.40** Fréttir og Ísland í dag

### SPORT besta sætið

**07:00** Newcastle - Sunderland
**08:40** Liverpool - Arsenal
**12:40** Man. City - Crystal Palace
**14:20** Newcastle - Sunderland
**16:00** Nottingham Forest - Leeds
**17:40** Liverpool - Arsenal
**19:20** Football League Show
**19:50** Stoke - Chelsea BEINT
**22:00** Messan
**23:15** Stoke City - Chelsea
**00:55** Messan

### SPORT 2 enski boltinn

**13.40** Tottenham - Newcastle
**15.20** Derby - Chelsea
**17.00** Flensburg - Kiel
**18.20** Barcelona - Cordoba
**20.00** Spænsku mörkin
**20.30** Levante - Real Sociedad
**22.10** NBA Home Video - 2005 Spurs Skemmtilegur heimildarþáttur frá NBA.
**23.20** Stjarnan - Njarðvík

### ÍNN

**20.00** Frumkvöðlar **20.30** Panorama **21.00** Fyrirtækjaheimsókir **21.30** Stormað

### STÖÐ 3

**17.00** Wipeout
**17.45** Welcome To the Family
**18.10** One Born Every Minute UK
**19.00** The Amazing Race
**19.50** The Goodwin Games
**20.15** Mind Games
**21.00** The Glades
**21.45** Vampire Diaries
**22.30** Pretty little liars
**23.15** Treme
**00.15** Southland
**01.00** The Amazing Race
**01.45** The Goodwin Games
**02.05** Mind Games
**02.50** The Glades
**03.35** Vampire Diaries
**04.20** Tónlistarmyndbönd frá Bravó

### Krakkastöðin

**07.22** Kalli á þakinu **07.47** Töfrahetjurnar **08.00** Ljóti andarunginn **08.25** Lína langsokkur **08.47** Tommi og Jenni **09.00** Dóra könnuður **09.24** Mörgæsirnar **09.45** Doddi litli **09.55** Rasmus Klumpur **10.00** Áfram Diego, áfram! **10.24** Svampur Sveinsson **10.45** Elías **10.55** UKI **11.00** Ofurhundurinn Krypto **11.22** Kalli á þakinu **11.47** Töfrahetjurnar **12.00** Ljóti andarunginn **12.25** Lína langsokkur **12.47** Tommi og Jenni **13.00** Dóra könnuður **13.24** Mörgæsirnar **13.45** Doddi litli **13.55** Rasmus Klumpur **14.00** Áfram Diego, áfram! **14.24** Svampur Sveinsson **14.45** Elías **14.55** UKI **15.00** Ofurhundurinn Krypto **15.22** Kalli á þakinu **15.47** Töfrahetjurnar **16.00** Ljóti andarunginn **16.25** Lína langsokkur **16.47** Tommi og Jenni **17.00** Dóra könnuður **17.24** Mörgæsirnar **17.45** Doddi litli **17.55** Rasmus Klumpur **18.00** Áfram Diego, áfram! **18.24** Svampur Sveinsson **18.45** Elías **18.55** UKI **19.00** Jóladagatal Skoppu og Skrítlu **19.10** Kalli á þakinu **20.25** Sögur fyrir svefninn

### GULLSTÖÐIN

**16.35** Strákarnir
**17.05** Friends
**17.30** 2 Broke Girls
**17.55** Modern Family
**18.20** Two and a Half Men
**18.45** Sjálfstætt fólk
**19.25** Regína Ósk – Um gleðileg jól
**19.50** Eldsnöggt með Jóa Fel
**20.25** Hið blómlega bú
**21.05** Matarást með Rikku
**21.35** Ameríski draumurinn
**22.20** Um land allt
**22.40** Friends
**23.05** 2 Broke Girls
**23.30** Modern Family
**23.55** Two and a Half Men
**00.20** Sjálfstætt fólk
**00.55** Regína Ósk – Um gleðileg jól
**01.20** Eldsnöggt með Jóa Fel
**01.50** Hið blómlega bú
**02.25** Matarást með Rikku
**02.50** Ameríski draumurinn
**03.35** Um land allt
**03.50** Tónlistarmyndbönd frá Bravó

### BÍÓSTÖÐIN

**08.25** Home Alone: The Holiday Heist
**09.55** The Mask of Zorro
**12.10** What to Expect When You are Expecting
**14.00** In Her Shoes
**16.10** Home Alone: The Holiday
**17.45** The Mask of Zorro
**20.05** What to Expect When You are Expecting
**22.00** From Paris With Love
**23.35** I Am
**01.00** Lawless
**02.55** From Paris With Love

### RÚV

**07.00** Morgunstundin okkar
**10.40** Lotta
**11.55** Bráðskarpar skepnur
**12.45** Hefðarsetur
**13.30** Villt og grænt
**14.00** Chopin til bjargar
**14.50** Lífið, umfram allt
**16.35** Skólaklíkur
**17.20** Spurt og sprellað
**17.25** Um hvað snýst þetta allt?
**17.30** Jesús og Jósefína
**17.50** Turnverðirnir
**18.05** Jólasveinarnir Íslenskt jóladagatal. Jólasveinarnir eru orðnir leiðir á að hanga heima í hellinum hjá Grýlu og Leppalúða og ákveða að finna sér eitthvað skemmtilegt að gera fram að jólum.
**18.15** Táknmálsfréttir
**18.25** Eldað með Ebbu
**19.00** Fréttir
**19.20** Íþróttir
**19.30** Veðurfréttir
**19.35** Kastljós
**20.05** Munaðarleysingjar í náttúrunni Heimildarþáttur frá BBC. Ekki er allt ungviði svo lánsamt að alast upp undir verndarvæng foreldris.
**21.00** Víkingarnir
**21.45** Jólin hjá Claus Dalby
**22.00** Tíufréttir
**22.15** Veðurfréttir
**22.20** Jólatónleikar í Vínarborg 2012
**23.50** Laxveiðar í Jemen
**01.35** Kastljós
**02.00** Fréttir
**02.15** Dagskrárlok

### SKJÁREINN

**06.00** Pepsi MAX tónlist
**08.00** Everybody Loves Raymond
**08.20** Dr. Phil
**09.00** The Talk
**09.45** Red Band Society
**12.45** Red Band Society
**13.35** Parks & Recreation
**14.00** Læknirinn í eldhúsinu
**14.25** Matarklúbburinn
**14.50** Top Chef
**15.35** Minute To Win It Ísland
**16.25** Design Star
**17.10** The Good Wife
**17.50** Dr. Phil
**18.30** The Tonight Show
**19.10** The Talk
**19.50** Rules of Engagement
**20.10** Gordon's Home Cooking Seasonal Selection
**21.00** Hawaii Five-O
**21.45** CSI
**22.30** The Tonight Show
**23.15** The Good Wife
**00.00** Elementary
**00.45** Hawaii Five-O
**01.30** CSI
**02.15** The Tonight Show
**03.05** Pepsi MAX tónlist

### Golfstöðin

**08.00** Golfing World 2014 **08.50** The Open Championship Highlights **16.20** The Open Championship Highlights **16.50** Golfing World 2014 **17.40** PGA Tour 2014 **20.00** 2014 Champions Tour Year in Review **20.55** 2014 PGA Tour Year in Review **21.50** PGA Tour 2014 - Highlights **22.45** 2014 Champions Tour Year in Review

### ÚTVARP

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** XA-Radíó | **FM 90,1** Rás 2 | **FM 95,7** FM957 | **FM 97,7** X-ið | **FM 100,5** K100 |
| **FM 89,5** Retro | **FM 90,9** Gullbylgjan | **FM 96,3** FM Suðurland | **FM 98,9** Bylgjan | **FM 102,9** Lindin |
| | **FM 93,5** Rás 1 | **FM 96,7** Létt Bylgjan | **FM 99,4** Útvarp Saga | |


KitchenAid HRÆRIVÉL + BÖKUNARSETT KitchenAid
LITUÐ
Fjöldi lita
Settið inniheldur 5 vönduð og viðloðunarfrí KitchenAid bökunarform.
FULLT VERÐ... 107.980
( Hrærivél 87.990 + bökunarsett 19.990 )
TILBOÐSVERÐ.. 87.990
FULLT VERÐ.... 104.980
( Hrærivél 84.990 + bökunarsett 19.990 )
TILBOÐSVERÐ... 84.990
HVÍT
PHILIPS
TÖFRASPROTI
550W
VERÐ... 9.995
YONANAS
ÍSGERÐARVÉL
20%
Góð fyrir frysta ávexti
VERÐ ÁÐUR... 12.995
JÓLATILBOÐ .... 9.995
JÓLABÚÐIN ÞÍN
byggtogbúið
KRINGLUNNI • SÍMI 568 9400 • BYGGTOGBUID.IS
WasserMaxx
SÓDAVATNSTÆKI
VERÐ... 14.995
KENWOOD
MATVINNSLUVÉL
750W
VERÐ... 12.995
TRISTAR
SALT- OG PIPARKVÖRN
2 SAMAN Í PAKKA
20%
VERÐ ÁÐUR.... 5.995
JÓLATILBOÐ ... 4.495
Rosenthal
ROSENTHAL VÖRUR Í MIKLU ÚRVALI
JÓLASVEINAR
JÓLASVEINAR
JÓLASVEINAR
JÓLASVEINAR
JÓLASVEINAR
VERÐ... 1.870
KJÚKLINGASTANDUR
WEBER
VERÐ... 6.995
GEORGE FOREMAN
HEILSUGRILLIN
Ný lína með losanlegum plötum
Russell Hobbs
COMPACT
38sm² grillflötur
FULLT VERÐ... 13.995
TILBOÐ ......... 11.995
FAMILY
51sm² grillflötur
FULLT VERÐ... 16.995
TILBOÐ ......... 13.995
ENTERTAINMENT
64sm² grillflötur
FULLT VERÐ... 18.995
TILBOÐ ......... 15.995
TRISTAR
VÖFFLUJÁRN
40%
EKTA BELGÍSKAR
VERÐ ÁÐUR.... 9.995
JÓLATILBOÐ ... 5.995
ÍSLENSKA PÖNNUKÖKU PANNAN
EINS OG AMMA Á
VERÐ..... 9.995
HAMBORGARAPRESSA
EINNIG FYRIR FYLLTA HAMBORGARA
VERÐ ÁÐUR... 2.495
JÓLATILBOÐ .. 1.995
PHILIPS
RAKVÉL
SNÚRU- OG HLEÐSLUVÉL
VERÐ... 9.995
20%
EMSA
KAFFIKANNA
SAMBA
Margir litir
VERÐ ÁÐUR.... 6.495
JÓLATILBOÐ ... 4.955
LE CREUSET
FÆST NÚ
HJÁ OKKUR!
WILFA BLANDARI
1200W TRYLLITÆKI!
VERÐ.. 18.995
DeLonghi
Dolce Gusto
YFIR 30 GERÐIR AF TE, KAFFI OG KAKÓ!
VERÐ ÁÐUR ...17.995
JÓLATILBOÐ ....14.995
NESCAFÉ Dolce Gusto
GREAT COFFEE YOUR WAY
KYNNINGAR ALLA DAGA TIL JÓLA
VERÐ ÁÐUR ... 32.995
JÓLATILBOÐ .... 26.995

## JÓLALAGIÐ



**„Á aðfangadag klukkan sex finnst mér hátíðlegt að heyra lagið Það aldin út er sprungið.“**

Páll Rósinkranz tónlistarmaður.

# Halda tónleika í nánum rýmum í heimahúsum

Sofar Sounds er alþjóðlegt framtak sem er komið til Íslands. Áhorfendur vita ekki hverjir troða upp.

„Ég held að það sem fólk kann að meta við tónleikana okkar sé að áhorfendur vita ekki hver er að fara að troða upp og stundum kemur það á óvart, það gæti verið annaðhvort einhver sem er að feta sig áfram í senunni eða einhver sem er þegar þekktur,“ segir Leana Clothier, ein þeirra sem standa að framtakinu Sofar Sounds. Um er að ræða alþjóðlegt fyrirbæri þar sem tónleikar eru haldnir í nánum rýmum, til dæmis í heimahúsum.

„Tónleikarnir eiga það til að vera hljóðlátir þannig að tónlistarmennirnir sem spila þurfa ekki að keppa við skarkalann í glerflöskum og samræður fólks. Þetta er mjög náin stemning. Vanalega eru tónlistarmennirnir viðstaddir allt kvöldið og fylgjast með hinum sem troða upp.“

**Vanalega eru tónlistarmennirnir viðstaddir allt kvöldið og fylgjast með hinum sem troða upp.**

Seinustu tónleikarnir voru haldnir heima hjá einum aðstandenda Sofar Sounds í Reykjavík en þá tróðu upp Íkorni, Soffía Björk og ástralska sveitin Owls of the Swamp. „Tónleikarnir voru gríðarlega skemmtilegir og svo virðist sem Íkorni hafi virkilega gripið athygli allra!“ - þij



**ÍKORNI** Tróð upp með hljómsveit í heimahúsi. MYND/SCOTT SHIGEOKA




# Rússar afar hrifnir af íslenskum snyrtivörum

Karin Kristjana Hindborg, förðunarfræðingur og eigandi Nola.is, fór til Rússlands á dögunum til þess að kynna hálfíslenska snyrtivörumerkið Skyn Iceland.

Karin Kristjönu Hindborg, dreifingaraðili fyrir hálfíslenska snyrtivörumerkið Skyn Iceland, var á dögunum boðið til Rússlands að kynna línuna fyrir hönd framleiðenda í Bandaríkjunum.

„Þetta var alveg frábær ferð. Ég kynntist fullt af fólki sem tengist förðunar- og tískubransanum,“ segir Karin. Meðal þeirra voru Elena Krygina, einn fremsti förðunarfræðingur Rússlands, og sjónvarpsstjarnan Andre Malakov, sem má segja að sé hin rússneska Oprah Winfrey, en hann ætlar að heimsækja Ísland í janúar.

Skyn Iceland verður meðal annars selt í vefverslun úti sem selur aðrar íslenskar vörur eins og Unu, Sóleyju og Purity Herbs. Að auki verður Skyn selt á snyrtistofunni hjá Büro beauty, þar sem ríka og fræga fólkið í Rússlandi er fastir gestir. Eigandi stofunnar er Miroslava Duma, fyrrverandi ritstjóri rússneska Harpers Bazaar. „Rússarnir eru alveg óðir í íslensku vörurnar. Þeim finnst Ísland svo ótrúlega heillandi og hreint og mér fannst skína í gegn hvað þeir virðast bera mikla virðingu fyrir Íslandi,“ segir Karin.

Auk þess að kynna Skyn Iceland hitti Karin snyrtiritstjóra rússnesku útgáfu tímaritsins Vogue og gerði myndbandsþátt með henni sem fer á heimasíðu þeirra. „Þar sem þau halda ekki upp á jólin, bara nýja árið, þá gerði ég „how-to“ myndband með léttri áramótaförðun fyrir þau með áherslu á húðina og mikilvægi þess að undirbúa húðina fyrir förðun,“ segir Karin. Ferðin tók þrjá daga og var mikil keyrsla.

„Mér skilst að ég sé ekki búin að upplifa Rússland, einungis Moskvu, og það er ekki það sama. Ég hélt að ég myndi sjá mikla fátækt og eymd, það litla sem ég náði að upplifa utan vinnu var hástéttin, það er mikið af ríku fólki í Moskvu og verslanir eftir því. Mesta menningarsjokkið sem ég upplifði var sennilega að sjá mann með Nokia 5110 síma á lestarstöðinni,“ segir Karin aðspurð um aðstæður í Rússlandi.

adda@frettabladid.is



**MIKIL REYNSLA** Karin segir ferðina hafa verið lærdómsríka og að Rússarnir hafi elskað íslensku vörurnar. MYND/ÍRIS DÖGG EINARSDÓTTIR

**Rússarnir eru alveg óðir í íslensku vörurnar. Þeim finnst Ísland svo ótrúlega heillandi og hreint og mér fannst skína í gegn hvað þeir virðast bera mikla virðingu fyrir Íslandi.**

# 12 ára sópran sem elskar Jackson

Benedikt Gylfason, ungur sópransöngvari, syngur á tvennum jólatónleikum.

„Ég hef sungið frá því að ég man eftir mér,“ segir Benedikt Gylfason, 12 ára sópransöngvari sem vakið hefur mikla athygli.

Í fyrra söng hann á Frostrósartónleikum og þann 30. desember næstkomandi syngur hann með stórsöngvurunum Garðari Thor Cortes og Margréti Eiri Hjartardóttur á tvennum jólatónleikum í Grafarvogskirkju.

„Mér finnst mjög gaman að syngja, bæði klassíska tónlist og popptónlist,“ segir Benedikt, en í mestu uppáhaldi hjá honum eru þeir Michael Jackson, Páll Óskar, Garðar Thor Cortes og Kolbeinn Ketilsson. Benedikt er vanur að koma fram því auk þess að syngja hefur hann leikið í Dýrunum í Hálsaskógi, sungið í La Bohème og Carmen og fyrir jólin er hann í jólasýningu Skoppu og Skrítlu.

En hvort finnst honum nú skemmtilegra að leika eða syngja? „Það er rosalega erfitt að gera upp á milli, mér finnst eiginlega skemmtilegast að blanda þessu bara saman,“ segir hann.

Á tónleikunum 30. desember, sem verða kl. 16 og 20, verða sungin þekkt jólalög í hátíðlegum búningi og er Benedikt spenntur að syngja með Garðari. „Við tökum saman lagið Himinganga, en við tókum það líka á Frostrósartónleikunum. Þetta verður bara gaman,“ segir hinn hæfileikaríki Benedikt. - asi



**LEIKUR OG SYNGUR** Benedikt finnst fátt skemmtilegra en að leika og syngja. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# GRÍNISTINN SEM HEFUR GERT ALLT VITLAUST Á ÍSLANDI!

# JIMMY CARR

## Í HÁSKÓLABÍÓI



**22. MARS**

KL. 19.30 - UPPSELT Á 5 MÍNÚTUM!

**AUKASÝNING** 23. MARS

KL. 20.00 - UPPSELT Á 10 MÍNÚTUM!

LATE NIGHT AUKASÝNING 22. MARS KL. 22.30:

# MIÐASALA HEFST Í DAG KL. 10!

WOW air
Doritos
BOLI LÉTTÖL

MIÐASALA Á MIÐI.IS OG Í SÍMA 540 9800
NÁNAR Á WWW.SENA.IS/JIMMY

sena

# FRÉTTABLAÐIÐ

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 **VÍSIR**

**RITSTJÓRN** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **AUGLÝSINGADEILD** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN** Ísafoldarprentsmiðja

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060







## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Minna börn á það fallega

Styrktarfélagið Jógahjartað stóð fyrir útgáfu lags og myndbands nú á dögunum. Laginu, sem heitir Ljósið í mér og er eftir Arnbjörgu Kristínu Konráðsdóttur, er ætlað að minna öll börn (og fullorðna) á það fallega sem býr innra með þeim og auka hamingju, ljós og frið í hjarta. Börn í kór Hörðuvallaskóla sungu lagið en þar hefur verið jógakennsla fyrir öll börn í 1.-4. bekk í haust. Öll vinna við lagið og myndbandið var unnin í sjálfboðavinnu. Textann samdi leikkonan og jógakennarinn **Álfrún Helga Örnólfsdóttir** en hún hefur síðastliðin þrjú ár unnið við að kenna börnum og unglingum jóga. Hægt er að horfa á myndbandið á síðunni jogahjartad.com.



**- fb**

### Kaleo til Akureyrar

Búast má við að Akureyringar og nærsveitarmenn flykkist á Græna hattinn 28. desember þegar **Jökull Júlíusson** og félagar í Kaleo stíga þar á svið. Þetta verða síðustu tónleikar hljómsveitarinnar í bænum í langan tíma. Eins og Fréttablaðið greindi frá á laugardag hefur hljómsveitin gert plötusamning við Atlantic Records og „publishing“-samning við Warner/Chappell. Strákarnir eru að hefjast handa við gerð annarrar plötu sinnar en fyrsta lagið af henni, All the Pretty Girls, fór í spilun í sumar. Það hefur fengið fádæma góðar viðtökur og verið spilað 1,3 milljón sinnum á tónlistarveitunni Spotify.



**- fb**

## Mest lesið vísir

1. Þrettán hestar drukknuðu í Bessastaðatjörn
2. Johnson hetjan í grannaslagnum | Sjáðu markið
3. Þetta elska Íslendingar: Laugardagsdjamm, lakkrís og lati hugsjónamaðurinn
4. Þurftu að beita klippum eftir árekstur á Sæbraut
5. „Hver einasta mínúta frá þessum degi er greypt í hugann“
6. Skíðasvæðin opin víða um land í dag





